12



Kjarnafæði selur 200 tonn af halal-slátruðu lambakjöti til Noregs

24



Dýrin í mestu uppáhaldi

26–27



Landbúnaður á Íslandi stendur frammi fyrir mörgum og stórum áskorunum

# Bændablaðið

3. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 11. febrúar ● Blað nr. 580 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Mikill viðbúnaður var í síðustu viku á Kastrup-flugvelli í Danmörku þegar flugvél frá Air Iceland Connect sótti þangað fjögur þúsund hænuunga, bæði hana og hænur, sem var síðan flogið með á fyrsta farrými til Keflavíkurflugvallar á Íslandi. Ungunum var síðan ekið þaðan beint í einangrunarstöð í Borgarfirði þar sem hlúð er að þeim næstu fjóra mánuði, þegar þeir fara til þeirra bænda sem hafa leyfi til að ala þá. Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri Félags eggja- og kjúklingabænda og Stofnunga, var með í för og fylgdi ungunum til landsins. Ferðin gekk að mestu leyti vel að hennar sögn, fyrir utan tafir á Kastrup-flugvelli sem komu þó ekki að sök. – *Sjá nánar á bls. 4* Mynd / HIldur Traustadóttir

### Sala á íslensku kjöti dróst saman um 5,4%, eða um tæp 1.590 tonn á síðasta ári:

## Svínakjöt er í fyrsta sinn í sögunni komið fram úr íslensku kindakjöti í sölu

### – Alifuglakjötið er þó enn langvinsælast, þrátt fyrir rúmlega 726 tonna samdrátt í sölu á milli ára

**Framleiðsla á kjöti á Íslandi dróst saman um 2,1% á síðasta ári og kjötsalan dróst saman um 5,4%, samkvæmt tölum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Athygli vekur að sala á kindakjöti, sem áður fyrr var langmest selda kjötafurð landsmanna, er nú í fyrsta sinn komin niður í þriðja sæti, á eftir alifuglakjöti og svínakjöti.**

Líkur benda til að gríðarlegur samdráttur í ferðaþjónustu vegna COVID-19 skýri samdrátt í heildarsölu á kjöti að mestu leyti. Ef það er rétt bendir aukning á framleiðslu og sölu á svínakjöti á síðasta ári til þess að aukinni sölu á svínakjöti vegna ferðamanna á árunum fyrir COVID-19 hafi verið að mætt að öllu leyti með innflutningi á svínakjöti og rúmlega það. Enda var samdráttur í framleiðslu og sölu á íslensku svínakjöti á árinu 2019.

***Neyslumynstur breytist en alifuglakjötið enn langvinsælast***

Greinilegt er að neyslumynstur neytenda er að breytast tiltölulega hratt ef bornar eru saman breytingar á sölu á ýmsum kjötafurðum íslenskra bænda á liðnum árum. Þar er alifuglakjötið búið að tróna á toppnum hvað sölu varðar í nokkur ár og kindakjöt hefur verið þar á eftir.

Salan á alifuglakjöti 2020 nam tæplega 9.039 tonnum, en hún var tæplega 9.797 tonn árið 2019. Samdrátturinn í sölu alifuglakjöts nam því rúmum 726 tonnum á árinu 2020, en samt er langsamlega mest selt af þeirri kjöttegund.

***Svínakjötssalan fer fram úr kindakjötinu í fyrsta sinn***

Nú hefur salan á svínakjöti í fyrsta sinn í sögunni farið fram úr sölu á kindakjötinu og er komið í annað sætið. Á síðasta ári voru seld rúmlega 6.810 tonn af svínakjöti frá afurðastöðvum en rúmlega 6.204 tonn af kindakjöti.

Sem dæmi um breytingarnar þá var hlutdeild kindakjöts í sölu 25,4% af heildarsölu á kjöti árið 2017. Það hlutfall er nú komið niður í 22,6% og svínakjötssalan er komin í 24,9% hlutdeild. Alifuglakjötið er samt enn á toppnum með 33% hlutdeild. Í fjórða sæti er svo nautgripakjöt með tæplega 4.668 tonna sölu og 17% hlutdeild. Minnst er, eins og áður, selt af hrossakjöti og dróst salan á því saman um 7,1% á síðasta ári og endaði í rúmum 683 tonnum.

***Aukin svínakjötsframleiðsla vegur upp samdrátt í alifuglakjöti***

Ef litið er á stöðuna í framleiðslu á kjöti er ljóst að samdráttur hefur orðið í framleiðslu á öllum tegundum af kjöti, nema svínakjöti. Mestur var samdrátturinn hlutfallslega í framleiðslu á alifuglakjöti. Þar dróst framleiðslan saman úr rúmum 9.589 tonnum árið 2019 í rúm 9.070 tonn. Þetta er samdráttur upp á 518,9 tonn, eða um 5,4%. Hefur hlutdeild alifuglakjöts af heildarframleiðslunni lækkað úr 30,2% árið 2019 í 29,2% árið 2020. Þessi minnkun í framleiðslu á alifuglakjöti skilar sér öll og rúmlega það í aukinni framleiðslu á svínakjöti. Af því voru framleidd tæplega 6.534 tonn árið 2019, en tæplega 6.813 tonn árið 2020. Hefur hlutdeild svínakjöts í heildarframleiðslu á kjöti á Íslandi aukist úr 20,6% árið 2019 í 21,9%. Í öðrum kjötgreinum eru sáralitlar breytingar á hlutdeild í framleiðslunni.

**Framleiðsla á kjöti íslenskra framleiðenda 2020**

| Afurðir | Framleiðsla á árinu í kg | Breyting frá 2019 | Hlutdeild af heild |
|---|---|---|---|
| Alifuglakjöt | 9.070.211 | -5,4% | 29,2% |
| Hrossakjöt | 1.066.460 | -1,7% | 3,4% |
| Nautgripakjöt | 4.652.476 | -3,6% | 15,0% |
| Sauðfé | 9.476.691 | -2,5% | 30,5% |
| Svínakjöt | 6.812.606 | 4,3% | 21,9% |
| **Samtals:** | **31.078.444** | **-2,1%** | **100,0%** |

**Sala á kjöti íslenskra framleiðenda 2020***

| Afurðir | Sala afurða á árinu í kg | Breyting frá 2019 | Hlutdeild af heild |
|---|---|---|---|
| Alifuglakjöt | 9.038.934 | -7,7% | 33,0% |
| Hrossakjöt | 683.099 | -7,1% | 2,5% |
| Nautgripakjöt | 4.666.785 | -3,1% | 17,0% |
| Sauðfé | **6.204.295** | -12,6% | **22,6%** |
| Svínakjöt | **6.819.109** | 4,4% | **24,9%** |
| **Samtals:** | **27.412.222** | **-5,4%** | **100%** |

**Sala frá afurðastöðvum* *Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið*

***Samdráttur í framleiðslu á kindakjöti og nautakjöti***

Þótt kindakjötsframleiðslan hafi dregist saman úr rúmum 9.719 tonnum árið 2019 í tæp 9.477 tonn árið 2020, eða um tæp 242,4 tonn, lækkaði hlutfall þess í heildarframleiðslunni ekki nema um 0,1%, eða úr 30,6 í 30,5%.

Framleiðslan á nautgripakjöti minnkaði úr tæpum 4.826 tonnum árið 2019 í rúm 4.652 tonn á árinu 2020, sem var 3,6% samdráttur. Hlutdeild þess í heildarframleiðslunni lækkaði þó lítið, eða úr 15,2% í 15%.

Hlutdeild hrossakjötsframleiðslunnar stóð í stað á milli ára í 3,4%, þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu upp á tæp 19 tonn. Þannig voru framleidd rúm 1.085 tonn af hrossakjöti árið 2019 en rúm 1.066 tonn á árinu 2020.

Hefur hrossakjötsframleiðslan haldið sér nokkuð vel eftir mikla aukningu á árinu 2019 þegar framleiðslan jókst um 15,6% á milli ára. Hins vegar hefur salan á innanlandsmarkaði dregist saman um 7,1% og útflutningur dróst líka verulega saman, eða um 10,1%. Kemur þetta fram í töluverði birgðasöfnun á hrossakjöti. */HKr.*

FRÉTTIR

### Endurskoðun rammasamnings ríkis og bænda lokið:

# Tollar eru hluti af starfsumhverfi landbúnaðarins á Íslandi

## – Mælaborð landbúnaðarins og búvörumerki fyrir íslenskar búvörur

**Fimmtudaginn 4. febrúar lauk formlegri endurskoðun rammasamnings ríkis og bænda og þar með hafa allir fjórir búvörusamningarnir sem tóku gildi 1. janúar 2017 verið endurskoðaðir.**

Meðal helstu atriða samningsins má nefna að í honum er kveðið á um að íslenskur landbúnaður verði alveg kolefnisjafnaður árið 2040, ný landbúnaðarstefna verði grunnur endurskoðunar búvörusamninga 2023, mælaborð landbúnaðarins verði sett á fót og útfært verði búvörumerki fyrir íslenskar búvörur.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra og Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, undirrituðu samkomulagið sem byggir á rammasamningnum um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sem gildir út árið 2026.

Bændasamtökum Íslands verður falið að útfæra búvörumerkið, en slíkt merki er að norrænni fyrirmynd. Fjármunir úr rammasamningnum renna til samtakanna til að standa straum af kostnaði við þá vinnu. Í samningnum er ákvæði um tollvernd þar sem kveðið er á um að hún sé hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins.



Frá undirrituninni: Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður samninganefndar ríkisins, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra. Mynd / Golli

### Tollar eru hluti af starfsumhverfi landbúnaðar

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir í tilefni undirritunarinnar að það sé ánægjulegt að loks hafi verið lokið við endurskoðunina, en tæknileg atriði hafi verið umfangsmikil og nýstofnaður Matvælasjóður hafi haft áhrif á samninginn.

„Einnig er mikilvæg grein í samningnum þar sem fram kemur að tollar séu hluti af starfsumhverfi landbúnaðar og þar að auki verður tekið tillit til þróunar á þeim vettvangi. Í hluta af framlagi samningsins, sem rennur beint til Bændasamtakanna, er viðurkennd sú ábyrgð sem samtökin bera gagnvart opinberum aðilum á grundvelli laga. Stuðningur við þróun búvörumerkis fyrir íslenska framleiðslu er einnig hluti rammasamningsins sem er mikilvægt skref fyrir íslenska matvælaframleiðslu,“ segir Gunnar.

### Breytingar á starfsskilyrðum

Í tilkynningu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er haft eftir Kristjáni Þór að um ánægjulegan áfanga sé að ræða.

„Að baki er mikil vinna með umfangsmiklum breytingum á starfsskilyrðum íslensks landbúnaðar til hins betra. Í samkomulaginu sem nú var undirritað er að finna ákvæði sem ég er sannfærður um að muni styrkja undirstöður landbúnaðarins, m.a. ákvæði um að ný landbúnaðarstefna fyrir Ísland, sem mun liggja fyrir í vor, verði grunnur að endurskoðun búvörusamninga árið 2023.

Um leið verður mælaborð landbúnaðarins skref í að skapa betri yfirsýn yfir stöðu greinarinnar á hverjum tíma og útfærsla búvörumerkis fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir að norrænni fyrirmynd verður mikilvægt verkefni í að tryggja sérstöðu íslenskra vara á markaði, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,“ segir Kristján Þór. /smh

# Íslenskt búvörumerki og mælaborð landbúnaðarins

**Í endurskoðuðum rammasamningi á milli ríkis og bænda, um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, sem staðfestur var með undirskriftum á fimmtudaginn er kveðið á um að svokallað mælaborð landbúnaðarins verði sett á fót og að Bændasamtök Íslands hafi umsjón með útfærslu á sérstöku búvörumerki fyrir íslenskar búvörur.**

Í samningnum er tiltekið að frá og með þessu ári renni fjármunir til Bændasamtaka Íslands ár hvert sem eru hugsaðir til að standa straum af kostnaði við gerð, kynningu og atkvæðagreiðslur um búvörusamninga en einnig varðandi verkefni sem samtökum er falin með lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Eitt af slíkum verkefnum er útfærsla og gerð búvörumerkis fyrir íslenskar búvörur sem verði unnið í samræmi við sérstakt samkomulag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands.

### Betri merkingar matvæla

Í skýrslu samráðshóps um betri merkingar matvæla, sem skilað var til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) 9. september 2020, er ein af tillögunum hugmyndin um sérstakt búvörumerki fyrir íslenskar landbúnaðarvörur. Þar er bent á að eitt helsta umkvörtunarefni neytenda á Íslandi varðandi matvælamerkingar sé að það geti verið erfitt að átta sig á því hvort búvara sé úr innlendu eða erlendu hráefni. Ekki sé skylt að merkja unnar kjötvörur og tilbúna rétti með upprunalandi og skyldumerkingar á matvælum oft í smáu letri á mismunandi stöðum á pakkningum. Sumir framleiðendur hafi brugðið á það ráð að hanna eigin upprunamerki fyrir matvörur úr innlendum búvörum.

Hugmyndin, sem sett er fram í samráðshópunum, er að slíkt merki yrði notað á matvörur sem innihalda að lágmarki 70–80 prósent af innlendu hráefni. Sambærileg norræn merki sem notuð eru fyrir Noreg, Svíþjóð og Finnland verði höfð til hliðsjónar.

Norrænu búvörumerkin sem verða höfð til hliðsjónar við útfærslu á því íslenska. Nyt Norg er merki fyrir norskan mat og drykki. Það á að auðvelda neytendum að velja norskar matvörur í verslunum. Merkið staðfestir að hráefnið sé norskt, bóndinn eða framleiðandinn fylgi norskum reglum um framleiðslu og geti sýnt fram á það að maturinn sé framleiddur og pakkaður í Noregi og að kjöt, mjólk og egg séu af 100 prósent norskum uppruna. Fyrir samsettar vörur er krafan um að 75 prósent innihaldsefna, að minnsta kosti, séu af norskum uppruna. Matmerk hefur umsjón með Nyt Norge.

Á bak við sænska merkið Från Sverige standa Swedish Food Federation, Svensk Dagligvaruhandel og Samtök sænskra bænda. Merkið er valfrjálst og í eigu Svenskmärkning AB, sem sér um merkið, sinnir eftirliti, gefur út leyfi til að nota merkið og sinnir markaðssetningu á merkingu. Merkið staðfestir að öll dýr eru fædd, alin og slátruð í Svíþjóð, ræktun fer fram í Svíþjóð, vinnsla og pökkun í Svíþjóð og kjöt, egg, fiskur, skelfiskur og mjólk 100 prósent sænskt. Sérstakar reglur gilda um samsettar/unnar vörur en að minnsta kosti 75 prósent af innihaldi þeirra verður að vera sænskt, til dæmis pylsur, brauð og ávaxtajógúrt.

Finnska merkið Hyvää Suomesta gildir fyrir pökkuð matvæli frá Finnlandi. Það staðfestir að varan er framleidd og pökkuð í Finnlandi, inniheldur að minnsta kosti 75 prósent innihaldsefna frá Finnlandi og að kjöt, fiskur, egg og mjólk eru 100 prósent finnsk. Merkið er valfrjálst og í eigu Ruokatieto Yhdistys ry, sem eru samtök þeirra fyrirtækja sem nota merkið.

### Mælaborðið verður stafrænn upplýsingavettvangur

Í rammasamningnum kemur fram í umfjöllun um mælaborð landbúnaðarins að nauðsynlegt þyki að hafa yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu – meðal annars vegna fæðuöryggis – auk þess sem slíkur gagnagrunnur muni auka gagnsæi.

Samkvæmt upplýsingum úr ANR verður mælaborð landbúnaðarins stafrænn vettvangur sem safnar gögnum frá gagnaveitum og birtir upplýsingar á gagnvirkan og skilmerkilegan hátt. Auk upplýsinga um framleiðslu, sölu og birgðir helstu landbúnaðarafurða verður þar haldið utan um inn- og útflutning, framleiðsluspár, rekstrarumhverfi landbúnaðar og framkvæmd búvörusamninga. Þar verða dregnar saman hagtölur landbúnaðarins sem meðal annars snerta framleiðslu og rekstrarumhverfi landbúnaðar og þeim haldið við á sjálfvirkan hátt.

### Þegar eru til sambærileg mælaborð fyrir ferðaþjónustuna og sjávarútveginn á Íslandi

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að ekki sé tímabært að gefa út hvenær búvörumerkið verði tilbúið. Samráð verði haft við afurðastöðvar í landbúnaði og verkefnið sé í raun rétt að fara af stað. Hann segir að væntingar hefðu verið að mælaborð landbúnaðarins yrði kynnt fyrir síðustu áramót, en það verði væntanlega til umræðu á næsta fundi framkvæmdanefndar búvörusamninga. /smh

FOSSAR EINBÝLISHÚS

Viltu lækka byggingarkostnað?

Fossar einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.



Val á gluggum:
- Timbur
- Ál/timbur
- PVC



Hús á mynd er Foss 5 - 211 fm - Verð kr. 28.341.000.-

EFLA Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN
Landshús - Sími 553 1550 - landshus.is
LANDSHÚS

EYLÍF




# Hrein **íslensk fæðubót** frá **Eylíf**

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni og Nettó*
*Ókeypis heimsending af www.eylif.is*



## GUÐLAUGUR SIGURÐSSON

Loksins get ég staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður stiga



## HRÖNN ÆGISDÓTTIR

Mjög ánægð með árangurinn og virknina af Active JOINTS






## DAGRÚN MJÖLL

Loksins get ég prjónað aftur, ég mæli með Active JOINTS



## GUÐRÚN SIGRÍÐUR

Mun halda mig við Active JOINTS í framtíðinni



## GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Eins og leyst úr fjötrum. Ég mæli með Active JOINTS við alla



## HALLDÓRA B

Active JOINTS hefur breytt líðan minni margfalt til hins betra!

## HEILSAN ER DÝRMÆTUST

HREYSTI LIÐLEIKI STYRKUR

FRÉTTIR

# Dagsgamlir ungar komu til landsins á fyrsta farrými


Flugvél frá Air Iceland Connect lent á Keflavíkurflugvelli með rúmlega fjögur þúsund hænuunga frá Danmörku. Myndir / Erla Hjördís Gunnarsdóttir

**Það var óneitanlega eftirminnilegt að fá innsýn í innflutning á dagsgömlum hænuungum frá Danmörku í síðustu viku sem flogið var til landsins á fyrsta farrými og mikill viðbúnaður var á Reykjavíkurflugvelli við komu þeirra til landsins. Stofnungi, sem flytur ungana inn, hefur þurft að breyta verklagsreglum í kjölfarið af COVID-19, því áður fyrr voru egg flutt inn frá Noregi en vegna sóttvarnareglna var það ekki lengur mögulegt og því þarf að flytja inn dagsgamla unga til landsins.**

Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri Félags eggja- og kjúklingabænda og Stofnunga, var með í för og fylgdi ungunum til landsins frá Danmörku. Ferðin gekk að mestu leyti vel að hennar sögn, fyrir utan tafir á Kastrupflugvelli sem komu þó ekki að sök.

### *Engin frumstofnarræktun í alifuglaeldi á Íslandi*

„Það er engin frumstofnarræktun í alifuglaeldi á Íslandi. Stofnfuglar hafa verið keyptir frá Norðurlöndunum með sérstökum samningi við stofnabú sem sérhæfa sig í ræktun varpfugla og hér var um innflutning á stofnfuglum að ræða. Ferillinn hefur verið sá að kaupa frjóegg, sem fara í einangrunarstöð hér á landi. Úr þessum eggjum koma ungar sem þarf að kyngreina. Þessir ungar eru líka í einangrun þar til búið er að taka blóðsýni sem þarf að senda utan og fá það staðfest að fuglinn sé ekki með sjúkdóma sem finnast ekki hér á landi. Sýnatakan er framkvæmd þegar fuglinn er um það bil átta vikna. Ef allt er í lagi fara fuglarnir til bænda sem hafa pantað fugla og hafa til þess leyfi að rækta áfram þennan stofnfugl,“ segir Hildur.

### *Léttur en dýrmætur farmur*

Vandamál komu upp vegna COVID-19 þar sem reglulegt flug milli landa liggur nánast niðri. Einnig er erfitt að fá starfsmenn sem koma frá Noregi til að kyngreina fuglinn þar sem þeir þurfa að fara í sóttkví við heimkomuna eftir að hafa starfað á Íslandi. Ákveðið var að reyna að flytja til landsins með leiguflugi dagsgamla unga. Samið var við Air Iceland Connect um að annast þennan viðkvæma flutning.

„Á hverju ári þarf ekki nema um það bil fimm til sex þúsund fugla í frumstofni til að anna allri eggjaframleiðslu hér á landi. Í síðustu viku fór flugvél til Kaupmannahafnar til að sækja rúmlega fjögur þúsund unga en hver ungi er ekki nema um það bil 40 grömm svo farmurinn er ekki þungur. Ungarnir klöktust út á stofnabúi á Sjálandi um morguninn. Þetta er varpfuglategund sem kallast Lohmann, bæði hvítur og brúnn stofn, hanar og hænur. Áttatíu fuglar voru settir í hvern kassa og hver kassi er hólfaður niður í fjögur hólf. Ungarnir voru síðan keyrðir á Kastrup-flugvöll þar sem flugvélin beið eftir farminum. Nokkur töf varð í tollafgreiðslu þar sem ekki fékkst leyfi til að aka bílnum, sem ungarnir voru í, á flughlaðið heldur þurfti að setja alla kassana á töskuvagna og keyra þá síðan að flugvélinni. Þarna var ekki verið að hugsa um dýravelferð en kjörhiti fyrir fuglinn er 25 °C til 30 °C. Á flugvellinum var -2 °C, nokkur gola en heiðskírt. Í flugvélinni fór vel um fuglinn, hlýtt og rúmgott. Lent var á Reykjavíkurflugvelli um klukkan tæplega hálf sjö um kvöldið og vélin dregin inn í skýli, þar var kössunum raðað í bíl og keyrt var síðan í einangrunarstöð í Borgarfirði. Mjög vel hefur gengið að koma fuglinum af stað og virðist honum ekki hafa verið meint af þessu ævintýri,“ útskýrir Hildur.

*/ehg*





Mikil skriffinnska og formlegheit fylgja innflutningi á lifandi dýrum. Þar þarf allt að vera samkvæmt ströngustu reglum.


Hildur Traustadóttir komin með kassa í hendur fullan af ungum. Vegna COVID-19 hefur Stofnungi, sem flytur ungana inn, þurft að breyta verklagsreglum, því áður fyrr voru egg flutt inn frá Noregi en vegna sóttvarnareglna var það ekki lengur mögulegt og því þarf að flytja inn dagsgamla unga til landsins. Hún segir félagið flytja inn Lohman-unga einu sinni til tvisvar á ári en betra sé að flytja inn tvisvar út af aldri fuglanna og til að dreifa áhættu.


Í síðustu viku voru um fjögur þúsund dagsgamlir stofnungar fluttir til landsins frá Danmörku, en hver ungi vegur ekki nema í kringum 40 grömm.


Vegna COVID-19 komu upp vandamál varðandi innflutning á eggjum stofnunga frá Noregi þar sem reglulegt flug milli landa liggur nánast niðri. Einnig er erfitt að fá starfsmenn sem koma frá Noregi til að kyngreina fuglinn þar sem þeir þurfa að fara í sóttkví við heimkomuna eftir að hafa starfað á Íslandi. Ákveðið var að reyna að flytja til landsins með leiguflugi dagsgamla unga og samið var við Air Iceland Connect um að annast þennan viðkvæma flutning.


Ungunum komið fyrir í bíl til flutnings í Borgarfjörð. Á hverju ári þarf ekki nema um það bil fimm til sex þúsund fugla í frumstofni til að anna allri eggjaframleiðslu hér á landi en mikill viðbúnaður er við flutning á ungunum þar sem rétt hitastig og aðbúnaður er lykilatriði.




Mest selda dráttarvélamerkið 2020
Eigum vélar til á lager
VALLARBRAUT
SOLIS 26 HST sjálfskipt.
Verð frá 1.755.000+vsk
Með ámoksturstækjum
2.355.000+vsk
SOLIS 90 NARROW 89 hestöfl
Gangstéttarvélin aðeins 145cm
Verð: 5.350.000+vsk
Með frambúnaði 5.960.000+vsk
SOLIS 26 beinsk.
Verð frá 1.480.000+vsk
Með ámoksturstækjum
2.060.000+vsk
SOLIS 50
Verð frá 3.245.000+vsk
SOLIS 75
Verð frá: 4.275.000+vsk
vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði


Tilboð í febrúar
Uppsetning Höfuðborgarsvæði og N-landi
stærðir: sökkull 120x30 steinn h 57x b 77
Hér hvíla hjónin
Einar Magnús Jóhannsson
f. 04. 09. 1926
d. 17. 08. 2016
Hulda Sigurðardóttir
f. 07. 10. 1930
d. 18. 09. 1987
Minning ykkar er ljós í lífi okkar
INNIFALIÐ :
GRAFSKRIFT, LUGT, VASI OG FUGLAR (kopar eða grátt)
BLÓMARAMMI, UPPSETNING Á N-LANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GEYMUM STEINA EF ÓSKAÐ ER
525.000 kr
425.000 án blómaramma
STEINSMIÐJA AKUREYRAR
Njarðarnes 4, Akureyri
s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
minnismerki.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Allir vegir færir

**Glíman við kórónavírusinn hefur nú staðið í rúmlega eitt ár og kostað gríðarlegar fórnir í mannslífum og fjárhag þjóða. Ef menn horfa bjartsýnisaugum á framþróun baráttunnar á Íslandi höfum við sem þjóð alla möguleika til að snúa dæminu hratt í okkar hag og í annarra þágu.**

Það var fyrst í lok desember 2019 sem heilbrigðisyfirvöld í Wuhan í Kína viðurkenndu að tugir höfðu smitast í borginni Wuhan í Hubei-héraði af völdum kórónavíruss sem ylli alvarlegri lungnabólgu í fólki. Í kjölfarið setti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin í gang viðbragðsáætlun til að takast á við sjúkdóminn. Það var þó ekki fyrr en 5. janúar 2020 sem WHO gaf út viðvaranir að um faraldur væri að ræða. Það var svo 11. janúar 2020 sem kínverskur ríkisfjölmiðill staðfesti fyrsta fórnarlamb þessa víruss, sem var sagður vera 61 árs gamall maður sem heimsótt hafði markað með lifandi dýr í Wuhan. Nokkrum dögum seinna, eða 21. janúar, var tilkynnt um smit í Washington-ríki í Bandaríkjunum, Japan, Suður-Kóreu og í Taílandi. Þann 30. janúar 2020 lýsti WHO svo yfir neyðarástandi á heimsvísu, en fyrsta staðfesta smittilfellið á Íslandi var tilkynnt 28. febrúar 2020. Þessi smit leiddu síðan til þess heimsfaraldurs sem við þekkjum sem COVID-19.

Þann 28. janúar síðastliðinn voru staðfest smit á heimsvísu orðin 105,5 milljónir og 2,3 milljónir dauðsfalla í heiminum voru þá rakin til COVID-19. Þar af höfðu 29 látist á Íslandi, en hér voru þá staðfest 6.016 smit. Ljóst má vera af þessum tölum að lykilatriðið til að koma í veg fyrir dauðsföll af völdum veirunnar er að útiloka smit.

Á Íslandi hefur tekist nokkuð vel að hafa hemil á útbreiðslu, þegar strangar reglur hafa verið í gangi. Greinilegt er að strangt eftirlit á Keflavíkurflugvelli með tvöfaldri skimun hefur leitt til þess að Ísland er nú eina landið í Evrópu sem er með grænan lit á válista þjóðanna. Ef það tekst að halda smitum þannig niðri hér á landi, þar til meirihluti þjóðarinnar hefur verið bólusettur má búast við að upp úr því getum við vænst viðsnúnings í atvinnulífinu. Því hlýtur að skipta höfuðmáli að við fáum nægt bóluefni sem fyrst, það er spurning bæði um mannslíf og þjóðarhag. Þarna ber stjórnvöldum að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að þetta gangi sem hraðast fyrir sig.

Um leið og Íslendingar hafa náð að stöðva framgöngu sjúkdómsins og hefja endurreisn efnahagslífsins getum við líka farið að einbeita okkur að því að hjálpa öðrum þjóðum við að ná sama takmarki. Því er okkur afar mikilvægt að ná þeim þrótti sem til þarf sem fyrst. Þar er ágætt að hafa í huga reglur um súrefnisgrímur sem gilda um borð í farþegaflugvélum. Ef við höfum ekki súrefni sjálf þá hjálpum við heldur engum öðrum sem á þurfa að halda. Þetta skiptir nefnilega afar miklu máli og það á alltaf að vera í forgangi.

Sem matvælaframleiðsluþjóð berum við mikla ábyrgð. Það sýndi sig vel í síðustu heimsstyrjöld. Þá höfðum við engan hernaðarmátt, en við gátum samt lagt okkar af mörkum. Við gátum stundað fiskveiðar og landbúnað og nýtt þá framleiðslu til að hjálpa öðrum þjóðum eins og Bretum um matvæli. Í dag erum við enn betur í stakk búin bæði í landbúnaði og fiskveiðum og vinnslu til að sinna þessu mikilvæga hlutverki okkar. Ef við glötum þessu, hjálpum við hvorki okkur sjálfum né nokkrum öðrum. Um leið og við höfum sigrast á veirunni ætti okkur því að vera allir vegir færir. */HKr.*

# Búnaðarþing, rammasamningur og matvælamerki

**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



**Stjórn Bændasamtakanna hefur boðað til Búnaðarþings dagana 22. og 23 mars næstkomandi. Unnið er að undirbúningi þingsins af hálfu starfsmanna og þar er unnið með tvær sviðsmyndir, annars vegar rafrænt þing vegna sóttvarna og hins vegar mögulegt þing á Sögu.**

Við höfum miklar væntingar um að geta haldið þingið sem staðarfund en hugsanlega yrðum við að hafa takmörkun á fjölda gesta umfram þingfulltrúa. Ég vona að þróun smita í samfélaginu verði á þeim grunni að þetta gangi eftir en við munum láta þingfulltrúa vita um framgang mála þegar nær dregur. Eitt mikilvægasta mál þingsins verður breyting á félagskerfi bænda og er unnið að því að funda með stjórnum aðildarfélaganna á næstu dögum og í framhaldi af því verða haldnir fundir á rafrænu formi til hins almenna félagsmanns. Einnig verður umhverfisstefna Bændasamtakanna til umræðu og næstu skref á grundvelli kolefnisjöfnunar til framtíðar.



Frá Búnaðarþingi á Hótel Sögu 2020. Mynd / HKr.

### *Rammasamningur undirritaður*

Þann 4. febrúar síðastliðinn var loksins skrifað undir rammasamning í landbúnaði, sú vinna hefur staðið yfir frá því í júní síðastliðnum. En það sem við erum ánægðust með er að í samningnum er staðfest af hálfu ríkisins að tollar eru hluti af starfsumhverfi landbúnaðarins. Einnig er stefnt að kolefnisjöfnun landbúnaðarins í heild fyrir árið 2040. Þar eru bændur í lykilstöðu þegar talað er um kolefnisspor Íslands, því eins og er að gerast í löndum í kringum okkur þá er samtal milli ríkis og bænda lykilatriði við stefnu þjóða í kolefnisbindingu.

Sóknarfæri eru mikil á þessum vettvangi með eflingu skógræktar og endurheimt vistkerfa og ekki síður í landgræðslu. Ég tel nauðsynlegt að við sem bændur förum að huga að því hvernig við sjáum fyrir okkur framtíðina og hugum að hver verða helstu áhersluatriði við endurskoðun árið 2023. Þar tel ég mikilvægt að allir samningarnir sem eru undir verði endurskoðaðir samhliða þannig að áherslurnar verði samræmdar í öllum samningunum.

### *Íslenskur landbúnaður hafður að leiðarljósi*

Eitt af atriðum í rammasamningi lýtur að fjármunum til sameiginlegs matvælamerkis fyrir íslensk matvæli. Undirbúningur er hafinn við hugmyndafræðina á bak við merkið og leikreglur. Nauðsynlegt er að við vöndum vel til verka í upphafi svo við sem heild getum staðið á bak við merkið með íslenskan landbúnað að leiðarljósi.

Neytendur kalla mikið eftir því að vita hvaðan maturinn kemur og þurfum við að horfa til þess að þeir séu upplýstir, hvort sem þeir versla úti í búð eða neyta matar í mötuneyti eða á veitingastöðum. Allt þetta þarf að kallast á við kolefnisspor, uppruna og heilnæmi matvæla. Að mínu mati eru þetta okkar mestu tækifæri til að bregðast við miklu framboði af innfluttum afurðum þar sem neytandinn er ekki alveg viss við innkaup hvort um íslenska eða erlenda afurð er að ræða.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Grenivík í Grýtubakkahreppi í Eyjafirði. Vinstra megin á myndinni eru undirhlíðar fjallsins Kaldbaks sem er 1.173 metrar að hæð, en myndin er tekin frá Þengilshöfða sem er 260 metrar. Höfðinn er nefndur eftir Þengli mjögsiglandi sem nam land frá Fnjóská til Grenivíkur og bjó í Höfða en Þormóður Þorleifsson nam Grenivík og Hvallátur og strönd alla út til Þorgeirsfjarðar. Þorp tók að myndast á Grenivík upp úr aldamótum 1900. Árið 1964 var tekið til við að byggja höfn norðan við þorpið á Grenivík og olli hún straumhvörfum í útgerð í plássinu.**

LÍF & STARF



Lilja Samúelsdóttir, viðskiptastjóri fyrirtækjamiðstöðvar Landsbankans, og Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri tíndu fyrstu tómatana af grein í nýja gróðurhúsinu í Friðheimum þann 25. janúar. Myndir / Friðheimar

# Tómatar farnir að streyma á markað úr nýja gróðurhúsinu í Friðheimum

**Fyrstu tómatarnir sem ræktaðir voru í nýju gróðurhúsi Friðheima í Reykholti voru tíndir af grein þann 20. janúar síðastliðinn. Það gerðist aðeins átta mánuðum eftir að fyrsta skóflustunga var tekin að þessari 5.600 fermetra byggingu.**

Knútur Rafn Ármann á og rekur gróðrarstöðina Friðheima ásamt eiginkonu sinni, Helenu Hermundardóttir, og börnum þeirra fimm. Hann segir óhætt að segja að verkinu hafi miðað vel.

### *Nutu aðstoðar Landsbankans við framkvæmd verkefnisins*

„Landsbankinn, sem er okkar bakhjarl og viðskiptabanki, hefur staðið með okkur í þessu stóra verkefni, og því var við hæfi að fá þær nöfnur, Lilju Samúelsdóttur, viðskiptastjóra fyrirtækjamiðstöðvar, og Lilju Einarsdóttur bankastjóra til að tína fyrstu tómatana.

Mikill skortur er á íslenskum tómötum þessa stundina og því er uppskeran kærkomin viðbót inn á markaðinn og ættu því neytendur að geta gengið að íslenskum tómötum í verslunum landsins.“

Nýju gróðurhúsin eru 5.600 fermetrar að stærð með pökkun og vörumóttöku og afhendingaraðstöðu sem og fullbúnu uppeldishúsi. Knútur segir að þarna verði hægt að framleiða um 100 kg á fermetra á ári. Ræktunarrýmin í þessari byggingu eru um 4.600 fermetrar, þannig að framleiðsla á tómötum gæti verið nærri 500 tonnum á ári miðað við venjulega tómata. Friðheimar hafa líka verið þekktir fyrir framleiðslu á hinum bragðgóðu piccolotómötum. Knútur segir að uppskera af slíkum tómötum sé þó ekki nema um þriðjungur af því sem hægt er að ná með venjulegum tegundum af sama flatarmáli.

### *Stoltur af auknu framboði á markaðnum*

„Við förum í að færa svolítið til á milli húsa og aukningin mun verða í ræktun á hefðbundnum tómötum, piccolotómötum og plómutómötum. Til að byrja með mun aukningin þó öll vera í hefðbundnum tómötum, enda var orðin mikil vöntun á slíkum tómötum inn á markaðinn og skortur yfir vetrartímann. Sem bóndi var orðið erfitt að horfa upp það að geta ekki sinnt markaðnum og orðið við óskum neytenda. Ég er því bæði glaður og stoltur að hafa geta farið út í þessa stækkun.“

### *Þar hafa hendur staði fram úr ermum*

Margt hefur drifið á dagana síðan búfræðingurinn Knútur og garðyrkjufræðingurinn Helena keyptu Friðheima árið 1995, ákveðin í að flétta saman þær starfsgreinar sem þau höfðu menntað sig í; hestamennsku og garðyrkju. Það hefur allt saman gengið upp og framkvæmt af myndarskap sem tekið hefur verið eftir langt út fyrir landsteinana.



Dóttirin Dórótea og foreldrarnir Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir í nýja húsinu.

### *Í uppbyggingu í aldarfjórðung*

Á árunum 1995–2001 byggðu þau 1.174 fermetra gróðurhús og voru í hefðbundinni ræktun, gerðu upp eldri hús og nýttu til ræktunar.

Á árunum 2002–2006 tóku þau þá ákvörðun að fara í heilsársræktun í tómötum, settu upp lýsingu í eldri hús og byggðu nýtt 1.000 fermetra gróðurhús með fullri lýsingu.

Árin 2007–2013 var svo komið að uppbyggingu á hestamiðstöð og ferðaþjónustu í Friðheimum.

Árið 2011 var garðyrkjustöðin stækkuð um 60% og gestastofa byggð upp í gróðurhúsunum.

Veturinn 2012–2013 var unnið að þróun vörulínu og matarminjagripa úr tómötum og gúrkum.

Árið 2013 var Litla tómatbúðin byggð við gestastofuna. Þar eru matarminjagripirnir seldir og haustið 2014 var síðan sett í loftið vefverslun þar sem hægt er að kaupa og fá sent góðgætið úr Friðheimum.

Árin 2015 2016 hækkuðu þau elstu gróðurhúsin um 1,5 metra til að gera þau samkeppnihæfari í lýsgarræktun.

Í júlí árið 2017 var opnað nýtt og fullkomið aðgerðareldhús í Friðheimum í nýbyggingu sem einnig hýsir skrifstofur Friðheima.

Árið 2018 var byggð véla og verkstæðis skemma.

Vorið 2020 var hafist handa við byggingu á nýju 5.600 fermetra gróðurhúsbyggingu ásamt vörumóttöku og vinnuaðstöðu.

Auk bygginga fyrir framleiðsluna hafa þau hjón þurft að kaupa og byggja húsnæði fyrir starfsmenn. Á árinu 2019 byggðu þau t.d. fjórar íbúðir á Reykholti og eiga nú 16 íbúðir á svæðinu fyrir sitt starfsfólk.

### *Hafa sérhæft sig í tómataræktinni*

Knútur segir að frá upphafi hafi þau að mestu haldið sig við ræktun á tómötum.

„Við höfum þó líka ræktað gúrkur og paprikur og vorum m.a. með gúrkur inn á markaðinn í fyrrasumar. Samt höfum við sérhæft okkur í ræktun á tómötum og viljum halda því áfram.

Í byrjun vorum við með hugmyndir um að útvíkka tómataflóruna og höfum alla tíð verið dugleg að koma með nýjungar. Enda er alltaf gaman að vera með nýjar vörur og vera fersk í hugsun. Þannig höfum við meðal annars framleitt í litlu magni heirloom-tómata sem hafa þó mest verið fyrir veitingastaðinn hjá okkur.“

### *Bíða eftir að COVID linni*

Knútur segir að nú bíði allir eftir því með krosslagða fingur að lokið verði við að bólusetja þjóðina svo lífið geti á ný hafið sinn vanagang. Fyrir COVID-19 faraldurinn voru þau með í vinnu um 50 manns yfir vetrartímann og um 60 yfir sumarið.

Hann segir að síðustu árin hafi þau lagt aukna áherslu á að gera vel við sitt starfsfólk og búa vel að því. Sem dæmi þá settu þau upp líkamsræktar- og frístundaaðstöðu fyrir starfsfólkið. Þannig hafi þeim auðnast að halda vel í sína lykilstarfsmenn sem hafa komið sér vel fyrir í Reykholti. Friðheimabændur eru því tilbúnir til að taka til hendinni þegar starfsemin kemst á fullan snúning í þjóðfélaginu á nýjan leik.

„Hjartað í fyrirtækinu er starfsfólkið okkar og það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að það vilji vera sem lengst með okkur,“ segir Knútur. /HKr.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 267

Í þessum þætti verður haldið fram kynningu á bragarháttum, teknum úr smiðju **Sveinbjarnar Beinteinssonar** á Draghálsi. Ferskeytta formið var ögn kynnt í síðasta þætti, en hér eftir fer sýnishorn úr draghentum rímum Sveinbjarnar. Snilli skáldsins birtist ekki síst í því, að halda sögulegum þræði og meiningu vísnanna þrátt fyrir dýrleika háttanna:

***Draghent:***

*Ef að tími vildi vinnast*
*verður nóg til braga.*
*Skal þá fyrst í máli minnast*
*margra góðra daga.*

***Frumstiklað:***

*Sumar**dagur** sólar**fagur***
*söngvaraddir vakti;*
*samdist **bragur**, hugur **hagur***
*háttaþræði rakti.*

***Frumstiklað/síðbakhent:***

*Ljósar **myndir**, ljúfast **yndi**,*
*líf í **æðum glæða**.*
*Mitt varð **lyndi** fleygt, sem **fyndi***
*fögnuð **gæða-kvæða**.*

***Oddhent:***

*Ljóð á **vör** að léttum **svörum***
*léku, **spör** á trega.*
*Hættu**för** með hróðri **snörum***
*heppnast **öruggl**ega.*

***Fráhent:***

*Foldar **angan** ferða**langi***
*færði unun góða.*
*Nam ég **lönd** á norður**ströndum***
*nýrri tíðar ljóða.*

***Fráhent/ síðbakhent. (Veltilag):***

*Grösug **hlíð**, með gagn og **prýði**,*
*gleði **bjó** mér **nóga**;*
*þá var **bjart** hjá brekku**skarti**,*
*blómskrúð **hló** í **móa**.*

***Þríkveðið. (Þrístikla):***

*Þar ég **mærð** í málið **færði**;*
*menntir **lærði** að vanda.*
*Fornir **þættir**, fagrir **hættir***
*frjálsan **kættu** anda.*

***Bakhent:***

*Kom þá haust og **hlíða prýðin***
*hvarf í **fannir anna**.*
*Mátti stundum **stríða hríðin***
*stefin **þannig banna**.*

***Frumhent:***

*Þegar **aftur** undan klaka*
*andans hlíðar leysast,*
*lífsins **krafta** læt ég vaka;*
*ljóð úr skorðum geysast.*

***Hringhent draghenda:***

*Eigi **kvíðir** ungur hugur.*
*Enn mun **hríðin** dvína.*
*Ver í **stríði** stefjadugur*
*stuðla**prýði** sína.*

***Draghend sléttubönd:***

***Kvæða** létu þrotinn þáttinn*
*þreyttar hendur falla,*
***glæða** skyldi hróðrar háttinn*
*hyggjan viskusnjalla.*

***Draghend sléttubönd, frumstikluð:***

***Víðar lendur** áttu **endur***
*ýmsar vaskar þjóðir.*
***Stríðar hendur** felldu **fjendur**,*
*fagrar vörðu slóðir.*

***Draghend sléttubönd, frumstikluð,síðhend:***

***Norðar héruð** ágæt **eru***
*yndis **blíðu** kafin.*
***Storðar verin** góðu **gréru***
*grænni **prýði** vafin.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

### Áburðarnotkun þjóða heims er mjög mismunandi samkvæmt gögnum Alþjóðabankans:

# Rokkar frá 3 grömmum og upp í tæp 35 tonn á hektara

## – Noregur í 44. sæti árið 2019 með 204 kg á hektara, Ísland í 52. sæti með 180 kg, en Danmörk, Svíþjóð og Finnland með minna

**Tilbúinn áburður hefur leikið stórt hlutverk við að auka uppskeru bænda, einkum í kornrækt í gegnum árin, og ekki er að sjá neinar breytingar á þeirri stöðu samkvæmt spá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Hins vegar hefur framleiðsla og eftirspurn verið nokkuð rokkandi samkvæmt tölum sem byggðar eru á gögnum Alþjóðabankans en athyglisvert hversu áburðarnotkun á hvern ræktaðan hektara er afar mismunandi eftir löndum.**

Samkvæmt spá FAO er búist við að notkun á tilbúnum áburði í heiminum haldi áfram að aukast, en hún var 292.429.000 tonn árið 2016 og var áætluð 315.973.000 tonn á árinu 2021 og 318.652.000 tonn á árinu 2022. Þarna er um tilbúinn áburð að ræða ($N+P_2O_5+K_2O$) sem framleiddur er úr ammoníaki (N), fosfatsýru ($P_2O_5$) og matarsóda eða pottösku $K_2O$.

Helstu framleiðsluþjóðir á tilbúnum áburði eru Kína, Indland og Bandaríkin. Búist er við að áburðarverð á heimsvísu verði nánast óbreytt á árinu 2021 miðað við meðalverð á síðasta ári. Það getur þó oltið nokkuð á framvindu COVID-19.

Samkvæmt gögnum sem byggð eru á tölum Alþjóðabankans var meðalnotkun af tilbúnum áburði að meðaltali á hektara ræktaðs lands í heiminum 107,6 kg árið 2002. Árið 2007 var þessi tala komin í 126,2 kg á hektara. Eftir smá niðursveiflu á árunum 2008 og 2009 rauk notkunin upp í tæp 136 kg á hektara á árinu 2011 og var komin í rúmlega 140 kg á hektara árið 2016. Í flestum ríkjum sem úttekt bankans nær yfir hefur áburðarnotkunin verið að aukast.

### *Frá 4 grömmum og upp í tæp 35 tonn á hektara*

Gríðarlegt misvægi er í notkun einstakra þjóð á tilbúnum áburði, eða frá 4 grömmum á hektara í Nígeríu á árinu 2016 og upp í 30,2 tonn á hektara í Singapúr. Á árinu 2019 var Mið-Afríkulýðveldið í neðsta sæti með 3 grömm á hektara en Singapúr var komið upp í 34,7 tonn árið 2019. Þar er notkunin jafnframt margfalt meiri en hjá Katar, sem er með næstmesta notkun, eða 6,7 tonn á hektara 2016 og tæp 7,5 kg árið 2019.

Notkunin í Singapúr hefur verið gríðarlega sveiflukennd frá 2005 og erfitt að átta sig á hvað veldur eða hversu áreiðanlegar þessar tölur eru. Þannig var notkunin þar rúm 13,7 tonn á hektara árið 2005, rúm 3 tonn árið 2010, rúm 4 tonn árið 2011, rúm 14,2 tonn árið 2012 og rúm 14,4 tonn árið 2013. Þá hrapaði notkunin niður í rúmlega 1 tonn á hektara árið 2014, en rauk svo upp í rúm 33 tonn árið 2015 og fór svo í rúm 30 tonn árið 2016 og 34,7 tonn árið 2019. Á fimm árum hafði áburðarnotkunin þar í landi að meðaltali aukist um 101,2%.

Kúveit var í þriðja sæti árið 2019 með tæp 3,9 tonn á hektara, Malasía í fjórða sæti með tæp 1,8 tonn og Nýja-Sjáland var þá í fimmta sæti með rúm 1,7 tonn á hektara.

Frændur okkar Írar virðast líka hafa notað hressilega mikið af áburði samkvæmt tölum Alþjóðabankans. Þar voru þeir í sjöunda sæti með rúmlega 1,2 tonn á hektara að meðaltali á árinu 2016 og voru komnir upp í sjötta sæti árið 2019 með rétt tæplega 1,4 tonn á hektara.

Margir hefðu eflaust talið að Kínverjar skoruðu hátt á listanum, en Kína var þó aðeins í þrettánda sæti árið 2016 með rúmlega 503 kg á hektara, en datt niður um eitt sæti árið 2019, en samt með meira áburðarmagn, eða 519 kg á hektara.

### *Norðmenn nota mestan áburð af Norðurlandaþjóðunum*

Noregur er í fertugasta sæti árið 2016 með tæp 204 kg á hektara, en var dottið niður í 44. sæti árið 2019 með sama magn, eða 204 kg á hektara. Það þýðir aukningu á fimm ára tímabili um 1%.

Margar Evrópuþjóðir eru þar fyrir ofan. Fast á eftir Noregi komu Sádi-Arabía með tæp 200 kg á hektara árið 2019. Portúgal var þá með 199 kg og Þýskaland með 198 kg á hektara, sem eru svipaðar tölur og 2016.

Ísland var í fertugasta og sjöunda sæti árið 2016 með 181,5 kg á hektara, en var dottið niður í 52. sæti árið 2019 með 180 kg á hektara. Áburðarnotkun hafði að jafnaði heldur verið að aukast á Íslandi frá 2005 en hefur samt verið breytileg milli ára. Þannig var hún ansi mikil árið 2014, eða 201,7 kg á hektara. Á fimm ára tímabili frá 2014 til 2019 dróst áburðarnotkunin þó saman á Íslandi, eða að meðaltali um 2,2%.

Þá var Danmörk í 70. sæti árið 2016 með 131,1 kg á hektara, en var í 73. sæti 2019 með 134,2 kg á hektara. Þar var 2,2% aukning á fimm árum. Svíþjóð er í 87. sæti árið 2016 með 96,3 kg en var komið niður í 90. sæti 2019, þrátt fyrir að hafa aukið við sig í 98,1 kg á hektara.

Finnland er með minnstu áburðarnotkun Norðurlandaþjóðanna og var í 94. sæti árið 2016 með 80,5 kg að meðaltali á hektara, en var komið í 102. sæti með 71,8 kg á hektara árið 2019. Líkt og á Íslandi dróst áburðarnotkunin saman í Finnlandi á fimm ára tímabili, eða um 3,5%.




**Þetta kort sýnir áburðarnotkun eftir löndum á árinu 2016. Síðan hefur áburðarnotkun aukist í fjölmörgum löndum, en dregist saman á Íslandi og í Finnlandi.**



**Sumar þjóðir eru stórtækari en aðrar í notkun tilbúins áburðar, en notkun á slíkum áburði hefur aukist stórlega á undanförnum árum.** Mynd /SAMAA

### *Bandaríkin með mun minni áburðarnotkun en Norðurlandaþjóðirnar*

Athygli vekur að Bandaríkin eru talsvert langt á eftir okkur Íslendingum, eða í 64. sæti árið 2016 með 138,6 kg á hektara og höfðu fallið niður í 67. sæti árið 2019 þrátt fyrir aukna notkun, eða 142,8 kg á hektara.

### *Rússar ekki stórtækir í áburðarnotkun*

Stærsta land heims skorar ekki ýkja hátt í áburðarnotkun á heimsvísu og má því væntanlega telja nokkuð vistvænt hvað það varðar. Þannig var Rússland í 126. sæti með 18,5 kg á hektara á árinu 2016 og var komið niður í 131. sæti árið 2019 með nánast sama áburðarmagn, eða tæp 18,8 kg á hektara.

### *Mikil áburðarnotkun skapar ójafnvægi í náttúrunni*

Hefur mikil áburðargjöf leitt til spurninga um ofnýtingu og niðurbrots lands og mengunar áburðarefna út í grunnvatn, ár, stöðuvötn og innhöf. Þörungablómi á grunnsævi og í stöðuvötnum er t.d. vaxandi vandamál. Þá er ljóst að með mjög mikilli áburðarnotkun hættir landbúnaður að vera sjálfbær.

Annar vandi við aukna áburðarframleiðslu er notkun jarðefnaeldsneytis við framleiðsluna með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Nú er hins vegar farið að leggja meiri áherslu á notkun endurnýjanlegra orkugjafa við áburðarframleiðsluna.

### *Stóraukin vetnisframleiðsla gæti mögulega lækkað áburðarverð*

Vandinn við áburðarframleiðsluna hefur verið að framboð efna sem til þarf hefur vart haldist í hendur við eftirspurnina. Á þessu er að verða töluverð breyting, m.a. með gríðarlegum áformum um aukna vetnisframleiðslu víða um heim sem er forsendan fyrir aukinni ammoníaksframleiðslu. Ástæðan fyrir auknum áherslum á vetnisframleiðslu er þó ekki síst hugmyndir um að stórauka notkun vetnis sem orkugjafa í þungaflutningum. Það ætti að geta leitt til lækkunar á áburðarverði þegar fram í sækir sem leiðir þá líklega til aukinnar notkunar.

Reyndar lækkaði verð á tilbúnum áburði (NPK) á síðasta ári samkvæmt tölum Alþjóðabankans. Ástæðan var að verulegum hluta rakin til COVID-19 faraldursins og lækkunar á eldsneytisverði sem fór reyndar að hækka umtalsvert í árslok. Þá var faraldurinn líka talinn leiða til minni eftirspurnar eftir áburði og samdráttar í framleiðslu matvæla sem geti farið að ógna fæðuöryggi þjóða heims. Um leið er talað um matvælasóun þar sem um þriðjungur matvælaframleiðslu heimsins ýmist eyðileggst eða er hent. /HKr.

# Áburðarsalar segja verðhækkanir í samræmi við gengisþróun

**Áburðarsalar sem flytja inn tilbúinn áburð til túnræktar hafa nú allir birt vörulista sína og verðskrár. Eins og við mátti búast hækkar áburður svolítið frá því í fyrra hjá flestum, sem skýrist af gengisþróun íslensku krónunnar.**

Jóhannes Baldvin Jónsson hjá Líflandi segir að útsöluverð á áburði þeirra sé með svipuðum hætti og á síðasta ári.

„Líf áburðurinn hjá Líflandi er gæða fjölkorna áburður framleiddur af Glasson Fertilizers í Bretlandi, samkvæmt evrópskum stöðlum. Áburðurinn er blandaður í einni af blöndunarstöðvum Glasson Fertilizers í Montrose í Skotlandi. Mikil áhersla er lögð á gæðaþáttinn og frágang sekkja til að tryggja að varan sé í lagi fram að dreifingu,“ segir Jóhannes Baldvin.

„Á vörulista Líflands er nú 21 vörutegund, meðal annars nokkrar tegundir með húðuðu H-N úrefni sem er hagkvæmur valkostur hvað köfnunarefni snertir. Einnig eru í boði tegundir meðhöndlaðar með NutriCharge sem eykur aðgengileika fosfórs og minnkar fastbindingu hans. Ein- og tvígildum vörutegundum hefur verið fjölgað frá því í fyrra, auk þess sem þétt hefur verið í raðirnar í öllu úrvalinu til að mæta efnaþörfum sem flestra. Líf áburðurinn er gerður fyrir íslenskar aðstæður og við hvetjum bændur til þess að fá tilboð frá okkar sölumönnum,“ segir Jóhannes Baldvin.





**Eins og við mátti búast hækkar áburður svolítið frá því í fyrra hjá flestum áburðarsölum, sem skýrist af gengisþróun íslensku krónunnar.** Mynd / HKr.

### *Hækkandi heimsmarkaðsverð*

Einar Guðmundsson segir að Búvís bjóði upp á breiða vörulínu, sem nánast aldrei er eins á milli ára. „Verðið er mjög svipað í erlendri mynt og á síðasta ári, en svolítið mismunandi milli tegunda. Hækkunin er um sjö til 12,5 prósent á milli ára og skapast það aðallega af veikingu íslensku krónunnar síðasta árið. Þróun áburðarverðs á heimsmarkaði er almennt sú að áburðarverð fer hækkandi þegar líður nær vori og er lægst á hausti,“ segir Einar.

Lúðvík Bergmann hjá Skeljungi segir verðlista Spretts áburðar endurspegla verðhækkanir erlendis og gengisþróun.

„Við hvetjum bændur til þess að ganga sem fyrst frá pöntunum því markaðurinn er mjög kvikur um þessar mundir. Við erum stolt af litlu kolefnisspori Spretts áburðar, sem við teljum að sé líklega „grænasti áburður“ sem völ er á hér á landi.

Við erum með tvær nýjar Sweet-Grass tegundir, hlaðnar næringarefnum, innihalda NPK, brennistein, kalk, magnesíum, selen og natríum,“ segir Lúðvík.

Elías Hartmann hjá Sláturfélagi Suðurlands segir að verðskrá fyrir Yara áburð taki mið af verðhækkunum á hráefnum til áburðarframleiðslu í haust og gengisþróunar krónu.

„Yara gaf út verðskrá í september og síðan óbreytta verðskrá í desember þegar lokið var samningum um viðbótarmagn fyrir vorið. Verð á hráefnum til áburðarframleiðslu og á tilbúnum áburði hefur hækkað á undanförnum vikum og margt sem bendir til þess að svo verði áfram fram til vors.

Allur Yara áburður er einkorna þar sem öll næringarefnin eru í hverju korni. Í vor bjóðast fimm tegundir sem innihalda selen en mikilvægt er að viðhalda góðri selenstöðu gróffóðurs. Við leggjum áherslu á að bjóða bændum Dolemit Mg-kalk í lausu en niðurstöður heysýna hjá bændum sem aukið hafa kölkun hafa skilað sér í betra steinefnainnihaldi gróffóðurs og betri fosfórstöðu,“ segir Elías. /smh

RARIK:

# Lagði 155 km af ljósleiðurum samhliða jarðstrengjum

**RARIK endurnýjar að jafnaði um 200 km af dreifikerfi fyrirtækisins á hverju ári og fækkar þannig loftlínum jafnt og þétt fyrir jarðstrengi sem leysa þær af hólmi.**

Á síðasta ári var fjármagn til strengvæðingar aukið enn frekar og voru yfir 300 kílómetrar af jarðstrengjum lagðir þannig að nú eru um 67% af dreifikerfi RARIK komin í jörðu. Þetta kemur fram á vefsíðu RARIK.

Þetta hefur m.a. leitt til þess að truflunum vegna veðurs hefur fækkað til mikilla muna. Önnur jákvæð áhrif eru þau að töluvert hefur verið plægt af ljósleiðurum niður með jarðstrengjunum. Sveitarfélög og fjarskiptafyrirtæki hafa nýtt sér samlegðaráhrifin sem felast í að hægt er að plægja samtímis bæði jarðstrengi og ljósleiðara. Þannig voru á síðasta ári plægðir samtals um 155 km af ljósleiðurum á veitusvæði RARIK.

***Jarðstrengir í stað loftlína***

Áformað er að verja tæplega 2,4 milljörðum króna til endurnýjunar og aukningar á dreifikerfum til sveita á þessu ári, með jarðstrengslögnum og jarðspennistöðvum og til dreifikerfis í þéttbýli áætlar RARIK að verja 580 milljónum króna.

Lokið verður við 33 kV jarðstrenglögn til Raufarhafnar og elsti hluti línunnar milli Skeiðsfoss og Siglufjarðar verður lagður í jarðstreng svo og síðasti hluti 33 kV lagnar frá Dalvík að Árskógi. Alls verða því lagðir um 22 km af 33 kV jarðstreng í ár í stað loftlína. */MÞÞ*



Lagning jarðstrengs og ljósleiðara í Meðallandi sumarið 2020.




## FEBRÚAR

TÁLGAÐ Í TRÉ
*Reykir í Ölfusi*



TRJÁ- OG RUNNAKLIPPINGAR FYRIR FAGFÓLK
*Reykir og Keldnaholt*

SOKKAPRJÓN FYRIR BYRJENDUR
*Keldnaholt í Reykjavík*

TRJÁFELLINGAR OG GRISJUN MEÐ KEÐJUSÖG
*Egilsstaðir og Hallormsstaður*

TÁLGULEIÐBEINANDINN
*Reykir í Ölfusi*

Í POTTINN BÚIÐ - ALLT UM POTTAPLÖNTUR
*Reykir í Ölfusi*

SJALAPRJÓN FYRIR BYRJENDUR
*Keldnaholt í Reykjavík*

## MARS

TRJÁ- OG RUNNAKLIPPINGAR FYRIR ÁHUGAFÓLK
*Reykir í Ölfusi*

RÆKTUM OKKAR EIGIN BER
*Reykir í Ölfusi*

ÆÐARRÆKT OG ÆÐARDÚNN
**Réttindanámskeið í dúnmati**
*Keldnaholt Í Reykjavík*



HÚSGAGNAGERÐ ÚR SKÓGAREFNI
*Skógræktarfélag Árnesinga*

MEÐFERÐ PLÖNTUVERNDARVARA OG ÚTRÝMINGAREFNA
**Réttindanámskeið**
*Keldnaholti í Reykjavík*

RÚNINGSNÁMSKEIÐ
*Hestur í Borgarfirði*

SOKKAPRJÓN FYRIR BYRJENDUR
*Keldnaholt í Reykjavík*

FJÖLÆRINGAR, PLÖNTUVAL OG UPPRÖÐUN Í BEÐ
*Reykir í Ölfusi*



MATJURTARÆKTUN Í ÓUPPHITUÐUM GRÓÐURHÚSUM
*Reykir í Ölfusi*

TÁLGAÐ Í TRÉ
*Reykir í Ölfusi*

JARÐGERÐ OG UMHIRÐA SAFNHAUGA
*Reykir í Ölfusi*



SJALAPRJÓN FYRIR BYRJENDUR
*Keldnaholt í Reykjavík*

GRUNNNÁMSKEIÐ Í BLÓMASKREYTINGUM
*Reykir í Ölfusi*

GPS NÁMSKEIÐ FYRIR ÚTIVISTINA
*Keldnaholt í Reykjavík*

UPPBYGGING FERÐAMANNASTAÐA
*Fjarfundur á Teams*

ÁBURÐAGJÖF Í GARÐYRKJU
*Reykir í Ölfusi*

PÁSKA- OG VORSKREYTINGARNÁMSKEIÐ
*Reykir í Ölfusi*

Í POTTINN BÚIÐ - ALLT UM POTTAPLÖNTUR
*Reykir í Ölfusi*

## APRÍL

KRÆKLINGATÍNSLA OG KRÆKLINGAVEISLA
*Hvalfjörður og Keldnaholt*

GPS NÁMSKEIÐ FYRIR ÚTIVISTINA
*Keldnaholt í Reykjavík*



REIÐNÁMSKEIÐ MEÐ BENEDIKT LÍNDAL
*Miðfossar í Borgarfirði*

## MAÍ

ENDURHEIMT STAÐARGRÓÐURS
*Keldnaholt í Reykjavík*



TORF- OG GRJÓTHLEÐSLA
*Reykir í Ölfusi*

BAKPOKINN OG BÚNAÐUR FYRIR ÚTIVISTINA
*Keldnaholt í Reykjavík*

REIÐNÁMSKEIÐ MEÐ BENEDIKT LÍNDAL
*Miðfossar í Borgarfirði.*

HANDVERK OG EFNISNOTKUN Í INNVIÐUM
*Reykir í Ölfusi*

UPPBYGGING OG VIÐHALD GÖNGUSTÍGA
*Reykir í Ölfusi*

REIÐMENNSKA Í HUGANUM
*Fjarkennsla á Teams*

SKAPANDI GÖNGUR OG SJÓNRÆNIR ÞÆTTIR Í ÍSLENSKU LANDSLAGI
*Hvanneyri í Borgarfirði*



BAKPOKINN OG BÚNAÐUR FYRIR ÚTIVISTINA
*Keldnaholt í Reykjavík*

ENDURHEIMT STAÐARGRÓÐURS
*Akureyri*

## JÚNÍ

JURTALITUN
*Hespuhúsið við Selfoss*

INDIGO LITUN
*Hespuhúsið við Selfoss*

TRJÁFELLINGAR OG GRISJUN MEÐ KEÐJUSÖG
*Hólar í Hjaltadal*



PLÓGAR OG PLÆGING
*Námskeið haldin eftir óskum um allt land*

FÓÐRUN OG FÓÐURÞARFIR
*Námskeið haldin eftir óskum um allt land*

*Samstarfsaðilar: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Búnaðarsamtök og -félög, Ferðafélag Íslands, Landssamtök meindýraeyða, Hespuhúsið, Iðan fræðslusetur, Landgræðslan, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Skógræktin, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið, Æðarræktarfélag Íslands.*

ENDURMENNTUN.LBHI.IS | endurmenntun@lbhi.is | +354 433 5000



## Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði:
# Verð á tollkvótum fyrir osta hefur lækkað




**Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hafa sent frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kemur að fréttaflutningur um hækkandi verð á tollkvótum frá Evrópusambandinu eigi ekki við um osta. Í nýlegu útboði hafi verð á tollkvóta fyrir ost lækkað og reyndar hafi verð á slíkum kvótum á síðustu misserum lækkað jafnt og þétt.**

Þar segir að verð á tollkvótum fyrir osta í útboðinu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið birti niðurstöður úr þann 26. janúar hafi lækkað, úr 680 krónur á kílóið á tímabilinu júlí til desember 2020 í 642 krónur á kílóið nú í janúar.

„Nauðsynlegt er að hafa í huga að verð á tollkvóta ræðst af mörgum þáttum, ekki einvörðungu fyrirkomulagi á útboði tollkvóta. Þar má nefna verð frá birgjum erlendis, verð á markaði hér á landi, gildandi tollur á innflutningi, eftirspurn o.s.frv.

Fréttaflutningur um hækkandi verð á tollkvótum á því ekki við um verð á tollkvótum fyrir ost,“ segir í tilkynningunni.

Með tilkynningunni fylgir súlurit sem sýnir hvernig þróun á verðlagi fyrir tollkvóta á osti hefur þróast frá 2018. */smh*

## Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:
# Vilja stofna rannsóknarsetur um sorpmál á Laugarvatni

**Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur fengið inn á sitt borð hugmyndir um stofnun á rannsóknarsetri um úrgangsmál á Laugarvatni.**

„Já, það er rétt, nú er verið er að kanna grundvöll þess að setja upp og reka sameiginlegt Úrgangstorg sem hjálpar sveitarfélögum, að halda utan um úrgangsmálaflokkinn og til að auka gagnsæi gagna milli þjónustuaðila og viðskiptavina. Að sama skapi nýtast gögnin sem stöðumatsgreining þannig að hvert sveitarfélag er komið með góðan grunn í stefnumótunarvinnu fyrir málaflokkinn. Verkefnið er enn í formi fýsileikakönnunar þannig að á þessari stundu vitum við ekki hvort þetta verður að veruleika,“ sagði Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, aðspurður um málið. */MHH*





VÖNDUÐ GRÓÐURHÚS
- sérstyrkt fyrir íslenskt veðurfar

20 ára farsæl reynsla á Íslandi

Mikið úrval stærða, lita og aukahluta.
Verð og helstu upplýsingar má finna á heimasíðu okkar: www.lagafellverslun.is

Lágafell verslun og byggingar
LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
DESJAMÝRI 8, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
895-4152 - 846-7014

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

## Heildarframleiðsla mjólkur hjá SAM nokkuð stöðug frá 2017:
# Sala á fitugrunni 1,5 var prósenti minni á síðasta ári en 2019

**Innvegin mjólk hefur verið nokkuð stöðug í kringum 151 til 152 milljónir lítra á ári frá 2017 samkvæmt tölum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM).**

Þetta kemur fram í yfirliti sem SAM hefur gefið út um heildarinnvigtun mjólkur til þeirra á síðasta ári. Framleiðslumagn minnkaði lítillega frá 2019, fór úr 151,8 milljónum lítra í 151,2 milljón lítra á síðasta ári, sem er um 0,4 prósenta minni framleiðsla.

Sala á fitugrunni, samkvæmt nýjum ríkisstuðlum, dregst saman um 1,5 prósent frá 2019, fer úr 147 milljón lítrum árið 2019 í 142,8 milljón lítra á síðasta ári. Það er þrátt fyrir allt talinn góður árangur á vef Landssambands kúabænda, þegar litið sé til ástandsins á markaði vegna COVID-19. Sala mjólkur á próteingrunni, samkvæmt nýju stuðlunum, minnkaði hins vegar um 3,8 prósent, úr 126,2 milljónum lítra í 122,5 milljónir lítra.

Þegar skoðaðar eru tölur allar götur frá 2005 má sjá mikinn stíganda í framleiðslu á mjólk hér á landi. Árið 2005 var innvegin mjólk 109,5 milljónir lítra og fór upp í 117,1 milljón lítra árið 2006. Þá fór hún í 124,8 miljónir lítra árið 2007 og hélst sú framleiðsla nokkuð stöðug að meðaltali í kringum 125 milljónir lítra fram til 2014 þegar hún fór í 133,5 milljónir lítra. Síðan jókst innvegin mjólk í 146 milljónir lítra árið 2015 og í 150,2 milljónir lítra árið 2016. Síðan hefur innvegin mjólk verið nokkuð stöðug í kringum 151 til 152 milljónir lítra á ári. */smh/HKr.*

**Framleiðsla og sala á mjólk 2005-2020**

| Ár | Innvigtun í millj. lítra | Sala á próteingrunni í millj. lítra | Sala á fitugrunni í millj. lítra |
|---|---|---|---|
| 2020 | 151,2 | 122,5 | 142,8 |
| 2019 | 151,8 | 126,2 | 147,0 |
| 2018 | 152,4 | 129,5 | 144,8 |
| 2017 | 151,1 | 132,3 | 144,1 |
| 2016 | 150,2 | 129,0 | 139,2 |
| 2015 | 146,0 | 122,6 | 132,8 |
| 2014 | 133,5 | 121,2 | 129,0 |
| 2013 | 122,9 | 117,6 | 120,8 |
| 2012 | 125,1 | 115,5 | 114,1 |
| 2011 | 124,8 | 113,7 | 111,5 |
| 2010 | 123,2 | 114,7 | 110,7 |
| 2009 | 125,6 | 117,7 | 115,6 |
| 2008 | 126,1 | 117,1 | 112,3 |
| 2007 | 124,8 | 114,9 | 108,9 |
| 2006 | 117,1 | 113,2 | 103,9 |
| 2005 | 109,5 | 112,3 | 100,8 |

*Heimild: Landssamband kúabænda.*

# Stutt við nýjar ræktunaraðferðir í grænmetisframleiðslu

## – 15 milljónir renna til átta verkefna til að stuðla að framþróun garðyrkjunnar

**Kristán Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthlutaði á dögunum átta styrkjum til verkefna sem eiga að styðja við nýjar ræktunaraðferðir í grænmetisframleiðslu. Samtals nemur styrkupphæðin 15 milljónum króna og meðal verkefna sem fengu úthlutað eru lóðréttur landbúnaður með vatnsræktun, færanleg gróðurgöng og ræktun ávaxta og grænmetis í þéttbýli á hóteli á Akureyri.**



**Vignir Jónsson, gulrótabóndi í Auðsholti, fær milljón í styrk til að lengja framleiðslutímabilið með hitalögnum.** Mynd / smh

„Styrkirnir eru liður í aðgerðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til að bregðast við COVID-19 heimsfaraldri á íslenskt samfélag,“ segir í tilkynningu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

### *Styrking grænmetisframleiðslunnar*

„Lögð er áhersla á að styðja umhverfisvænar aðferðir sem eru til þess fallnar að styrkja grænmetisframleiðslu hér á landi. Með styrkjunum er stutt við nýsköpun og framþróun í garðyrkju. Hámarksstuðningur til hvers verkefnis fyrir sig eru þrjár milljónir króna.“

„Þessi úthlutun er liður í aðgerðum til að bregðast við áhrifum COVID-19 til skemmri og lengri tíma. Skapa öfluga viðspyrnu með því að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Þessi frábæru verkefni eru öll til þess fallin enda afrakstur þeirrar miklu grósku sem á sér stað í íslenskri garðyrkju,“ er haft eftir Kristjáni Þór.

***Styrkhafar eru:***

- **Böðmóðsstaðir – LED lýsing til rauðs salats, 3. m.kr.** Garðyrkjustöðin Brúará stefnir að því að nýta LED lýsingu með áherslu á að rækta rautt salat.
- **Jarðarberjaland – UV róbót til lýsingar, 3. m.kr.** Styrkur til að kaupa róbót sem nota má í lýsingar í jarðarberjaræktun, sem gerir framleiðslu öruggari allt árið og auki möguleika á aukinni framleiðslu.
- **Hárækt – nýjar ræktunaraðferðir, lóðréttur landbúnaður með vatnsræktun, 3. m.kr.** Styrkur til uppbyggingar og þróunar á lóðréttum landbúnaði á Íslandi í vatnsræktun.
- **Hótel Akureyri – Urban farming, 2 m.kr.** Styrkur til að rækta ávexti og grænmeti og fræða samfélagið og gesti um umhverfisvæna matvælaframleiðslu og möguleika innandyraræktunar.
- **Reykjalundur – færanleg gróðurgöng, 2 m.kr.** Styrkur til uppsetningar á færanlegum gróðurgöngum, sem eru ódýr og endingargóð plastgróðurhús sem bjóða upp á lengra ræktunartímabil og sveigjanleika, auk fjölbreyttra möguleika lífrænnar útiræktunar.
- **Auðsholt – lengdur uppskerutími gulróta með hitalögnum, 1 m.kr.** Styrkur veittur til að stuðla að lengra tímabili framleiðslu á gulrótum.
- **Skálpur slf. - Ræktun á Sandvíkurrófufræi, 500 þ.kr.** Styrkur til að stuðla að og viðhalda sjálfbærni í íslenskri gulrófurækt ásamt því að gera ræktunina umhverfisvænni.
- **Lindigarðar ehf. - Umhverfisvæn lífræn rauðrófuræktun, 500 þ.kr.** Styrkur til framleiðslu á lífrænum rauðrófum á sem umhverfisvænastan hátt.

*/smh*




Þverun Þorskafjarðar. Brúin verður milli Þórisstaða og Kinnarstaða.

# Vegagerðin framkvæmir fyrir 27 milljarða í ár

**Heilmiklar framkvæmdir eru boðaðar hjá Vegagerðinni nú á árinu 2021. Þær nema alls ríflega 27 milljörðum króna, þar af eru 15,5 milljarðar til nýframkvæmda og um 12 milljörðum verður varið til viðhalds.**

Væntanlegar framkvæmdir voru kynntar á útboðsþingi Vegagerðarinnar fyrir skemmstu og frá þeim er sagt á vefsíðu hennar.

### *Breyting á vegstæði við Hornafjarðarfljót*

Stærsta einstaka verkið hjá Vegagerðinni er breyting á vegstæði Hringvegarins um Hornafjarðarfljót. Það er svokallað samvinnuverkefni opinberra og einkaaðila og mun kosta um sex milljarða. Sú leið mun stytta Hringveginn um tíu til tólf kílómetra. Vegagerðin hyggst verja 2,2 milljörðum króna til framkvæmda við Suðurlandsveg en það er hluti samgöngusáttmála ríkisins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 2019.

### *Þverun Þorskafjarðar og Axarvegur*

Jafnframt er áætlað að verja 3,5 milljörðum til áframhaldandi framkvæmda á veginum um Kjalarnes og allt að 3 milljörðum til þverunar Þorskafjarðar og sömu fjárhæð til Axarvegar sem er samvinnuverkefni.

Á næstu þremur árum verður farið í endurbætur á höfninni í Þorlákshöfn og áætlanir gera ráð fyrir að til þess verði varið tæpum 2,8 milljörðum króna. /MÞÞ

**Bændablaðið**
***Kemur næst út***
***25. febrúar***












FRÉTTIR

# Kjarnafæði selur 200 tonn af halal-slátruðu lambakjöti til Noregs

**Kjarnafæði hefur gert samning við NoriDane Foods A/S um sölu á 100 tonnum af halal-slátruðu lambakjöti til Noregs og líkur eru á sölu á 100 tonnum til viðbótar.**

Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri hjá Kjarnafæði, segir að búið sé að ganga frá sölu á hundrað tonnum af lambakjöti til alþjóðlegra sölusamtaka í Noregi sem heita NoriDane Foods A/S og að vonandi semjist um 100 tonn í viðbót. „Það er enn í vinnslu en ég er bjartsýnn á að salan gangi eftir en um sölu á heilum skrokkum er að ræða."

*Halal-slátrun*

„Kjarnafæði er búið að vera í samstarfi við NoriDane, sem er í 50% eigu norsku bændasamtakanna og svo ýmissa einstaklinga. Þeir eru með söluskrifstofur á um 60 stöðum í heiminum og með þeim stærri þegar kemur að verslun með kjöt og kjötafurðir á heimsmarkaði. NoriDane hafa í gegnum árin verið stórir kaupendur hjá okkur af alls konar aukaafurðum."


Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri hjá Kjarnafæði.


Úr sláturhúsinu á Blönduósi. Mynd / HKr.

Gunnlaugur segir að Kjarnafæði hafi beitt halal-slátrun á Blönduósi til fjölda ára, sem er tilkomið vegna þess að þeir töldu sig vera komna með sölusamning við Írak á sínum tíma. „Við höfum beitt aðferðinni síðan og þessi sala dettur inn á borð til okkar vegna þess að fénu var slátrað með þeirri aðferð og kjötið því viðurkennt sem halal-kjöt."

*Fá betra verð en innanlands*

Að sögn Gunnlaugs eru þeir að fá verð sem er yfir verði á innanlandsmarkaði fyrir kjötið. „Okkur er afskaplega illa við að selja kjöt á erlendan markað undir kostnaðarverði og gerum það einfaldlega ekki, þannig að við erum að fá ásættanlegt verð fyrir kjötið.

Salan er mjög heppileg fyrir okkur en sá hængur er á að þetta er bara ein sala og ekkert fast í hendi um framhaldið. Við fengum svipaða sölu fyrir nokkrum árum og stukkum á hana líkt og þessa sölu." /VH


Guðjón Kristjánsson sláturhússtjóri hjá Sláturhúsi Vesturlands, Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobú, og Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, gæðastjóri Sláturhúss Vesturlands, fyrir utan sláturhúsið. Mynd / Áslaug Helgadóttir

# Biobú ætlar að framleiða lífrænt vottað nautakjöt

## – Sláturhús Vesturlands komið með lífræna vottun

**Biobú, sem hefur sérhæft sig í vinnslu á lífrænt vottuðum mjólkurafurðum, stefnir á framleiðslu á lífrænt vottuðu nautakjöti. Ef allt gengur upp, varðandi umsóknarferlið um vottun fyrir nautakjötið, standa vonir til að kjötið verði komið í verslanir í mars.**

Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobú, segir að kjötið verði markaðssett undir merkjum Biobú sem hingað til hefur eingöngu framleitt mjólkurvörur frá bæjunum Neðra-Hálsi í Kjós og Búlandi í Austur-Landeyjum. „Eigendur Biobú fóru í stefnubreytingu á síðasta ári og var til dæmis merkinu breytt í þeim tilgangi að útvíkka vöruframboðið," segir Helgi Rafn.

Í lok síðasta árs fékk Sláturhús Vesturlands lífræna vottun og hefur Biobú nýlega gert samning við sláturhúsið um að þjónusta slátrun gripa frá Neðra-Hálsi og Búlandi. Helgi segir að sláturhúsið muni sjá um slátrun og fullvinnslu á kjötinu sem kemur frá bæjunum. /smh

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI


Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## Bændur í Flóanum með netverslunina Kaupland:

# Gengur glimrandi vel

**Kaupland er nafn á fyrirtæki á bænum Mýrum í Flóahreppi þar sem bændurnir á bænum, þau Valsteinn Stefánsson, Kópavogsbúi og Auðbjörg Sigurðardóttir búa, en hún er frá Vetleifsholti í Ásahreppi. Fyrirtæki þeirra hefur gengið glimrandi vel en þau stofnuðu það í apríl 2018.**

Led landbúnaðar- og iðnaðarlýsing er þeirra aðal söluvara, en þau eru líka með „íþróttatape" og andlitsgrímur sem hafa selst mjög vel.

„Við keyptum jörðina fyrir einu ári og hér hafði ekki verið búið í nokkur ár svo hér þarf ýmislegt að gera, mikil girðingavinna fram undan og byggja þarf hesthús og tamningaraðstöðu. Við erum aðeins byrjuð í hrossarækt og hér hefur fæðst eitt folald frá því að við fluttum og annað á leiðinni. Byggja þarf nokkur lítil gistihús og svo er hugmyndin að taka 20 til 30 hektara í skógrækt og eitthvað í skjólbeltarækt. Ýmis matvælaræktun er fyrirhuguð og við erum að skoða ræktun á iðnaðarhampi eins og margir aðrir. Við hjónin erum bæði að vinna annars staðar, Auðbjörg í Flóaskóla og ég hjá Landsneti," segir Valsteinn.

*200% söluauking*

Valsteinn segir að Kaupland hafi gengið ótrúlega vel og miklu betur en þau hjón þorðu að vona í upphafi.

„Já, viðtökurnar hafa satt best að segja verið frábærar og erum við hjónin mjög þakklát fyrir það traust sem okkur er sýnt. Salan hefur aukist um ca 200% á hverju ári. En það besta við þessar frábæru móttökur er að sama fólkið og sömu fyrirtækin versla við Kaupland aftur og aftur. Það er mjög góð tilfinning að finna að við erum að gera eitthvað rétt." Valsteinn segir að Kaupland flytji inn hágæðavörur. „Við erum með mjög gott verð og mjög góða vöru en til þess að það gangi þurfum við að kaupa mjög mikið magn í einu og flytja vörurnar heim í gámum sem tekur oft og tíðum óþarflega langan tíma, því miður. Álagningin hjá okkur er eins lág og við komumst af með en ekki eins há og við komumst upp með. Hvatinn fyrir fólk að skipta yfir í led lýsingu er í raun rafmagnssparnaðurinn, því hann borgar ljósið niður á skikkanlegum tíma. Netverslunin er með tengingu við póstinn þannig að varan fer oftast með þeim en svo er hægt að senda okkur tölvupóst og hringja í okkur líka," segir Valsteinn.


Vésteinn og Auðbjörg, sem eiga og reka netverslunina Kaupland í Flóahreppi, en þau búa á bænum Mýrum og una þar hag sínum mjög vel. Heimasíða fyrirtækisins er www.kaupland.is fyrir áhugasama. Mynd / Einkasafn

*Flóahreppur er besti staðurinn*

Valsteinn er að lokum spurður hvernig sé að búa og vera með fyrirtæki í Flóahreppi?

„Þetta fyrsta ár okkar hér á Mýrum í Flóahreppi hefur verið okkur mjög gott, þó svo að hlaðan hafi fokið viku eftir að við keyptum jörðina, þá voru hér mættir nágrannar okkar til að hjálpa um leið og lægði. Ég held að Flóahreppur sé besti staður sem við höfum búið á, dásamlegt fólk allt í kringum okkur sem hefur tekið mjög vel á móti okkur og vonandi eigum við eftir að verða samfélaginu hér til einhvers gagns. Draumarnir um uppbyggingu hér eru margir og miklir en hvað okkur tekst að framkvæma af þeim verður bara að koma í ljós." /MHH




Þórhildur M. Jónsdóttir, verkefnisstjóri Vörusmiðju BioPol, og Auðbjörg Ósk Guðjónsdóttir, starfsmaður sölubílsins, taka við viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á Norðurlandi vestra árið 2020 á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar. Í sölubílnum eru framleiðsluvörur smáframleiðenda á Norðurlandi vestra seldar milliliðalaust.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra:

# Sölubíll smáframleiðenda og Handbendi brúðuleikhús hlutu viðurkenningar

**Vörusmiðja Biopol hlaut viðurkenningu Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir Sölubíl smáframleiðenda á Norðurlandi vestra. Viðurkenningin var veitt á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.**

Á sviði menningarmála hlaut Handbendi brúðuleikhús viðurkenningu SSNV fyrir brúðulistahátíðina Hvammstangi International Puppetry Festival. SSNV veitir árlega viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á þessum tveimur sviðum. Fjölmargar tilnefningar bárust.



Greta Clough tekur við viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarverkefni á Norðurlandi vestra árið 2020 fyrir alþjóðlegu brúðulistahátíðina Hvammstangi International Puppetry Festival sem haldin var sl. haust.

### *Vakið jákvæða athygli*

Verkefnið Sölubíll smáframleiðenda á Norðurlandi vestra er, að því er fram kemur á vefsíðu samtakanna, allt í senn, sameiningarafl fyrir smáframleiðendur, aukin þjónusta við viðskiptavini þeirra og nýstárleg og góð lausn á markaðssetningu og sölu afurða beint frá býli. Verkefnið styður við smáframleiðendur á því sviði þar sem þekkingu þeirra margra skortir og er í takt við markmið Sóknaráætlunar landshlutans um aukið virði afurða sem og sölu vara beint frá býli. Sölubíllinn hefur vakið jákvæða og verðskuldaða athygli á svæðinu, sem er eitt mesta matvælahérað landsins og er mikilvægur þáttur í áframhaldandi atvinnuþróun og uppbyggingu þess.

### *Listrænt afrek*

Handbendi hefur vakið jákvæða athygli á landshlutanum fyrir metnaðarfull og vönduð menningarverkefni sem farið hafa víða, innanlands sem utan. Brúðulistahátíðin, sem haldin var í fyrsta skipti í október 2020, var þar engin undantekning. „Að halda alþjóðlega brúðulistahátíð á Norðurlandi vestra hefði alltaf verið ærið verkefni en að gera það á glæstan hátt í heimsfaraldri er listrænt og framkvæmdalegt afrek. Verkefnið er listamönnum í landshlutanum hvatning til að láta ekkert stoppa sig í að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og er brúðuleikhúsið Handbendi mikilvægur þáttur í menningarlífi landshlutans," segir í umsögn um Handbendi. */MÞÞ*


**Kaupfélag Skagfirðinga**

## Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga óskar að ráða mjólkurfræðing til starfa

Vegna aukinna umsvifa í matvælavinnslu óskum við eftir að ráða mjólkurfræðing til starfa sem fyrst. Í fyrirtækinu er starfrækt fjölbreytt matvælavinnsla, ostagerð, smjörgerð, sósugerð og próteinvinnsla. Eins er ráðgert að hefja vinnslu alkóhóls úr mjólkursykri síðar á þessu ári. Starfið felst m.a. með eftirliti með vélbúnaði í ostagerð, mjólkurvinnslu og próteingerð.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Magnús Freyr Jónsson í síma 899-2938 eða á netfangið **magnus.jonsson@ks.is** eða Jón Þór Jósepsson í síma 825-4637 eða á netfangið **jon.thor.josepsson@ks.is**



## Tímasetning deildarfunda SS 2021

| DAGS. 2021 | DEILD | STAÐUR |
|---|---|---|
| Fimmtud. **18/2 kl. 20:30** | Kjósardeild | *Áskarðsskóli* |
| Föstud. **19/2 kl. 12** | Daladeild | *Dalakot* |
| Þriðjud. **23/2 kl. 20:30** | Biskupstungnadeild & Laugardalsdeild | *Reykholt* |
| Miðvikud. **24/2 kl. 20** | Skeiða- & Gnúpverjadeild | *Árnes* |
| Miðvikud. **24/2 kl. 21** | Hrunamannadeild | *Árnes* |
| Fimmtud. **25/2 kl. 20** | Hvammsdeild, Dyrhóladeild, A-Eyjafjalladeild, V-Eyjafjalladeild | *Heimaland* |
| Fimmtud. **25/2 kl. 21** | A-Landeyjadeild, V-Landeyjadeild, Fljótshlíðardeild & Hvolhreppsdeild | *Heimaland* |
| Þriðjud. **2/3 kl. 20** | Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Ölfusdeild & Villingaholtsdeild | *Þingborg* |
| Þriðjud. **2/3 kl. 21** | Hraungerðisdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla-/Grafningsdeild | *Þingborg* |
| Miðvikud. **3/3 kl. 20** | Holta- & Landmannadeild | *Laugaland* |
| Miðvikud. **3/3 kl. 21** | Rangárvalladeild, Ása- & Djúpárdeild | *Laugaland* |
| Fimmtud. **4/3 kl. 12** | Snæfells- og Hnappadalsdeild, Hvalfjarðardeild, Borgarfjarðar- og Mýrardeild | *Hótel Borgarnes* |
| Fimmtud. **4/3 kl. 20** | Öræfadeild & Kirkjubæjardeild | *Kirkjuhvoll, Klaustri* |
| Fimmtud. **4/3 kl. 21** | Hörgslandsdeild, Skaftártungudeild & Álftavers- & Meðallandsdeild | *Kirkjuhvoll, Klaustri* |

Vegna samkomutakmarkana þarf að skipta nokkrum fundum í tvennt.

**Aðalfundur verður haldinn föstudaginn 19. mars 2021 í Goðalandi í Fljótshlíð.**

SS Síðan 1907



# MF 5S.115

MASSEY FERGUSON



Búnaður:

- Dyna 4 skipting með rafstýrðu T-handskipti og sjálfskiptingu
- 4 strokkar 115 hestöfl
- Ámoksturstæki með vökvadempun, 3ja sviði, Euro-SMS ramma og innbyggðum stjórntækjum
- 100 lítra vökvadæling
- 3 vökvasneiðar (3x2)
- Vökvavagnbremsuloki (1+2)
- Lyftukrókur með vökvaútskoti
- 3. hraða aflúrtak, 540-540E-1000
- Frambretti, sveigjanleiki í beygju
- Dekk 540/65R34 og 440/65R24
- Húsfjöðrun
- Loftkæling
- Stillanlegt loftpúðasæti
- Farþegasæti m/öryggisbelti
- Útvarp m/CD, MP3, USB og Bluetooth
- Visio glerþak fremst á ökumannshúsi
- 2 vinnuljós framan og 2 aftan
- Vinnublikkljós

**Verð með ámoksturstækjum kr.**

**12.680.000**

án vsk.

verð miðað við gengi EUR 155

BÚVÉLAR

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0080 // buvelar@buvelar.is // www.buvelar.is

HLAÐAN HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS



Kántrímógúlarnir Erla og Drífa stýra þættinum Sveitahljómur.

# Kántríheimurinn tekinn með stæl

**Í Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins, er nú hafinn nýr þáttur um kántrítónlist sem nefnist Sveitahljómur í umsjón Drífu Viðarsdóttur og Erlu Gunnarsdóttur.**

Í þáttunum ætla þær stöllur að beina spjótum sínum að rótum kántrítónlistar, upphafinu, og rekja slóðina til dagsins í dag. Ýmsir fróðleiksmolar verða tíndir til héðan og þaðan um tónlistina, flytjendur, menninguna í kringum kántríið og um lögin sjálf sem leikin verða í þáttunum svo eitthvað sé nefnt. Einnig fá þær til sín góða gesti sem eru unnendur kántrítónlistar ásamt hljómlistamönnum, heyra vangaveltur þeirra um þessa tónlistarstefnu og hvað kántrí er fyrir þeim. Þættirnir verða í senn fróðlegir, skemmtilegir og kryddaðir með gömlum og nýjum kántríballöðum.

„Við erum fullar tilhlökkunar að hefja kántríið til vegs og virðingar í Hlöðunni, enda hefur okkur fundist vanta að þessari tónlistarstefnu séu gerð góð skil á öldum ljósvakans hérlendis. Í nágrannalöndum okkar eru til að mynda útvarpsstöðvar eingöngu helgaðar kántrí þar sem slík tónlist er spiluð allan sólarhringinn. Það er svo margt í kántríinu og hefur gjarnan verið haft á orði að það sé tónlist hins vinnandi manns, en textarnir fjalla jafnan um lífið eins og það er og sorgir fólks. Það er því treginn, sögurnar, trúin, ásamt flottum hljómum sem einkenna þessa tónlistarstefnu,“ segir Erla og Drífa bætir við:

„Í þessum fyrsta þætti fáum við til okkar ókrýndan kántríkóng Íslands, Axel Ómarsson, sem hefur undanfarin fjögur ár staðið fyrir Iceland Country Music Festival og er kántrítónlistarmaður af lífi og sál. Á hátíðinni koma fram helstu stjörnur íslensku sveitatónlistarsenunnar í bland við virta erlenda listamenn. Axel ólst upp í Bandaríkjunum, í mekka sveitatónlistarinnar, Texas og Oklahoma og fékk þannig sveitatónlistina beint í æð. Þegar hann fluttist aftur heim til Íslands saknaði hann sveitatónlistarinnar og það vaknaði hjá honum þrá að byrja að spila hana aftur, sem hann og gerði fyrir fimm árum. Axel fullyrðir að áhugi á þessu tónlistarformi sé mun meiri hérlendis en margan grunar. Hann hefur hafið kántrítónlistina til vegs og virðingar og mætti í stúdíó til okkar með gítarinn. Þannig að við fáum að heyra tóndæmi beint úr stúdíóinu en einnig nokkur af þeim lögum sem Axel hefur gefið út ásamt fleiri góðum kántrílögum.“









FRÉTTIR



Eldgjá á Fjallabaksleið. Salernishús, landvarðahús og útsýnispallur við Ófærufoss. Styrkur veittur 2013. Mynd / Ff

## Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

# Úthlutað hefur verið 5,5 milljörðum á tíu árum

## – Ýmsar áskoranir fram undan fyrir ferðaþjónustuna

**Í nýútgefinni skýrslu um stöðu og þróun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða kemur fram að frá stofnun sjóðsins fyrir tíu árum hefur 5,5 milljörðum verið úthlutað til verkefna á hans vegum um land allt. Verkefni til uppbyggingar ferðamannastaða hafa fengið 3,6 milljarða króna, 1,6 milljarðar til verkefna í þágu náttúruverndar og öryggis og rúmum 300 milljónum króna til hönnunar og skipulags.**

Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir auknar fjárveitingar til uppbyggingar ferðamannastaða síðustu ár sé enn brýn þörf fyrir meiri uppbyggingu víða um land og að auki verður uppbygging og viðhald á fjölsóttum ferðamannastöðum viðvarandi verkefni.

Fram kemur að sú breyting hafi orðið, einkum á undanförnum tveimur árum, að sveitarfélög séu farin að sjá tækifæri í að skipuleggja og byggja upp frá grunni nýja ferðamannastaði með það fyrir augum að reyna að dreifa álagi. „Með tilkomu áfangastaðaáætlana í hverjum landshluta má búast við töluverðum breytingum hvað þetta varðar en með þeim er hugað í auknum mæli að forgangsröðun uppbyggingar til framtíðar. Ætla má að áfangastaðaáætlanir muni hafa afgerandi áhrif á verkefnaval og framkvæmdir um land allt á næstu árum,“ segir í kaflanum Þróun á starfsemi sjóðsins.

### *Reglubreytingar á útgreiðslu styrkfjárhæðar til bóta*

Rætt er í skýrslunni um þá bót sem varð á reglum sjóðsins árið 2018 um útgreiðslu styrkfjárhæðar. „Í tíð fyrra fyrirkomulags voru 40% styrksins greidd út við undirritun styrksamningsins. Þá fékk styrkþegi hluta styrksins greiddan út, óháð því hvort framkvæmd fór af stað eða ekki. Ef hún fór ekki af stað kom til endurgreiðslu af hálfu styrkþega sem kallaði á aukið eftirlit og oft þurfti að ganga á eftir endurgreiðslum. Með núverandi reglum þarf verk að vera hafið og það a.m.k. hálfnað til að hægt sé að greiða út 40% styrksins gegn framlagningu framvinduskýrslu ásamt útlögðum kostnaði skv. reikningum. Á hinn bóginn verður ekki hjá því litið að útgreiðslureglurnar geta skapað vanda fyrir minni aðila sem hafa lítið eða ekkert fjármagn í upphafi til að fara af stað með framkvæmdir,“ segir í skýrslunni.

### *Áhersla lögð á að byggja upp á „kaldari“ svæðum*

Styrkir eru nú ekki veittir til verkefna á vegum ríkisins; eingöngu sveitarfélögum og einkaaðilum og er áhersla sjóðsins að byggja upp á svæðum sem eru „kaldari“ og styðja við svæðisbundna þróun. „Sveitarfélög sækja nú um styrki fyrir stærri og dýrari framkvæmdum en áður, sem eru vel útfærðar og þar sem hugað er að hönnun, skipulagningu og innviðum. Slíkar framkvæmdir geti laðað að fjölda ferðamanna og þar með skapað störf og önnur verðmæti fyrir nærsamfélög,“ segir í skýrslunni.

### *Áskoranir framtíðarinnar*

Í skýrslunni er einnig horft til framtíðar og hvernig hægt sé að bregðast við áskorunum sem fylgja hröðum vexti, en búist er við enn frekari vexti í ferðaþjónustunni á næstu árum eftir að samdráttur vegna heimsfaraldursins er að baki. Mikilvægt sé að sátt sé um uppbyggingu og viðhald ferðamannastaða, til dæmis í tengslum við áfangastaði þar sem uppi eru ólíkar áherslur á milli landeigenda og mögulegs frumkvæðis annarra að undirbúningi framkvæmda. Heildstætt skipulag geti komið í veg fyrir árekstra.

### *Mikilvægt að huga að vöruþróun og nýsköpun*

Rætt er um mikilvægi þess að ferðaþjónustan þróist í takt við breyttar kröfur viðskiptavina og tækniframfarir. Mikilvægt sé að huga að vöruþróun og nýsköpun við uppbygginu á aðstöðu á ferðamannastöðum, til dæmis hvað varðar upplýsingamiðlun, fjarskipti, öryggismál, loftslagsmál, neytendavernd og náttúruvernd. Sérstaklega er nefnt að líklegt sé að ný viðmið skapist varðandi þörf fyrir stafræna og snertilausa þjónustu með heilsuöryggi gesta í huga. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða geti haft töluverð áhrif hvað þessar áherslur varðar.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða var stofnaður með lögum númer 75 árið 2011, en sjóðurinn er í vörslu Ferðamálastofu sem annast rekstur hans. /smh

## Bændasamtök Íslands í samstarfi við Byggðastofnun og RML:

# Bjóða félagsmönnum aukinn stuðning við mótun þróunar- og nýsköpunarverkefna

**Bændasamtök Íslands í samstarfi við Byggðastofnun og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins bjóða nú félagsmönnum aukinn stuðning við mótun þróunar- og nýsköpunarverkefna og ráðgjöf vegna umsókna.**



Um er að ræða reynsluverkefni sem stendur til 1. júní 2021. Félagsmönnum býðst viðtal við ráðgjafa þar sem boðin er aðstoð við að móta og lýsa verkefnishugmynd í stuttu ágripi. Í framhaldinu fær viðkomandi félagsmaður upplýsingar um með hvaða hætti væri unnt að fá áframhaldandi stuðning við útfærslu og framkvæmd verkefnisins.

Miðað er við að hver félagsmaður fái tvær vinnustundir án endurgjalds vegna þessa. Horft verði til verkefna sem verða sem mest í höndum bænda og tengjast rekstri og afurðum viðkomandi með beinum hætti. Ekki verður að þessu sinni horft til verkefna sem ætluð eru til hagnýtingar fyrir búgreinar eða landsvæði í heild, né fræðilegra rannsókna.

Ráðgjafar Bændasamtaka Íslands eru bundnir trúnaði um þau verkefni sem félagsmenn vinna að undir merkjum verkefnisins.

Vert er að hvetja áhugasama að hafa samband og panta viðtal við ráðgjafa í síma 563 0300 eða senda tölvupóst á netfangið: kma@bondi.is. /ehg

## Sveitarfélagið Hornafjörður:
# Samtvinna frístundaakstur og almenningssamgöngur

**Sveitarfélagið Hornafjörður ætlar á árinu að vinna að tilraunaverkefni sem gengur út á að samtvinna frístundaakstur og almenningssamgöngur. Tilraunin hófst nú í byrjun febrúar og stendur fram til loka maímánaðar og verður tekið upp að nýju í haust, frá september og fram í desember.**

Verkefnið felur í sér að íbúum 18 ára og eldri verður boðið að nýta sér síðdegisaksturinn þeim að kostnaðarlausu til og frá heimreiðum bæja í Nesjum, Mýrum og í Suðursveit. Stoppistöð fyrir farþega í Nesjahverfi verður við N1 söluskálann.

Sveitarfélagið hefur um tíma boðið börnum í dreifbýli upp á frístundaakstur síðdegis alla virka daga frá Höfn að heimili þeirra í Nesjum, á Mýrum og í Suðursveit. Markmiðið er að jafna aðstöðu barnanna til að taka þátt í íþróttum og frístundum á Höfn.



**Hornafjörður.** Mynd / HKr.

### *Farið frá Heppuskóla síðdegis*

Ekið verður frá íþróttahúsinu við Heppuskóla á Höfn síðdegis á virkum dögum. Þeir sem ætla að nýta ferðina þurfa að láta vita af sér tímanlega svo að tiltækir séu bílar af réttri stærð í samræmi við fjölda farþega. Hægt er að nýta sér ferðir bílsins til baka úr sveitunum með því að láta vita af sér og við heimreið hvaða bæjar farþeginn kemur upp í bílinn. Falli frístundaakstur niður af einhverjum orsökum ekur bíllinn ekki.

*/MÞÞ*


FÖGUR ER **SVEITIN**

Eru gömlu byggingarnar orðnar vandamál?
Stafar af þeim fokhætta?
Eru þær lýti á umhverfinu?
Eða viltu losna við fasteignagjöldin?

FAGLAUSN



**Við bjóðum uppá teymi sem getur leyst þessi mál frá A-Ö, eða eftir nánara samkomulagi.**

Við sjáum um:

- Öll samskipti við skipulags- og byggingarsvið viðkomandi sveitarfélaga, öflun leyfa og skil á nauðsynlegum gögnum.
- Samskipti við viðkomandi veitustofnanir vegna aftenginga á heimtaugum.
- Rif á byggingum, flokkun úrgangs og viðeigandi förgun.
- Frágang á yfirborði eftir óskum viðskiptavinar.



**HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ Í VERKIÐ!**

893 3960 • beggi@hofdavelar.is

HÖFÐAVÉLAR








Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

jardir.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Umsóknir um aðlögunar-samninga í **sauðfjárrækt**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt. **Umsóknarfrestur er 15. febrúar n.k.** Sækja skal um á meðfylgjandi eyðublaði og skila undirrituðu á **postur@anr.is**.

Nánari upplýsingar um aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt má finna á vefnum **www.anr.is**.

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið





# STEKKUR

## Álalogia

**Íslendingar hafa lengst af verið hræddir við ála og jafnvel talið þá eitraða, þrátt fyrir að álar hafi þótt herramannsmatur annars staðar í heiminum. Álagöngur í ár og vötn í Evrópu hafa dregist gríðarlega saman og jafnvel talið að hann sé í útrýmingarhættu þar.**

Til ættkvíslarinnar Anguillidae teljast 16 til 20 tegundir ála sem eru nokkuð ólíkar að útliti og finnast víða um heim að Suður-Atlantshafi og austanverðu Kyrrahafi undanskildu. Tvær tegundir ála eru þekktar í Atlantshafi, önnur er evrópski állinn (Anguilla anguilla) en hinn ameríski állinn (Anguilla rostrata). Evrópski og ameríski állinn eru ólíkir að því leyti að sá evrópski hefur að meðaltali 114 hryggjarliði en sá ameríski sjö færri, eða 107. Hluti ála á Íslandi hafa færri hryggjarliði en evrópski állinn en fleiri en sá ameríski og eru sérstakir að því leyti og nýjar erfðarannsóknir sýna að hér sé um að ræða blendinga á milli þessara tveggja tegunda.

Bolurinn er sívalur, langur og mjór. Hausinn er fremur langur en kjafturinn lítill með smáum en hvössum tönnum. Neðri skolturinn stendur framar en sá efri og ná munnvikin rétt aftur fyrir augun. Bakugginn sem er á álnum ofanverðum, og hefst talsvert aftan við eyruggana, er samvaxinn gotraufarugganum sem er á neðra borði hans þannig að állinn hefur ekki eiginlegan sporð. Tálknopin eru lítil og tálknlokin hulin roði. Állinn fær ekki hreistur fyrr en á þriðja eða fjórða ári og er það smátt. Hann hefur aftur á móti þykkt roð sem er hulið slími og varnar því að állinn þorni upp þegar hann ferðast um á þurru landi til að komast á milli vatna eða framhjá fossum. Dæmi eru um að álar skríði upp nokkurra metra hátt berg til að sníða hjá fossum. Þjóðsagan segir að áll finnist í vatninu fyrir ofan Systrafossa við Kirkjubæjarklaustur. Sé sagan sönn verður állinn að klifra mjög háan og þverhnýttan klett til að komast þangað. Orðatiltækið háll eins og áll er dregið af því að slímið gerir hann hálan og því erfitt að hafa hendur á honum.

Lengsti áll sem mældur hefur verið hér á landi er 130 sentímetrar og vó 6,5 kíló. Fullvaxnir álar á Íslandi verða þó sjaldan lengri en metri á lengd og fjögur kíló að þyngd. Hængar eru minni en hrygnur og sjaldnast lengri en 50 sentímetrar hér á landi.

Heimkynni evrópska álsins er á Íslandi, Færeyjum og Bretlandi. Frá Norður-Noregi að Miðjarðarhafi og austur að Svartahafi. Hann finnst í ám og vötnum í Mið-Asíu og þeim löndum Afríku sem liggja að Miðjarðarhafi, auk þess sem hann er þekktur á Azoreyjum, Madeira og Kanaríeyjum og við norðvesturströnd Afríku suður til Senegal. Ameríski állinn finnst í austanverðri Norður-Ameríku og á Grænlandi.

Hér á landi finnast álar í fersku vatni víða um land og á sumum svæðum einnig í sjó við ströndina. Hann er algengastur á láglendi í flóum, tjörnum og sjávarlónum á Suðausturlandi og á vestanverðu Norðurlandi en minna er um hann á austanverðu Norðurlandi og Austurlandi. Ála er þó að finna um allt land. /VH

NYTJAR HAFSINS

### Útflutningur á þurrkuðum fiskafurðum:

# Nígeríumarkaður að taka við sér



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

**Nígería er nánast eini markaður Íslendinga fyrir þurrkaðar fiskafurðir. Þess vegna var það mikið áfall fyrir þessa vinnslugrein hérlendis þegar verð hrundi skyndilega árið 2015 og útflutningur stöðvaðist tímabundið. Í kjölfar hremminganna fækkaði þurrkverksmiðjum á Íslandi úr rúmlega tuttugu í þrettán. Núna virðist greinin hafa náð vopnum sínum á ný.**

Ástæðan fyrir þessum markaðsvandræðum var sú að um mitt ár 2015 setti Seðlabanki Nígeríu reglur sem takmörkuðu gjaldeyrisyfirfærslur vegna innflutnings til landsins á ýmsum vörutegundum, meðal annars sjávarafurðum. Þetta var gert vegna gífurlegs samdráttar sem orðið hafði á gjaldeyristekjum þjóðarinnar vegna lækkandi olíuverðs en olía er langmikilvægasta útflutningsgrein landins. Nígerískir innflytjendur sem ekki gátu lengur fengið gjaldeyri eftir venjulegum leiðum urðu að snúa sér að svarta markaðnum þar sem verðið á dollarnum var tvisvar til þrisvar sinnum hærra en opinbert skráð gengi. Þetta þrýsti á lækkun á innflutningsverði.

*Magn minnkaði lítið en verð hrapaði*

Þegar skoðaðar eru tölur Hagstofu Íslands um útflutning á þurrkuðum afurðum frá Íslandi vekur athygli að útflutt magn fyrir og eftir verðhrunið í Nígeríu minnkaði furðulítið á þessum árum (sjá skýringarmynd). Árið 2015 nam útflutningurinn 24.000 tonnum og verðmætin (FOB) námu 13,7 milljörðum króna. Árið 2016 minnkaði útflutt magn í 21.000 tonn en verðið hrapaði um helming, eða niður í 6,5 milljarða. Árið 2017 voru tölurnar 19.000 tonn og 6,1 milljarður. Árið 2018 voru flutt út 21.000 tonn fyrir 7,6 milljarða. Árið 2019 var tonnafjöldinn svipaður en verðmæti komið í 9,2 milljarða króna. Lækkun á gengi íslensku krónunnar kann að hafa þar einhver áhrif.

*Markaðurinn að lagast*

„Markaðurinn hefur smám saman verið að lagast eftir hrunið mikla," segir Víkingur Þórir Víkingsson, framkvæmdastjóri Haustaks hf. á Reykjanesi, í samtali við Bændablaðið, en fyrirtækið er í hópi stærstu framleiðendanna.

„Ein af afleiðingum verðhrunsins var sú að hætt var að framleiða dýrari afurðir eins og ufsakótelettur, fisk og afskurð, sem markaðurinn réði ekki við að borga fyrir. Hráefnið er því fyrst og fremst hausar og bein sem ekki er hægt að vinna á annan hátt með arðsamara móti."

Víkingur Þórir segir að heimsfaraldurinn hafi ekki haft nein veruleg áhrif á útflutninginn til Nígeríu. Reyndar hafi orðið einhverjar tafir í skipaflutningum, svo sem eins og fyrir síðustu jól, en að öðru leyti hafi hlutirnir gengið bærilega fyrir sig.



Þurrkaðir þorskhausar á markaði í Nígeríu. Mynd / Sigurjón Arason




*Þurrkverksmiðjum fækkar*

Þegar markaðurinn í Nígeríu hrundi voru yfir 20 fyrirtæki á Íslandi í fiskþurrkun með um 350 manns í vinnu auk afleiddra starfa. Greinin skilaði töluvert á annan tug milljarða í útflutningstekjur á ári. Það hrikti eðlilega í stoðunum í greininni og svo fór að sex til sjö fiskþurrkanir lögðu upp laupana og nokkrar sameinuðust þannig að nú eru þrettán eftir.

*Nígería nánast eini markaðurinn*

Nígería hefur verið og er enn nánast eina markaðssvæðið fyrir þurrkaðar afurðir frá Íslandi.

„Við höfum selt til Bretlands og Bandaríkjanna en bara í mjög litlum mæli. Sem dæmi má nefna að af 150 gámum fara einn eða tveir eitthvað annað en til Nígeríu," segir Víkingur. Nígería er miðstöð þessara viðskipta og þaðan dreifist eitthvað af vörunni til annarra Afríkulanda. Eftir hrunið var reynt að leita annarra markaða fyrir þessa vöru, svo sem í Asíu, en það skilaði litlu, að sögn Víkings.

*Norðmenn helstu keppinautarnir*

Íslendingar eru ekki einir á markaðnum í Nígeríu með þurrkaðar afurðir. Norðmenn eru helstu keppinautarnir. Sá er munur á verkunaraðferðum þjóðanna að Íslendingar þurrka mest innandyra en Norðmenn mest utanhúss. Veðurfar hentar betur til útiþurrkunar í Noregi en á Íslandi. Norðmenn hengja upp fisk í skreið í verulegum mæli og selja betri vöruna til Ítalíu og hina lakari til Nígeríu. Íslendingar eru að mestu hættir skreiðarverkun. Í Noregi eru starfræktar þrjár verksmiðjur til inniþurrkunar og eru tvær þeirra í eigu Íslendinga. Þá reka Íslendingar eina þurrkverksmiðju í Bretlandi. Í Færeyjum er þurrkverksmiðja í eigu heimamanna.



Á skreiðarmarkaði í Nígeríu. Mynd / Sigurjón Arason

*Verslunarvara í árhundruð*

Skreið og aðrar þurrkaðar fiskafurðir hafa verið verslunarvara í árhundruð í Evrópu og víðar, eins og fram kemur í Þurrkhandbókinni sem Matís hefur gefið út. Fyrr á öldum var skreið mikilvæg verslunarvara í innlendum og erlendum vöruskiptum Íslendinga. Þegar leið á 20. öldina og aflasamdráttur var orðinn staðreynd dró talsvert úr framleiðslu og útflutningi á skreið auk þess sem ýmsar blikur voru á lofti á stærsta markaðnum, Nígeríu, á þessum árum. Þar bar hæst sjálfstæðisstríð Bíafra sem leiddi til hafnbanns á Port Harcourt, sem var aðalinnflutningshöfnin fyrir skreið.

*Samdráttur í skreið – aukning í hausum*

Með minni afla og hækkandi verði á ferskum, frystum og söltuðum afurðum dró verulega úr hefðbundinni skreiðarverkun hérlendis og hún lagðist að mestu af. Aftur á móti jókst nýting hausa til þurrkunar umtalsvert og nú fara nánast allir bolfiskhausar sem á land koma í þurrkun innandyra og framleiðsla þurrkaðra hryggja hefur sömuleiðis aukist. Þá var einnig farið að þverskera ufsa og þurrka sem kótilettur.

*Mikilvægur markaður*

Nígería er í hópi mikilvægustu markaðslanda Íslendinga og eini markaðurinn fyrir þær þurrkuðu fiskafurðir sem við framleiðum, eins og áður kom fram. Tilraunir til að leita nýrra markaða hafa lítinn árangur borið. Þegar nígerísk stjórnvöld settu gjaldeyrishöft og innflutningsbann á innflutta matvöru, þar á meðal þurrkaðar

afurðir, var yfirlýstur tilgangur þess að spara gjaldeyri og ýta um leið undir aukna innlenda matvælaframleiðslu sem gæti komið í stað þeirrar innfluttu.

*Til að bragðbæta súpur*

Innlendur þurrkaður fiskur er á boðstólum í Nígeríu en hann er þurrkaður í eldi og reyk og bragðið er því annað. Nígerískur innflytjandi, sem Snorri Eldjárn Hauksson ræddi við vegna lokaverkefnis síns í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri, sagði að reykþurrkaði fiskurinn væri auk þess dýrari en íslensku skreiðarhausarnir þannig að neytendur veldu frekar þá íslensku. Rík hefð væri hjá fjölskyldu hans fyrir neyslu á þurrkuðum fiskafurðum frá Íslandi. Mörgum fyndist súpa ekki vera súpa nema bitar af þurrkuðum hausum væru notaðir til þess að bragðbæta hana. Annar viðmælandi sagði að skreið og fiskhausar væru notaðir sem kraftur í rétti við hátíðleg tilefni, svo sem brúðkaup, afmæli og jarðarfarir.

*Löng saga*

Skreiðarviðskipti við Nígeríu eiga sér langa sögu. Í áðurnefndri lokaritgerð kemur fram að viðskipti Íslendinga við Nígeríu og önnur ríki Vestur-Afríku hafi hafist á 17.–18. öld með vöruskiptum á þurrkuðum fiskafurðum og saltfiski fyrir aðrar vörur og þræla á þessum svæðum. Seinna er talið að kristniboðar hafi komið með skreið með sér þegar þeir boðuðu kristna trú. Þessu til stuðnings er nefnt að stærsti þjóðflokkurinn sem neytir skreiðar og annarra þurrkaðra fiskafurða er Igbo, sem er að langmestu leyti kristinn. Þess má geta að sjálfstæðisbarátta Igbo þjóðflokksins, sem stofna vildi lýðveldið Bíafra í sunnanverðri Nígeríu, leiddi til borgarastyrjaldar. Stríðið hófst árið 1967 og stóð í tvö og hálft ár. Auk þeirra tugþúsunda sem féllu á vígvellinum létust tvær milljónir manna úr hungri og milljónir hröktust á vergang. En það er önnur saga.




Dreifing loðnu í leiðangrinum 26. til 30. janúar 2021. Mynd / Hafrannsóknastofnun.
Mynd / HAFRÓ

Loðnuráðgjöf Hafrannsóknastofnunar:

# Lokaráðgjöf Hafró 127.300 tonn

**Hafrannsóknastofnun leggur til að loðnuafli á vertíðinni 2020/21 verði 127.300 tonn. Kemur sú ráðgjöf í stað þeirrar sem gefin var út 24. janúar 2021. Byggir ráðgjöfin á summu tveggja leiðangra sem fóru fram seinni part janúar og gáfu mat á stærð hrygningarstofns loðnu upp á samtals 650 þúsund tonn.**

Fyrri leiðangurinn fór fram dagana 17. til 20. janúar með þátttöku þriggja skipa fyrir austan land. Við heildarstofnmat var notast við mælingar þessa leiðangurs sem voru sunnan við 65°N. Seinni leiðangurinn fór fram dagana 26. til 30. janúar með þátttöku alls átta skipa og dekkuðu þau Vestfjarða-, Norður- og norðanverð Austurmið. Niðurstöður þess leiðangurs sem teknar voru með í heildarmatinu samanstóðu af mælingum fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og suður að 65°N fyrir austan land. Fyrri leiðangurinn náði aðeins yfir syðsta hluta útbreiðslusvæðis loðnu fyrir austan land því óveður komu í veg fyrir frekari mælingar norðar. Viku seinna gafst loks færi til að fara í framhald af þeim.

Á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar segir að dreifing loðnu ásamt forsendum um göngustefnu og tímasetningar var lögð til grundvallar á ákvörðun um samlagningu mælinganna með þessum hætti. Heildaryfirferð þessara tveggja leiðangra er talin ná yfir allt útbreiðslusvæði hrygningarloðnu. Það gilti ekki um mælingar í desember og fyrri hluta janúar og því voru niðurstöður þeirra ekki notaðar í þessari lokaráðgjöf.

*95% líkur á að hrygningarstofninn verði yfir 150.000 tonnum*

Ráðgjöf um aflamark byggist á því að 95% líkur séu á að hrygningarstofninn í mars verði yfir 150.000 tonnum að teknu tilliti til afráns. Samkvæmt því leiðir þessi heildarmæling til veiðiráðgjafar upp á 127.300 tonn veturinn 2020/21 og kemur í stað fyrri ráðgjafar frá því í janúar. /VH













## Heimsmarkaður með dráttarvélar lifir góðu lífi:

# Víða góður gangur í dráttarvélasölu í heiminum þrátt fyrir COVID-19

## – Stærsti markaðurinn er á Indlandi, en spennandi markaður í Kína vegna tæknivæðingar landbúnaðarins

**Samkvæmt gögnum Mobility Foresights voru 23 dráttarvélategundir tilgreindar á dráttarvélamarkaði heimsins á síðasta ári. Þá höfðu tær tegundir fallið út af markaði. Þrátt fyrir COVID-19 mátti merkja aukna dráttarvélasölu í mörgum löndum þó samdráttur væri á öðrum stöðum.**

Ljóst er að landbúnaður og aðrar matvælaframleiðslugreinar geta ekki skellt í lás þótt farsótt herji á heimsbyggðina. Þar verða menn einfaldlega að reyna með öllum ráðum að halda framleiðslunni gangandi, jarðarbúar verða að fá sinn mat hvað sem raular og tautar. Það þýðir að bændur hætta ekki að endurnýja dráttarvélar og önnur tæki þó mögulega hægist eitthvað á. Tegundirnar á dráttarvélamarkaðnum sem taldar eru upp í markaðsyfirliti og horfur á markaði til 2025 hjá Mobility Foresights eru:

Mahindra and Mahindra, Escorts, FPT Industrial, John Deere, Massey Ferguson, Kubota, International Harvester, Deutz-Fahr, Yanmar, Zetor, VST, Swaraj, Sonalika, Armatrac, Branson, Fendt, Iseki, JCB, TYM, TAFE, New Holland, McCormik og Landini. Foton og First Tractor, Company hafa dottið út af listanum.


New Holland dráttarvél á vinnslulínu CNH Industrial´s í Bretlandi.


JCB Fastrac 8000.


Ný dráttarvél á færibandinu hjá Deutz-Fahr.

### *Stærsti dráttarvélamarkaður heims er á Indlandi*

Áætlað var að eftirspurn eftir dráttarvélum í heiminum árið 2020 næmi hátt í tveim milljónum véla. Stærsti dráttarvélamarkaður í heimi er á Indlandi. Þar voru seldar 700.000 dráttarvélar á árunum 2019-2020. Dráttarvélamarkaðurinn hefur ekki orðið fyrir verulegum áföllum á Indlandi vegna COVID-19. Hefur markaðurinn í dreifbýlinu haldið sölunni uppi meðan lokanir hafa haft áhrif á kaupendur í þéttbýlinu.

Indverjar hafa verið að innleiða strangari mengunarlöggjöf fyrir sína bílaframleiðslu, eða það sem nefnt er BS6 og er sambærilegt við Euro 6 staðalinn. Dráttarvélaframleiðendur eru hins vegar aðeins á eftir og voru á síðasta ári að innleiða BS TR-Tractor EM-Emission 4 (TREM-4) staðalinn fyrir dráttavélar með yfir 50 hestafla mótorum. Mun staðallinn hafa áhrif til hækkunar á verði vélanna enda kostar þetta breytingar hjá framleiðendum upp á um 2 milljónir dollara fyrir hverja gerð af mótor. Þessi staðall verður síðan innleiddur fyrir dráttarvélar með minni mótora í október 2023.

### *Misjöfn staða í Evrópu*

Í Evrópu var yfir 74% af dráttarvélarsölunni vélar yfir 50 hestöflum. Í Þýskalandi jókst sala dráttarvéla um 2,6% á meðan 15% samdráttur var í sölu í Bretlandi á milli áranna 2019 og 2020. Um þessar mundir eru margar dráttarvélaverksmiðjur að koma starfseminni í gang aftur eftir langvarandi lokun vegna COVID-19. Einn stærsti markaður fyrir dráttarvélar í Evrópu er nú í Tyrklandi.

Í Bretlandi eru einungis tveir dráttarvélarframleiðendur sem eitthvað kveður að með framleiðslu í dag, en það eru CNH Industrial´s sem er með verksmiðju í Essex þar sem framleiddar eru New Holland dráttarvélar. Þar er í raun byggt á langri sögu og framleiðslu á International Harvester dráttarvélum og vinnuvélum í Bretlandi. Þá er JCB's Fastrac með verksmiðju nálægt Cheadle í Staffordshire, en JCB er mjög öflugt fjölskyldufyrirtæki.

### *Góð sala í 4x4 vélum í Bandaríkjunum*

Í Bandaríkjunum jókst dráttarvélasalan um 3,6% á árinu 2019 og fór þá í 244.000 dráttarvélar. Í ársbyrjun 2002 jókst verulega salan á fjórhjóladrifnum dráttarvélum þar í landi og vélum með 100 hestafla mótorum og stærri. Í maí á síðasta ári hafði dráttarvélasalan á milli áranna 2019 og 2020 aukist um 15,1%. Þá hélt sala á stórum vélum að aukast þrátt fyrir COVID-19. Þá hafði faraldurinn greinilega þau áhrif að eigendur stórra fasteigna og smábændur eyddu auknum tíma í viðhald á dráttarvélum og fjárfestingar því tengdu.

### *Mikil tekjurýrnun hjá bændum í Bandaríkjunum*

Sala á stórum uppskerutækjum dróst heldur saman í Bandaríkjunum á síðasta ári, einkum vegna óvissunnar í markaðs- efnahagsmálum landbúnaðarins. Hefur landbúnaðurinn þar mátt þola minnkandi tekjur í sex ár í röð. Þannig voru tekjur landbúnaðarins í Bandaríkjunum 2018 komin niður í 63 milljarða dollara og höfðu þá rýrnað um nær helming, eða úr 123 milljörðum dollara árið 2013.

Vegna stirðra samskipta Bandaríkjanna og Kína og deilna um tollamál, lokuðu Kínverjar fyrir kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum á þriðja ársfjórðungi 2019. Það var gríðarlegur skellur fyrir bændur í Bandaríkjunum sem seldu Kínverjum vörur fyrir 6 milljarða dollara á árinu 2018, eða rúmlega 9,5% af heildartekjum landbúnaðarins í Bandaríkjunum það ár. Hafa bændur í Kína og öðrum löndum notið góðs af þessu.

### *Gríðarlegur vöxtur í Kína vegna tækniinnleiðingar*

Dráttarvélamarkaðurinn í Kína þykir spennandi vegna þess að þar er vélvæðingin komin mun skemmra á veg en á Vesturlöndum. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 var búið að spá 69% aukningu í sölu vegna vélvæðingar í landbúnaði. Hefur þessari miklu innleiðingu á véltækni í kínverskum landbúnaði að hluta verið mætt með notuðum tækjabúnaði frá Evrópu og Bandaríkjunum.

*/HKr.*

# Fyrsta sjálfstýrða vetnisknúna dráttarvél Kínverja

**Kínverjar kynntu til sögunnar glænýja sjálfstýrða vetnis- og rafhlöðuknúna dráttarvél um miðjan júní 2020. Kynningin fór fram á vegum kínversku uppfinningamiðstöðvarinnar CHIAIC (National Institude of Agro-machinery Innovation and creation - CHIAIC) í Luoyang í Henan héraði.**

Vélin heitir ET504 og notast við 5G fjarskiptabúnað fyrir stjórntækin. Vélin getur unnið sjálfstætt eins og vélmenni, en einnig er hægt að fjarstýra henni.

Þróun dráttarvélarinnar fór fram hjá CHIAIC og hjá iðnfyrirtækinu R&D sem er hluti af Tianjing rannsóknarstofnuninni í hátækni við Tsinghua háskóla.

Dráttarvélin er búin rafmótor sem staðsettur er í miðju vélarinnar og síðan eru í henni sjálfstæðir mótorar fyrir lyftibúnað og stýri. Vetnis-efnarafall sér um að framleiða raforku fyrir mótorana í allri venjulegri vinnu, en ef þörf er á aukaafli kemur það frá Lithium rafhlöðum sem í dráttarvélinni eru.

Með aðstoð 5G fjarskiptabúnaðarins getur ET504 dráttarvélin fylgst með í rauntíma öllum stýringum vélarinnar og metið allar umhverfisaðstæður á vinnusvæði. Þannig á vélin að vera mjög örugg í vinnu.


ET504 er sannarlega ekkert leikfang.


ET504 er vetnisknúin dráttarvél með gervigreind sem les umhverfi sitt og heldur utan um allan stjórnbúnað.






Zhao Chunjiang, vísindamaður hjá kínversku verkfræðiakademíunni og yfirmaður CHIAIC, segir að þróun hátækni og skynvæddra véla sé mjög mikilvæg fyrir frekari þróun sjálfvirkni í landbúnaði.

*/HKr.*

FRÉTTIR



# Hreindýrakvótinn minnkar lítillega

**Samkvæmt ákvörðun Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfis- og auðlindaráðherra verður heimilt að veiða 1.220 hreindýr á veiðitímabili ársins. Það er heldur færri dýr en á síðasta ári, þegar leyfð var veiði á 1.325 dýrum.**

Ákvörðun ráðherra er tekin að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun. Heimilt verður að veiða 701 kú og 519 tarfa. Veiðitímabil tarfa nær frá 1. ágúst til 15. september, en veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september. Til samanburðar mátti í fyrra veiða 1.325 dýr; 805 kýr og 520 tarfa. Árin 2018 og 2019 mátti veiða 1.043 kú og 408 tarfa, alls 1.451 hreindýr. Í tilkynningu úr ráðuneytinu kemur fram að fyrstu tvær vikur veiðitímabilsins sé veiðimönnum gert að forðast í lengstu lög að fella mylkar kýr svo draga megi eftir megni úr áhrifum veiðanna á kálfa. „Þess í stað eru veiðimenn eindregið hvattir til að veiða eingöngu geldar kýr. Er í þessu sambandi bent á hlutverk og skyldur leiðsögumanna við að aðstoða og leiðbeina veiðimönnum við val á bráð,“ segir í tilkynningunni.

Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og óheimilt er að veiða kálfa. Hreindýraveiðunum er skipt niður á níu veiðisvæði og eru mörk þeirra og fjöldi dýra á hverju ári að finna í auglýsingu á vef ráðuneytisins.

***Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu veiðileyfa***

Í tilkynningu ráðuneytisins hvetur ráðherra veiðimenn að hlífa mylkum kúm fyrstu tvær vikur veiðitímans. „Veiðitölur sýna að sú hvatning hefur skilað árangri. Mikilvægt er að viðhalda þessum árangri þó svo veiðiráðgjöf stofnana ráðuneytisins geri ráð fyrir að heimilt sé að veiða hreinkýr frá 1. ágúst nk.,“ segir hann. */smh*
















FRÉTTASKÝRING

### Alþjóðastofnanir og vísindamenn hafa árum saman varað við því sem menn kalla nú hinn þögla faraldur sýklalyfjaónæmis:

# „Ekki einhver dulræn heimsendaspá eða hræðsluáróður – Þetta er raunveruleiki“

### – sagði yfirmaður læknadeildar University School of Medicine í samtali um lyfjaónæmar bakteríur við bandaríska sjónvarpsstöð




Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is


**Það er kannski ekki á bætandi þegar þjóðir heims eru í harðri baráttu við heimsfaraldur af völdum kórónaveiru að minnast á annan og líklega enn hættulegri faraldur.**

Þessi faraldur er samt í fullum gangi og breiðist hratt en örugglega út þótt hljótt fari og sumir hafa viljað gera lítið úr málinu. Þarna er um að ræða bakteríur sem hafa myndað ónæmi við flestum ef ekki öllum sýklalyfjum, eða; Antimicrobial resistance (AMR). Viðskiptablaðið Financial Times vakti m.a. athygli á þessu í ítarlegri umfjöllun fyrir skömmu.



Mannkynið stendur nú frammi fyrir þeim veruleika að í ört vaxandi tilfellum er ekki hægt að bregðast við sýkingum í fólki með notkun sýklalyfja.

*Byltingu í læknavísindum stefnt í voða*

Uppgötvun skoska vísindamannsins Alexander Fleming á penicilini árið 1928 olli straumhvörfum í læknavísindum og meðhöndlun sýkinga. Hreinna og skilvirkara afbrigði af penicilini var svo uppgötvað af rannsóknarteymi Oxford háskóla sem stýrt var af Howard Florey og Ernst Boris Chain árið 1940. Saman fengu þeir ásamt Alexander Flemming Nóbelsverðlaun fyrir uppgötvun penicilins árið 1945. Nú hefur ofnotkun lyfja sem byggja á þessari uppgötvun stefnt öllum ávinningi af afreki þessara manna í voða. Er þetta litið mjög alvarlegum augum af vísindamönnum og þess vegna er m.a. fyrirhugað að halda fjölda funda og ráðstefna um þessi mál víða um heim á komandi mánuðum.

*Ónæmar bakteríur geta borist milli manna*

Tilvera sýklalyfjaónæmra baktería er ekki síst ógnvænleg þegar litið er til baráttunnar við COVID-19. Fylgifiskur þessa faraldurs getur verið lungnabólga. Við lungnabólgu vegna bakteríusýkinga hafa sýklalyf verið eitt helsta varnarefnið, en þau duga samt lítt eða ekki gegn vírusum. Ef ónæmar bakteríur eru svo til staðar virka sýklalyfin einfaldlega ekki. Þá vekur það enn meiri ugg að fréttir berast nú af því að sýklalyfjaónæmar bakteríur séu farnar að smitast á milli manna. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur fyrir löngu gefið það út að þjóðir heims verði að bregðast við þessum vanda.

Fréttamiðillinn East Anglian Daily Times var t.d. með frétt sumarið 2018 um að þúsundir í Suffolk í Bretlandi gætu borið nýjan sýklalyfjaónæman kynsjúkdóm, eða „superbug“. Hafa sérfræðingar lýst þessu sem líklegu „neyðarástandi í lýðheilsu“. Er þar vísað í upplýsingar frá stofnun sem heitir British Association of Sexual Health and HIV, skammstafað BASHH. Þar eru nefndar mycoplasma genitalium bakteríur sem hætta er á að verði sýklalyfjaónæmar, en smitast á milli fólks við kynmök. Þær eru líka þekktar sem MG og geta gert konur ófrjóar. Hins vegar eru próf til að greina sjúkdóminn óáreiðanleg þar sem hann sýnir oft engin einkenni. Hann er því oft misgreindur sem mismunandi sjúkdómar eins og klamydía. Meðferð við klamydíu er hins vegar árangurslaus gagnvart MG.




*Ekki hræðsluáróður, heldur raunveruleiki*

Önnur frétt sem byggð er á gögnum BASHH í Bretlandi sagði að yfir 10.000 manns í Birmingham geti verið smitaðir af sýklalyfjaónæmum mycoplasma gentalium bakteríum. Þá var líka frétt um að 15.000 manns í Kent kynnu að vera smitaðir af sömu ofurbakteríunni. Margar fleiri bakteríutegundir hafa síðan verið nefndar til sögunnar.

Í frétt á sjónvarpsstöðinni NBC í nóvember 2019 er sagt að um 3 milljónir manna smitist árlega í Bandaríkjunum af sýklalyfjaónæmum ofurbakteríum. Þar af láti meira en 35.000 manns lífið. Þar er líka sagt að tölur um sýkingar og dánartíðni kunni að vera stórlega vanmetnar. Talað er við dr. Victoria Fraser, yfirmann læknadeildar University School of Medicine í St. Louis í Washington. Hún sagði: *„Þetta er ekki einhver dulræn heimsendaspá eða hræðsluáróður. – Þetts er raunveruleiki.“*

New England Journal of Medicine greindi frá hratt aukinni tíðni lyfjaónæmra baktería í árslok 2019.

Þá bárust fréttir frá Hong Kong í október síðastliðnum að þar væru læknar að berjast við banvæna fjölónæma bakteríu (Candida auris). Voru tilfellin þá orðið 136 frá áramótum samanborið við 20 tilfelli á öllu árinu 2019. Dánarlíkur sjúklinga sem smituðust voru sagðar á milli 20 og 60%.

Í ritinu BBC's Knowledge í júní 2017 var í grein viðskiptatengslafyrirtækisins Readnolve sagt að sýklalyfjaónæmi sé talið ein af sex helstu ástæðunum sem gætu leitt til útrýmingar mannkyns á jörðinni. Þá var talið að um 700.000 manns létu lífið á ári vegna sýklalyfjaónæmis og væntanlega hefur þeim fjölgað hratt síðan. Þar var líka spáð að sú tala yrði komin í 10 milljónir á ári árið 2050.

Á árinu 2018 var greint frá því í riti Franchise India að staða sýklalyfjaónæmis væri orðin grafalvarleg á Indlandi. Þá var dánartíðni fólks sem smitaðist af sýklum sögð vera, samkvæmt gögnum Alþjóðabankans, komin í 416.75 einstaklinga af hverjum 100.000 íbúum. Það var tvöfalt hærri tíðni en í Bandaríkjunum og 15 sinnum hærri en í Bretlandi.

*Vandinn er ofnotkun sýklalyfja*

Myndun og útbreiðsla sýkla sem þola öll venjuleg sýklalyf er tilkomin að mestu leyti vegna ofnotkunar sýklalyfja, bæði hjá mönnum og í dýraeldi. Sýklalyf hafa t.d. verið notuð ótæpilega í verksmiðjubúskap víða um heim, þar sem sýklalyf eru m.a. sett í fóður og vatn sem eins konar forvörn til að koma í veg fyrir að dýrin veikist áður en þeim er slátrað. Þetta hefur líka leitt til hraðari vaxtar dýra þar sem engar sýkingar eru að trufla líkamsstarfsemi dýranna. Þetta mikla lyfjamagn safnast síðan upp og veldur því að smám saman ná sýklar að mynda ónæmi gegn lyfjunum. Þá er gjarnan brugðist við með því að auka lyfjagjöfina sem áfram veldur keðjuverkun og myndun ofursýkla sem engin lyf ráða við. Lyfin skolast síðan út í frárennsli og grunnvatn og skapa kjörstöðu fyrir frekar þróun ofurbaktería.

*Sýklalyf notuð í forvarnarskyni og sem vaxtarhvati í landbúnaði*

Notkun sýklalyfja í forvarnarskyni og sem vaxtarhvata í landbúnaði á sérstaklega við í stórvirkum verksmiðjubúskap í nautarækt, svínarækt og alifuglarækt. Slíkri notkun sýklalyfja hefur ekki verið beitt í landbúnaði á Íslandi og sést það vel í samanburðartölum um sýklalyfjanotkun á milli landa. Í þeim samanburði hefur minnst notkunin á heimsvísu verið á Íslandi og í Noregi. Hér hefur sá háttur verið á að bændur mega ekki nota sýklalyf nema gegn ávísun frá dýralækni.

Evrópusambandið hefur bannað notkun annarra sýklalyfja í landbúnaði frá 2022 nema þeirra sem dýralæknar hafa ávísað. Efasemdir hafa verið uppi um að þetta muni halda og er þar bent á svartan markað með sýklalyf sem þegar sé mjög umfangsmikill. Það á líka við um markað fyrir gróðureyðingarefni og skordýraeitur.

Bandaríkin og bandarískar skyndibitakeðjur hafa líka viðrað reglur sem eiga að draga úr kaupum á kjöti þar sem sýklalyf eru notuð við framleiðslu. Opinberar tölur sýna hins vegar aukna notkun sýklalyfja. Kínverjar settu líka fram reglur árið 2017 um bann við notkun á sýklalyfinu colistin við fóðrun dýra. Þetta lyf er þrautavaralyf í baráttu við sýkingar og lokaúrræði þegar öll önnur sýklalyf bregðast. Þessar reglur Kínverja voru settar í kjölfar þess að breytt gen fannst árið 2015 sem gerði bakteríur ónæmar fyrir lyfinu colistin. Það að Kínverjar hafi verið að gefa colistin í fóður dýra er síðan stóralvarlegt mál í sjálfu sér og leiðir líkum að svipaðri notkun í öðrum löndum.

*Búist við 67% aukinni notkun sýklalyfja frá 2010 til 2030*

Talið er að um 45% af allri sýklalyfjanotkun í heiminum sé við dýraeldi. Samkvæmt rannsókn 8 vísindamanna sem gerð var árið 2015 undir yfirskriftinni *„Global trends in antimicrobial use in food animals“* var búist við að notkun sýklalyfja í landbúnaði í heiminum myndi aukast um 67% fram til 2030. Hún myndi aukast úr um 63.151 tonni í 105.596 tonn.

*45 milligrömm af sýklalyfjum að meðaltali á hvert framleitt kíló af kjöti*

Í skýrslunni var áætlað að meðalnotkun á sýklalyfjum við framleiðslu á kjöti í heiminum árið 2015 hafi verið að meðaltali um 45 milligrömm (mg) á hvert kíló. Þar var notkunin í nautakjötsframleiðslu

## Varnaðarorð WHO

Undir lok síðasta árs lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, yfir áhyggjum af útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Þar voru taldar upp eftirfarandi staðreyndir um málið:

- WHO hefur lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi (Antimicrobial resistance – AMR) sé ein af 10 helstu alheimsógnum sem steðja að mannkyninu.
- Misnotkun og ofnotkun á sýklalyfjum eru helstu drifkraftarnir í þróun lyfjaónæmra baktería.
- Skortur á hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu og ófullnægjandi smitvarnir og eftirlit stuðlar að útbreiðslu örvera, sem sumar geta verið ónæmar fyrir sýklalyfjameðferð.
- Kostnaður af sýklalyfjaónæmi fyrir hagkerfið er verulegur. Auk dauða og fötlunar, hafa langvarandi veikindi í för með sér lengri legutíma á sjúkrahúsum, þörf fyrir dýrari lyf og valda fjárhagslegum vanda fyrir þá sem smitast.
- Án áhrifaríkra sýklalyfja verður árangur nútímalækninga í meðhöndlun sýkinga, þar á meðal í stórum skurðaðgerð og krabbameinslyfjameðferðum, í stóraukinni hættu.

talin vera 148 mg á kíló og 172 mg við ræktun á hverju kílói af svínakjöti og kjúklingakjöti. Á sama tíma áætluðu vísindamennirnir að um þriðjungur aukningar á kjöti á þessu tímabili yrði vegna breyttra neysluvenja í ríkjum þar sem millistéttarfólki færi fjölgandi. Því muni sýklalyfjanotkun aukast sjöfalt meira en fjölgun íbúa segir til um í eftirtöldum ríkjum; Brasilíu, Rússlandi, Indlandi, Kína og í Suður-Afríku. Þar muni heildarnotkun sýklalyfja aukast um 99% frá því sem hún var árið 2015.

*Vísindamenn hafa lengi varað við stöðunni*

Bændablaðið hefur á liðnum misserum og árum reynt að upplýsa fólk um hættuna sem stafar af sýklalyfjaónæmi. Það hefur verið gert m.a. með aðstoð sérfræðinga á borð við Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlækni sýkla- og veirudeildar Landspítalans, dr. Lance Price, prófessor og sérfræðing í útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og lýðheilsu, Vilhjálm Ara Arason lækni, Vilhjálm Svansson dýralækni og fleiri.

Karl G. Kristinsson sagði m.a. árið 2019 að sporna yrði við auknum innflutningi á hráum matvælum til að koma í veg fyrir að sýklalyfjaónæmar bakteríur berist til landsins. Athygli vakti þá að Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA), vísaði þessu alfarið á bug í fréttatíma Sjónvarpsins og benti á skýrslu sem félagið hafði látið óháða sérfræðinga gera. Hún hafi leitt í ljós að hætta vegna innflutnings á ferskri matvöru væri lítill sem engin. Skýrslan var svar dýralæknanna Ólafs Oddgeirssonar og Ólafs Valssonar við sjö spurningum sem FA lagði fyrir þá auk þess sem ráðgjafarfyrirtækið Food Control Consulting kom að gerð skýrslunnar. Enginn sérfræðingur um sýklalyfjaónæmi var hins vegar tilgreindur við gerð þessarar skýrslu.

*„Hinn þögli faraldur sýklalyfjaónæmis“*

Í ljósi orða Ólafs Stephensen og skýrslunnar sem Félag atvinnurekenda lét gera, er fróðlegt að glugga í umfangsmikla umfjöllun í viðskiptaritinu Financial Times nú nýverið um sýklalyfjaónæmið. Í greinaflokki um þessi mál. Þar er m.a. grein undir fyrirsögninni: ***„Hinn þögli faraldur sýklalyfjaónæmis.“*** Þar er vísað til stöðunnar í Afríku.

„Þessi heimsálfa hefur um langa hríð barist við marga faraldra eins og HIV, berkla og malaríu fyrir utan COVID-19. Nú hefur nýr og ekki eins sýnilegur faraldur tekið sér bólfestu í álfunni, en hann felst í ónæmi gegn sýklalyfjum,“ segir m.a. í FT.

*Sterkustu lyf sem til eru duga ekki lengur gegn ofursýklunum*

Þar er einnig sagt frá 39 ára karlmanni með fjöllyfjaónæma berkla og nýrnabilun. Hann hafði hætt í HIV meðferð nokkrum mánuðum áður. Berklar hans voru meðhöndlaðir með sjö mismunandi lyfjum og fóru að bregðast við, en eftir átta daga hækkaði hitastig hans á ný, blóðþrýstingur lækkaði og það greindist mikið af lyfjaónæmum Klebsiella lungnabólgubakteríum í blóði hans. Eini kosturinn til að meðhöndla þennan sjúkling var að gefa honum colistin, sem er sterkasta lyfið sem þekkt er og oft kallað lokaúrræðalyf (antibiotic of last resort). Þrátt fyrir þessa lyfjagjöf hélt manninum áfram að versna og féll að lokum í valinn fyrir yfirþyrmandi sýkingu.

Hröð aukning í útbreiðslu á lyfjaónæmum bakteríum sem valda algengum sýkingum í blóði og þvagfærum, meltingarvegi og



Ofnotkun sýklalyfja hefur fætt af sér ofurbakteríur sem engin lyf ráða við í dag.

öndunarfærum er farin að valda áhyggjum lækna um hvernig eigi að stunda lækningar í framtíðinni.

Þó „aðeins“ sé um að ræða hversdagslegar sýkingar, sem tengjast skurðaðgerðum eða meðhöndlun sjúklinga sem fara í krabbameinslyfjameðferð, þá þarf að notast við sýklalyf sem duga til að koma í veg fyrir sýkingar. Svo ekki sé talað um alvarlegri inngrip eins og ígræðslu.

*Veldur þegar hundruð þúsunda dauðsfalla á ári*

Sérfræðingar benda á að allt of oft séu fyrstu sýklalyf eins og penicilin ekki lengur árangursrík í meðhöndlun sjúklinga á sjúkrahúsum. Þetta sé líka orðið vandamál úti í samfélaginu. Það ýtir undir lækna að ávísa á breiðvirkari sýklalyf, en með aukinni notkun slíkra lyfja eykst um leið hættan á að sýklar myndi ónæmi gegn þeim. Afleiðingin er vítahringur sem þegar er farinn að kosta hundruð þúsunda mannslíf á ári víða um heim.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (European Commission) greindi m.a. frá því 2017 að þá væru um 33.000 manns að láta lífið í löndum ESB af völdum sýklalyfjaónæmra baktería. Það kostaði sambandið um 1,5 milljarða evra á ári. Vegna þessa setti ESB í gang heilsuáætlun í júní 2017 undir heitinu *„EU One Health Action Plan against AMR“*.

Dr. Lance Price prófessor greindi svo frá því á ráðstefnu á Hótel Sögu 2019 að um 100 þúsund manns létu lífið árlega í Bandaríkjunum út af sýklalyfjaónæmi. Frá því þetta var sagt hefur vandinn bara verið að aukast.

Í löndum eins og Suður-Afríku og öðrum lágtekjulöndum hefur fólk oft ekki efni á sýklalyfjum, hvað þá sterkum lyfjum eins og colistin. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ráðleggur notkun á 22 sýklalyfjum en læknar í lágtekjuríkjum hafa yfirleitt ekki möguleika á að nota nema örfá þeirra vegna fjárskorts. Þegar fjölónæmar bakteríur skjóta svo upp kollinum er ekkert hægt að gera til að hjálpa viðkomandi sjúklingum.

Bent er á í umfjöllun Financial Times að fimm ár séu nú liðin frá útgáfu alþjóðlegrar aðgerðaáætlunar WHO til að draga úr sýklalyfjaónæmi. Framfarir hafi verið misjafnar. Vandinn hefur verið viðurkenndur, en það krefjist samþætta viðbragða er varðar heilsu manna, dýra og umhverfis. Það nýjasta er að komið var á fót alþjóðlegum leiðtogahópi, sem byggir á fjölbreyttri reynslu í stjórnkerfinu. Það dugi þó skammt þar sem ófullnægjandi fjármagni hafi verið veitt til að þróa ný sýklalyf til að bregðast við vandanum. Þá eru flestar aðgerðaáætlanir eins og í Afríku að mestu eða öllu leyti ófjármagnaðar.

*Engin áhersla meðal stjórnvalda á þróun sýklalyfja segir IFMA*

Bent hefur verið á m.a. í skýrslu alþjóðasamtaka matvælaframleiðenda, IFMA (International Foodservice Manufacturers Association), að illa hafi verið staðið að þróun nýrra fúkkalyfja sem ráði við ofurbakteríur. Þrjú fyrirtæki sem reynt hafi að þróa þrjár nýjar gerðir sýklalyfja á undanförnum áratug hafi orðið gjaldþrota. Arðsemi af þróun nýrra sýklalyfja hefur samkvæmt skýrslu IMFA verið lítil sem engin og jafnvel neikvæð. Þá hafi stjórnvöld víða um heim sent út skýr merki um það að fjárfestingar í rannsóknum og þróun nýrra sýklalyfja sé ekki í forgangi. Það sé gert þrátt fyrir að hættan á frekari útbreiðslu sýklalyfjaónæmis meðal almennings fari vaxandi. Á sama tíma hafi verið sýnt fram á hvað hægt er að gera með samtakamætti fyrirtækja og ríkja í baráttu við faraldur eins COVID-19.

Aðeins einn nýr lyfjaflokkur á þessu sviði hafi komið á markað á síðustu áratugum. Samt eru um 40 sýklalyf í klínískum prófunum, en af þeim er ekki búist við að nema 5 komist eitthvað lengra í þróun. Þá eru 21 hefðbundin bakteríudrepandi lyf í þróun og 12 sveppavarnarlyf.

*Kallað eftir skýrri stefnumörkun strax á þessu ári*

IFMA kallar eftir leiðarvísi og skýrri stefnumörkun frá stjórnvöldum um þróun og innleiðingu nýrra efnahagslegra innviða varðandi þróun nýrra sýklalyfja í síðasta lagi fyrir árslok 2021.

Þá fari fram árlega uppfærsla á leiðarvísinum með það að markmiði að þetta fari að skila árangri 2023 og draga að fjárfesta til að hefja rannsóknir í síðasta lagi 2025. Um leið þurfi að rífa niður viðskiptahindranir til að auðvelda þjóðum aðgengi að nýjum sýklalyfjum.

*Notkun sýklalyfja í landbúnaði er sögð mest í Bandaríkjunum*

Í grein Financial Times er sagt að notkun sýklalyfja eins og tetracyclines í landbúnaði sé mest áberandi í Bandaríkjunum. Ofnotkun slíkra lyfja valdi því síðan að ofursýklar verði til sem valdi skaða hjá mannfólkinu. Þetta hafi komið af stað bylgju mótmæla þar sem pressa hefur verið sett á skyndibitakeðjur eins og Walmart, Wendy´s og McDonald´s. Vitað er að nautakjöt sem skyndibitakeðjurnar nota kemur að stærstum hluta af nautgripum sem ræktaðir eru í fóðrunarstöðvum (Feedlots), þar sem dýrin gætu hreinlega ekki lifað af nema með ótæpilegri gjöf á sýklalyfjum.

Umhverfisþáttastjórnandinn Christy Spees segir að bæði neytendur og hluthafar í fyrrnefndum fyrirtækjum séu að verða sífellt meðvitaðri um þennan áhættuþátt. Hann segir þó jafnframt mjög undrandi á hversu margir láti sér þetta í léttu rúmi liggja og séu ekki meðvitaðir um hættuna af ofnotkun sýklalyfja í landbúnaði.

*Aðgerðum lofað til að draga úr notkun á sýklalyfjakjöti*

Mótmæli neytenda og aðgerðarsinna höfðu þau áhrif að skyndibitakeðjan McDonald's, sem er einn stærsti kaupandi heims á nautakjöti, setti sér þær reglur árið 2018 að takmarka innkaup á nautakjöti þar sem sýklalyf voru notuð í óhóflegu magni við ræktunina. Nýju reglurnar fólu það m.a. í sér að mæla sýklalyfjanotkunina hjá 10 stærstu framleiðendum nautakjöts. Þessu átti að framfylgja með innleiðingu reglna á árinu 2020 um hversu mikið lyfjamagn mætti vera í kjötinu. Þær reglur hafa hins vegar ekki enn litið dagsins ljós svo að í raun virðist lítið að marka yfirlýsingar fyrirtækisins. Þá eru kjúklingaframleiðendur í Bandaríkjunum einnig sagðir hafa dregið stórlega úr notkun fúkkalyfja í sinni framleiðslu á undanförnum tíu árum, að sögn Spees. Wendy´s og Taco Bell virðast vera að fylgja fordæmi McDonald's, en opinberar tölur sýna þó annað.

*Lítið að marka yfirlýsingar og notkun sýklalyfja eykst*

Dæmi um innihaldsleysi yfirlýsinga skyndibitakeðjanna sést best á því að þó dregið hafi úr sölu á sýklalyfjum eftir 2015, þá fór salan á slíkum lyfjum að aukast aftur árið 2018. Á milli áranna 2018 og 2019 jókst salan síðan um 3% til viðbótar samkvæmt tölum lyfjastofnunar Bandaríkjanna. Af heildarnotkun sýklalyfja í Bandaríkjunum voru 40% þeirra notuð í nautgripaeldi og 40% í svínarræktinni.

Fjöldi ráðstefna sem fyrirhugaðar er á næstu mánuðum um þessi mál verður þó vonandi til þess að hrinda af stað frekari þróun nýrra sýklalyfja.



NYTJAR HAFSINS



Þorskhrogn. Allir aðilar sem koma að meðferð og dreifingu matvæla eru ábyrgir fyrir réttri meðferð sem tryggir öryggi og gæði matvæla.

Matvælastofnun:

# Minnir á góða meðferð hrogna

**Matvælastofnun minnir á mikilvægi góðrar meðhöndlunar fisks og fiskafurða. Við meðhöndlun hrogna er mikilvægast að rétt sé staðið að meðferð og frágangi við slægingu um borð í skipum eða slægingarstöð.**

Allir aðilar sem koma að meðferð og dreifingu matvæla eru ábyrgir fyrir réttri meðferð sem tryggir öryggi og gæði matvæla.

Halda skal mismunandi tegundum aðskildum ef selja á hrogn undir fisktegundaheiti. Ef hrogn eru seld sem þorskhrogn, Gadus morhua, eiga það að vera hrogn úr þorski. Ef tegundum er blandað saman skal merkja þau sem blönduð hrogn og tilgreina tegundir. Annað er blekkjandi fyrir kaupendur. Skv. 11 grein laga nr. 93/1995 um matvæli er óheimilt að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif. Einnig er bent á að reglugerð EB nr. 1379/2013 um markaðssetningu fisks og fiskafurða (CMO regulation) er í gildi í Evrópu og verða fyrirtæki sem setja vörur á markað í Evrópu að merkja í samræmi við kröfur hennar.

*Gera skal að afla eins fljóttog kostur er*

- Blóðga skal fisk þegar hann er dreginn um borð og láta blæða í ísbaði (rennandi vatni/sjó)



- Slæging skal fara fram að lokinni blóðgun
- Þá hluta aflans, sem ætlaðir eru til manneldis, skal því vandlega og aðskilja frá óætum hlutum
- Kæla skal afurðirnar; fisk, hrogn og lifur, sem næst hitastigi bráðnandi íss með ísun, eða frysta
- Verja skal allar afurðir fyrir veðri og vindum
- Eigi að nýta hrogn og lifur til manneldis skal flokka afurðir eftir fisktegund
-

*Til að tryggja sem best gæði hrogna og lifrar skal:*

- Vanda slægingu, svo hrogn og lifur séu eins heil og kostur er
- Varast að rjúfa himnuna sem myndar hrognasekkinn og ver hrognin
- Varast að láta meltingarensím s.s. gall leika um afurðirnar
- Nota minni ílát svo komist verði hjá því að hrognasekkurinn gefi sig undan þrýstingi
- Nota krapa til kælingar.

/VH

UTAN ÚR HEIMI



Bandaríska fyrirtækið Navistar hyggst koma með á götuna International RH vetnisknúinn trukk árið 2024. Hann verður búinn efnarafal frá GM sem breytir vetni í raforku fyrir rafmótora sem knýja bílinn áfram. Hann á að komast yfir 800 kílómetra á tankfyllingunni. Mynd / Navistar

# GM og Navistar mynda bandalag um smíði á vetnisknúnum raftrukkum

**Fyrirtækið Navistar í Bandaríkjunum tekur þátt í innleiðingu nýrra orkugjafa í samgöngur um smíði á vetnisknúnum rafmagnstrukki sem nýtir vetnisefnarafal frá General Motors. Ráðgert er að hann verði farinn að aka um þjóðvegi í Bandaríkjunum eftir þrjú ár, eða 2024, að því er fram kemur í tímaritinu Forbes.**

GM mun sjá um að framleiða Hydrotec vetnisefnarafals-„orkukubb" til Navistar sem fyrirtækið Lisle í Illinois, mun setja upp og prófa í flota bíla af Internatinal RH gerð. Með áætluninni er ráðgert að koma vetnisbílum í framleiðslu í atvinnuskyni fyrir árið 2024.



Hydrotec vetnisefnarafals-„orkukubbur" frá General Motors, mun sjá um að umbreyta vetni í rafmagn til að knýja nýjan International RH trukk frá Navistar.

Tilraunaútgáfur af bílnum munu verða í akstri fyrir vöruflutningabílaþjónustuna JB Hunt og verða vetniseldsneytisstöðvar settar upp af OneH2 fyrirtækinu. Það er rekstraraðili fyrir vetniseldsneyti í atvinnuskyni og sér m.a. um að útvega vetni fyrir verksmiðjur og lyftara.

Markmiðið er að Navistar vörubílarnir verði með meira en 500 mílna drægni á hverja eldsneytishleðslu, eða yfir 800 kílómetra, og að hægt sé að fylla á tanka með vetni á um það bil 15 mínútum. Var þetta haft eftir Persio Lisboa, stjórnarformanni og forstjóri Navistar. Hann hefur þó ekkert viljað láta uppi um hugsanlegt verð á þessum International RH trukki.

*Eru ekki að horfa á eina allsherjarlausn í samgöngumálum*

„Við höfum í huga að næsta kynslóð flutningabíla verði mikilvægur hluti af vistkerfislausn og farartæki sem ekki losa $CO_2$ og þar dugi ekki að horfa á eina lausn varðandi orku." „Til að flýta fyrir upptöku nýrrar tækni Navistar telur hann samvinnu vera lykilatriði.

„GM er traustur samstarfsaðili á sviði iðnaðar. Eftir umfangsmiklar rannsóknir valdi Navistar GM til samstarfs um efnarafala vegna forystu fyrirtækisins á því sviði á heimsvísu. "

Tilkynningin um þessi áform Navistar komu í kjölfar yfirlýsinga nýju Biden-stjórnarinnar í Bandaríkjunum um forgangsröðun varðandi það hvernig Bandaríkin muni draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hyggst stjórnin því hvetja til framleiðslu rafknúinna ökutækja.

*Framtíðin liggur bæði í notkun á rafhlöðum og efnarafölum*

Þó að notkun rafhlaðna sé aðlaðandi valkostur fyrir rafknúna fólksbíla og létta og meðalþunga flutningabíla, þá eru þyngri bílar og trukkar með aftanívanga erfiðari áskorun að leysa með notkun á rafhlöðum. Rafhlöður eru hlutfallslega of þungar miðað við orkurýmd til að knýja þunga bíla um langar vegalengdir. Fyrir vikið myndast tækifæri fyrir alþjóðlegt samstarf um þróun á vetnisknúnum trukkum. Þannig vinnur Nikola, með Bosch og GM. Samstarf hefur einnig verið að mótast milli Toyota og Kenworth, Hyundai Motor og Cummins og Daimler og Volvo Trucks.

Fyrir ökumenn flutningabíla er vetnið áhugaverður kostur fyrir þær sakir að það tekur svipaðan tíma að dæla vetni á bíl og það tekur að fylla á tankinn með dísilolíu. Hleðslutími á rafhlöðum er hins vegar mun lengri.

„Við teljum að bæði rafhlöður og efnarafalatækni verði mikilvægar lausnir á þessum markaði," sagði verkfræðingurinn Gary Horvat, sem er aðstoðarforstjóri Navistar. Hann telur að í léttari bíla fyrir 400 til 500 km vegalengdir verði notaðar rafhlöður en efnarafalar fyrir þyngri bíla sem keyra þurfi að komast um 500 til 800 km á tanknum eða meira.

/HKr.





Bændablaðið
Auglýsingasíminn er 56-30-300
Næsta blað kemur út 25. febrúar

LÍF & STARF

Loftslagsvænn landbúnaður:

# Fimmtán sauðfjárbú bætast í hópinn

**Fyrir skemmstu var nýr hópur sauðfjárbænda tekinn inn sem þátttakendur í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Verkefnið er að hefja sitt annað ár, en fyrstu þátttökubændurnir byrjuðu árið 2020.**



Dreifing bæjanna sem taka þátt í verkefninu; gulu bæirnir eru þeir sem nú bætast við.

Verkefnið gengur út á að bændurnir geri aðgerðaráætlun fyrir búin um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Það er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Bæirnir sem bætast við núna eru 15 talsins – og að sögn Berglindar Óskar Alfreðsdóttur verkefnisstjóra er verkefnið mjög öflugt stjórntæki í loftslagsmálum landbúnaðarins. „Þar sem það byggir á grasrótarnálgun þar sem hver bóndi gerir sína eigin aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlun búsins er verkfærakista og lykill þeirra að loftslagsvænum landbúnaði. Verkefnið miðar allt að því að efla og smám saman stækka verkfærakistuna, meðal annars með fræðslu sérfræðinga í loftslags- og umhverfismálum og jafningjafræðslu."

### *Ýmsir möguleikar í boði*

Þeir möguleikar sem eru skoðaðir til að draga úr losun eru bætt nýting tilbúinna áburðarefna og frekari nýting lífrænna áburðarefna, möguleikar á ræktun niturbindandi jurta, minni olíunotkun, verndun jarðvegs við jarðvinnslu, endurheimt votlendis og draga úr innyflagerjun búfjár.

Til aukinnar kolefnisbindingar eru skoðaðir möguleikar til uppgræðslu, endurheimt skóglendis (birkiskóga og víðikjarrs), skjólbeltaræktun og ræktun hagaskóga og ræktun timburskóga. Auk þess eru þátttakendur hvattir til þess að hugsa út fyrir rammann og koma með nýjar hugmyndir að loftslagsvænum aðgerðum.


Berglind Ósk Alfreðsdóttir verkefnisstjóri.

„Loftslagsvænn landbúnaður hentar öllum búgreinum og búgerðum, það er stórum eða litlum búum og ólíkum staðháttum þar sem það tekur mið af þörfum og getu hvers þátttökubús. Verkefnið er samstarfsverkefni allra þeirra sem búa á viðkomandi búi, enda verða aðgerðirnar hluti af daglegum störfum.

Það er gaman að sjá að strax eftir fyrsta ár verkefnisins erum við farin að sjá góðan árangur af verkefninu. Ekki einungis í þeim fjölda aðgerða sem þátttakendur hafa sett sér, en á fyrsta ári verkefnisins voru sett 165 markmið, sem munu með beinum hætti skila sér í loftslagsvænni búum. Ekki má gleyma að þátttakendur í verkefninu smita aðra í sínum samfélögum af áhuga á loftslagsmálum og miðla þekkingunni m.a. inn í sveitarstjórnirnar.

Mikill áhugi er á verkefninu og færri komust að en vildu," segir Berglind Ósk.

Að sögn Berglindar Óskar stendur til að taka inn nýjan hóp sauðfjárbænda í gæðastýringu inn í janúar á næsta ári. Vonandi verður öðrum búgreinum boðin þátttaka sem fyrst, því verkefnið tekur á flestum möguleikum landbúnaðarins í loftslagsmálum," segir hún.

Verkefnið er hugsað til fimm ára og eru bændurnir styrktir fjárhagslega til að standa straum af kostnaði. Einnig er gaman að segja frá því að þegar líður á verkefnið taka við aðgerða- og árangurstengdar greiðslur en Loftslagsvænn landbúnaður verður fyrsta verkefnið á Íslandi þar sem árangurstengdar greiðslur verða hluti af verkefninu.

*/smh*

# Nám í jarðvirkjun hefst í Tækniskólanum

**Nám í jarðvirkjun mun hefjast hjá Tækniskólanum næsta haust og verður það ætlað nýnemum á framhaldsskólastigi, sem og þeim sem þegar starfa í greininni. Námið mun undirbúa einstaklinga undir fjölbreytt störf sem felast í jarðvegsvinnu, s.s. efnisflutninga, frágangsvinnu og grunnvinnu við byggingarlóðir.**

### *Nýliða vantar í jarðvirkjun*

Skortur hefur verið á nýliðun starfsfólks í jarðvirkjun hérlendis og með auknum kröfum um öryggi og gæði, styttri framkvæmdatíma, minna rask, þéttingu byggðar og tækniþróun eykst þörfin sífellt fyrir vel menntað starfsfólk á því sviði.

„Ég fagna því að nemendur geti brátt sótt sér aukna þekkingu á þessu mikilvæga starfssviði. Við viljum skapa tækifæri fyrir fólk á öllum aldri til þess að efla færni sína og sérhæfingu, og mæta þörfum samfélagsins hverju sinni," segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra. Nánari upplýsingar um námið má finna á heimasíðu Tækniskólans. */MHH*

GRÓÐURHÚS






Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 571-3535
VEFFANG www.bkhonnun.is

Lely Center Ísland



Baggaspjót
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Gámur er góð geymsla

Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu



- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.




Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket- og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar
Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Sigríður Ævarsdóttir á Gufuá í Borgarfirði er magnaður teiknari og málari:

# Dýrin í mestu uppáhaldi en getur teiknað og málað hvað sem er

**„Ég heiti Sigríður og bý ásamt eiginmanni mínum, Benedikt Líndal, og yngsta barni okkar hjóna á jörðinni Gufuá í Borgarfirði. Við höldum þar hross og smávegis af geitum og forystufé og stundum hrossatamningar og þjálfun. Einnig bjóðum við upp á upplifanir fyrir gesti í anda hæglætis (slow travel). Fólk kemur þá til okkar í geitalabb, kíkir á forystufé eða fer í náttúrugöngu með sagnaþul. Þetta er allt hægt að skoða betur inn á vefsíðunni www.gufua.com,“ segir Sigríður Ævarsdóttir á Gufuá í Borgarfirði.**

Hún hefur getið sér gott orð fyrir teikningar sínar enda meira en nóg að gera hjá henni að teikna og mála myndir fyrir alls konar fólk, Sigríður hefur sérstaklega gaman af að skapa á blaði myndir sem tengjast dýrum.



Sigríður á Gufuá í Borgarfirði einbeitt við skrifborðið sitt heima í sveitinni að galdra fram eitt af verkum sínum. Hafi fólk áhuga á að fá hana til að vinna verk fyrir sig er best að senda henni tölvupóst á netfangið harmony@inharmony.is

### *Bóndi í 40 ár*

„Ég man nú ekki hvenær ég byrjaði að teikna eða mála, það er eitthvað sem ég hef alltaf gert, með hléum þó, þegar ég hef verið upptekin í öðru. Það er bara eitthvað í blóðinu, þetta með að skapa. Verandi bóndi í hartnær 40 ár og lengst af með stórt heimili hefur ekki alltaf verið tími eða aðstaða til að mála. Þá var gott að notast við blýant, lítið mál að draga fram teikniblokkina milli verka og kippa henni svo til hliðar þegar tíminn kláraðist. Verra hefði það verið ef ég hefði verið að mála með olíu eða akrýl, sem þarf tíma, sem ég hafði ekki, til að þorna. Ég á alveg eftir að prófa að mála með svoleiðis litum en fer kannski út í það núna í seinni hálfleik,“ segir Sigríður létt í bragði, aðspurð hvenær hún hafi byrjað að teikna og mála. Þá má geta þess að tveir synir hennar og Benedikts eru rithöfundar (en það eru þeir Ævar Þór og Guðni Líndal) og Sigurjón Líndal er í myndlistarnámi og ekki má gleyma dótturinni, Ingibjörgu Ólöfu, en hún er mjög flink handverkskona, sérstaklega í leir og steinalist.

### *Lítur ekki á sig listamann*

Sigríður hefur ekki farið í myndlistarnám annað en þá áfanga sem voru í boði í MH þegar hún var þar í skóla á sínum tíma, enda ætlaði hún hvort eða er aldrei að verða listamaður og hún lítur ekki á sig sem listamann, hún segist bara mála. Það sama á við um ljósmyndun og ýmislegt sem hún skrifar, en hún sé þó hvorki ljósmyndari né rithöfundur.

### *Dýrin eru skemmtilegust*

Sigríður segist nánast alltaf vera með fyrirmyndir þegar hún er að mála og teikna. Þannig hafi það verið frá því að hún var unglingur.

„Já, dýrin mín eru oftast fyrirmyndir mínar, sérstaklega hestarnir. Þeir eru náttúrlega mjög skemmtileg og oft ögrandi viðfangsefni en ég get teiknað og málað hvað sem er ef út í það er farið. Dýrin og búskapur eru áhugasvið mitt og mér finnst skemmtilegt að mála dýr og þess vegna mála ég þau. Ég fór að leika mér að mála myndir af forystuhrútunum mínum núna nýlega því þeir eru svo flottir og vígalegir og í framhaldinu prófaði ég að mála, „venjulegar“ kindur. Ég hefði aldrei trúað því að óreyndu hvað rollur eru flottar fyrirmyndir. Svo er náttúrlega mjög gaman að mála fugla, þó ég hafi ekki gert mikið af því, rétt eins og það er mjög gaman að taka ljósmyndir af þeim og reyndar alveg sérstök „kategoría“ út af fyrir sig að vera góður fuglaljósmyndari,“ segir Sigríður.



„Hestur og knapi“, falleg mynd eftir Sigríði en knapinn er Sigvaldi Lárus Guðmundsson, sem var í Hólaskólaverknámi á Gufuá um tíma, hér á hryssunni Trommu.



Kattarmynd að hætti Sigríðar.



Hestar eru í miklu uppáhaldi hjá Sigríði.



Verk eftir Sigríði, flottur og fallega hyrndur hrútur.



Folald á spena hjá mömmu sinni, falleg mynd hjá Sigríði.

„Ef fyrirmyndin er góð skiptir ekki máli hvaða dýr er um að ræða, það sem skiptir mestu, sýnist mér, er að ná karakter dýrsins sem um ræðir og þar finnst mér augun vera aðalatriðið.“

### *Nauðsynlegt að hafa frið*

Sigríður segir að það sé miserfitt eftir myndum að teikna og mála þær, stundum sé hún lengi með myndina en stundum komi það strax. Það fari líka eftir dagsformi hennar, hvort hún sé í stuði þegar hún sest niður og byrjar. Henni finnst líka gott að hafa frið í kringum sig en svo finnst henni líka fínt að hlusta á eitthvað áhugavert á meðan hún er að skapa verkin sín.

### *Passar vel með búskapnum og ferðaþjónustunni*

Í framhaldi af því að Sigríður birti á Facebook-síðunni sinni málaðar myndir af hrútunum sínum, kisum dóttur sinnar og einhverjum hrossum af bænum, hefur fólk verið að biðja hana um að mála myndir af uppáhaldsdýrum sínum, eins og hestum og hundum, sem hún hefur gert með bros á vör.

„Já, já, það er nóg að gera og það passar vel því vegna COVID er rólegt í geitalabbi og lítið í gangi í ferðaþjónustunni, svo ég hef tök á að mála eitthvað fram á vorið og vonandi hafa einhverjir áhuga á að nýta sér það. Ég er reyndar að fara í að myndskreyta bók sem við maðurinn minn erum að byrja að vinna saman og svo að undirbúa sumarið fyrir geitalabb og fleira. Ég er sem sagt að byrja að temja fullt af nýjum, ungum geitum og forystusauði til að hafa í upplifununum næsta sumar, og svo þarf ég náttúrlega að mála þá,“ segir Sigríður og skellir upp úr.

Þegar ástandið er orðið eðlilegt vegna COVID ætlar Sigríður að vera með málaðar myndir af dýrunum sínum og minjagripi til sölu á bænum þegar ferðaþjónustan fer vonandi af stað í vor eða sumar. Þeir sem vilja komast í samband við Sigríði geta gert það í gegnum netfangið hennar, harmony@inharmony.is. */MHH*

Landbúnaðarháskóli Íslands:

# Fékk fjölda styrkja

**Landbúnaðarháskóli Íslands og starfsmenn hans hafa hlotið fjölda styrkja til verkefna það sem af er árinu, ýmist sem aðalumsækjendur eða samstarfsaðilar. Má þar nefna úthlutanir á vegum Rannís og Matvælasjóðs fyrir styrkárið 2021.**

Christian Schultze, rannsókna- og alþjóðafulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands, segir: „Það er einstaklega ánægjulegt hversu mikil gróska er í rannsóknastarfi innan veggja skólans og spennandi að fylgjast með þessum verkefnum áfram.“

Í tilkynningu frá skólanum segir að „verkefnin [séu] fjölbreytt og sýna breidd skólans og sérstöðu hans sem er líf og land í sínum víðasta skilningi. Öflugt samstarf er skólanum afar mikilvægt en hlutverk hans er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum og stuðla þannig að verðmætasköpun og fæðuöryggi til framtíðar með sjálfbærri nýtingu auðlinda.“

**Grasbítar á norðlægum slóðum**

Í úthlutun úr Rannsóknarsjóði Rannís á sviði náttúru- og umhverfisvísinda hlaut verkefni Isabel C Barrio deildarforseta, Grasbítar á norðlægum slóðum: tengsl fjölbreytni og starfsemi, styrk. Ásamt Isabel er Emmanuel Pierre Pagneux lektor meðumsækjandi.

***Viðbrögð túndruvistkerfa við beitarfriðun***

Jón Guðmundsson lektor og Isabel eru samstarfsaðilar í verkefni leitt af Háskóla Íslands sem heitir Föst í viðjum hnignunar? Viðbrögð túndruvistkerfa við beitarfriðun. Jón er einnig samstarfsaðili í öðru verkefni sem leitt er af Háskólanum á Hólum ásamt Birni Þorsteinssyni prófessor og kallast Áhrif langtíma beitarfriðunar á kolefnisupptöku og kolefni í graslendisjarðvegi.

***Mannakorn og Birta***

Skólinn fékk einnig styrki úr nýstofnuðum Matvælasjóði sem hefur það hlutverk að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri hlaut styrk fyrir verkefnið Mannakorn og er unnið meðal annars í samstarfi við Sandhól. Verkefnið BIRTA Gróðurhúsalausn hlaut einnig styrk en þar er Christina Stadler lektor samstarfsaðili.

***Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld***

Verkefnið Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld – áskoranir, leiðir og ávinningur, hlaut Markáætlun Rannís en það er í umsjá Ásu Lovísu Aradóttur prófessors í samstarfi við Landgræðsluna og HÍ. Einnig hlaut verkefnið Staðbundin nýting hráefna í áburð – heildstæð nálgun að hringrásarhagkerfi, styrk og er Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri þar samstarfsaðili.

***Útbreiðsla, stofnþróun og verndun náttúrsjófugla***

Styrk til doktorsverkefnis hlaut Stephen Hurling en Jan Axmacher gestalektor og Hlynur Óskarsson dósent eru meðal annarra leiðbeinendur hans í verkefninu Útbreiðsla, stofnþróun og verndun nætursjófugla á Íslandi.

***Borgir og loftslagsvandinn***

Á sviði skipulags og hönnunar er teymi innan skólans komið áfram eftir fyrsta hluta alþjóðlegrar hönnunarsamkeppni samtakanna C40 Reinventing Cities, þar sem markmiðið er að fá borgir til að leggja sig fram í baráttunni gegn loftslagsvanda. Teymið skipa Kristín Pétursdóttir, lektor og brautarstjóri, Steinunn Garðarsdóttir sérfræðingur og Samaneh Nickayin lektor og eru í samstarfi við íslenskar og erlendar stofur og fyrirtæki. Svæðið sem um ræðir er Sævarhöfði í Reykjavík og þarf vinningstillagan að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í öllum þáttum hönnunarinnar.

/VH

Tækniminjasafn Austurlands:

# Hópfjármögnun í kjölfar aurskriðna á Seyðisfirði

**Tækniminjasafn Austurlands hefur hrundið af stað hópfjármögnun á Karolina fund sem hófst 8. febrúar og mun standa til 15. mars. Markmiðið er að safna 70.000 evrum, um 10 milljónum íslenskra króna, en Karolina fund hefur gert þá undantekningu á starfsreglum sínum að ekki er nauðsynlegt að söfnunin nái að fullu markmiði sínu. Ef minna safnast mun það engu að síður gagnast safninu.**

„Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði kallar á hjálp eftir að gríðarstórar aurskriður féllu á safnasvæði þess þann 18. desember 2020. Mikil mildi er að ekkert manntjón varð í þessum náttúruhamförum sem skilja eftir stórt sár í landslagi og samfélagi Seyðisfjarðar. Þetta er stærsta skriða sem fallið hefur á byggð á Íslandi, hún hreif með sér fjölda húsa í kjölfar mestu úrkomu sem mælst hefur á landinu á jafn stuttum tíma. Þessi mikla úrkoma og hlýindi í desember eru mjög óvanaleg og má að öllum líkindum rekja til loftslagsbreytinga.

Eyðileggingin sem safnið stendur frammi fyrir er gríðarleg. Skriðan gjöreyðilagði tvö húsa þess, auk þess sem aðrar fasteignir og safnasvæðið sjálft urðu fyrir umtalsverðum skemmdum. Þá varð stór hluti safnkostsins, hjarta og undirstaða hvers safns, fyrir skriðunni. Margir ómetanlegir safnmunir með mikla og merka sögu eru horfnir að eilífu auk hinna sögulegu húsa og við því er ekkert hægt að gera. En öðrum gripum hefur verið bjargað úr rústunum, í misgóðu ástandi þó. Mjög tímafrek vinna er fram undan við að koma skipulagi á, hreinsa og skrá það sem við munum finna. Til þess þurfum við að geta greitt fólki laun, komið upp nýju geymsluhúsnæði og keypt þau aðföng sem til þarf til að tryggja eins góða varðveislu og hægt er.

Um þessar mundir kemur hópur safnmanna undir forystu Þjóðminjasafnsins hálfsmánaðarlega í þriggja daga vinnubúðir við að fara í gegnum þá safngripi sem finnast. Sú vinna fer fram í mjölskemmu Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Þá er ljóst að Vjelsmiðjan, steinsteypt hús frá 1907, er meira skemmd en vonir stóðu til í fyrstu og því er brýnt að tæma það sem enn stendur uppi af henni sem fyrst. Aðrar byggingar safnsins eru einnig á því svæði sem búið er að lýsa yfir að ekki er hægt að verja svo viðunandi sé og tæming þeirra bygginga er því einnig yfirvofandi.“

***Tengill á söfnunina er hér:***
https://www.karolinafund.com/project/view/3235

***Tengill á kynningarmyndband:***
https://vimeo.com/507460042

Fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast hafið samband við Elfu Hlín Sigrúnar Pétursdóttur, s. 895-7966, elfa@tekmus.is. /VH




Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson
**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Viltu halda óvinum frá fóðurbætinum?

Eigum til sölu nokkur útlitsgölluð 630 lítra tappalaus ker sem tilvalin eru til varðveislu og geymslu á fóðurbæti

Auðvelt er að setja hjól undir kerin

Kerið kostar aðeins 31.000 kr. með vsk
Hægt er að fá lok á kerið fyrir 12.400 kr. með vsk.

sæplast
SÆPLAST | Gunnarsbraut 12 | 620 Dalvík | Sími: 460 5000 | sales.europe@saeplast.com | www.saeplast.com

## Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands:

# Landbúnaður á Íslandi stendur frammi fyrir mörgum og ólíkum áskorunum



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is




Vigdís Häsler, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.



Vigdís ásamt Kamillu Marín við Skógafoss.



Gerald og Vigdís Häsler ásamt dætrunum Alice Emilíu og Kamillu Marín.

**Vigdís Häsler lögfræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands og tók hún til starfa um síðustu mánaðamót. Að hennar mati stendur íslenskur landbúnaður frammi fyrir mörgum áskorunum um þessar mundir. Þar á meðal eru loftlags- og umhverfismál, tryggingarmál bænda og fæðuöryggi allra landsmanna.**

„Ég myndi skilgreina mig sem ósköp venjulega konu og fjölskyldukonu. Ég er mjög ákveðin en samt tiltölulega létt í fasi og vinnusöm, þjónustulunduð og skipulögð. Ég hef þó fengið að heyra frá bæði móður minni og tengdamóður að ég sé full virk fyrir þeirra smekk. Samt þykir mér líka afskaplega gott að draga mig í hlé og finna afslöppun og hvíld í einhverju öðru en að setja fætur upp í loft, eins og að elda eða stunda útiveru. Í raun er ég þannig að ég þarf alltaf að hafa mikið fyrir stafni. Því þannig líður mér best.“

### *Fædd á Jövu*

Vigdís er fædd á eyjunni Jövu í Indónesíu og fékk nafnið Octaviane þegar hún kom í heiminn. Foreldrar hennar eru Sveinn Frímannsson tæknifræðingur, sem er ættaður úr Mosfellssveit, og Guðríður Sædís Vigfúsdóttir heitin, sem er Hornfirðingur.

„Pabbi vann mikið þrekvirki þegar hann flaug heimshorna á milli og sótti mig til Indónesíu og kom ég til Íslands á sjálfan kvennafrídaginn, 24. október 1982, þá rúmlega þriggja vikna gömul. Ef til vill átti þessi dagur sinn þátt í nafnavalinu hjá mömmu en það kom víst ekki annað til greina en að ég fengi nafnið Vigdís, í höfuðið á systur mömmu og forsetanum okkar.“

### *Í sumarbúðum fyrir norðan*

„Sem barn var ég send í sumarbúðir á Ástjörn norður í landi í allt að átta vikur á hverju sumri fram að fermingaraldri. Mér þótti það ósköp gott og eignaðist mikið af vinum þar og upplifði ýmis ævintýri með besta vini mínum, Sveini Biering, grænmetisbónda og einum af eigendum Vaxa. Dvölin á Ástjörn stappaði svo sannarlega stálinu í okkur krakkana sem vorum þar, enda engir „þyrluforeldrar“ á sveimi. Við fengum að hringja heim einu sinni í viku, en það kom sjaldan fyrir að maður nýtti sér það, og fljótt og örugglega lærði ég að sinna mér sjálf en vissulega með aðstoð þeirra sem störfuðu í þvottahúsinu.

Í Reykjavík ólst ég upp í hverfi 104 og sótti stíft æskulýðsstarf í Áskirkju og tók þátt í margs konar íþróttum. Níu ára gömul fann ég mig í skautaíþróttinni í Laugardal og iðkaði hana þar til ég varð tvítug. Ég var í landsliðinu á skautum, keppti mikið á veturna og tók þátt í mörgum mótum, þar á meðal einu heimsmeistaramóti,“ segir Vigdís.

Að lokinni grunnskólagöngu hóf hún nám við Fjölbrautaskólann í Ármúla og flutti úr foreldrahúsum um svipað leyti þegar foreldrar hennar fluttu til Montreal í Kanada þar sem faðir hennar var með sérverkefni í tengslum við byggingu Alcoa Fjarðaáls.

### *Stóð til að fara í guðfræði*

„Ég kynntist svo manninum mínum, Gerald Häsler, og við fluttum til Akureyrar þar sem ég hóf nám í lögfræði við Háskólann á Akureyri og hann í viðskiptafræði. En áður en lögfræðin varð fyrir valinu stóð alltaf til að fara í guðfræði. Mamma hafði nefnilega lengi látið sig dreyma um séra Vigdísi. Árið 2013 lauk ég LLM-prófi frá University of Sussex í Bretlandi.

Eftir útskrift 2008 hóf ég störf á lögmannsstofunni Lögmönnum Höfðabakka, sem nú heitir MAGNA. Ég var þar í rúmlega sjö ár og fór þaðan til Sambands íslenskra sveitarfélaga með viðkomu í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu árið 2017 sem aðstoðarmaður Jóns Gunnarssonar. Ég hef síðan starfað á Alþingi sem aðstoðarmaður þingmanna fyrir þingflokk Sjálfstæðisflokksins.

Að mínu mati er Alþingi stórskemmtilegur vinnustaður, lifandi og fjölbreyttur, en það skýrist meðal annars út af fjölbreyttri samsetningu starfsmannanna og svo allra kjörnu fulltrúanna sem þar sitja.“

Vigdís hefur setið í stjórnum félagasamtaka og í kjörstjórn Garðabæjar fyrir kosningar til alþingis- og sveitarstjórnar og forsetakosningar.

### *Umhverfismál og fæðuöryggi*

„Ég lít svo á að landbúnaður á Íslandi standi frammi fyrir mörgum og ólíkum áskorunum og má þar nefna stórmál eins og loftslags- og umhverfismálin, fæðuöryggi landsmanna og tryggingamál bænda, svo eitthvað sé nefnt. Við verðum að horfa til framtíðar og sjá fyrir okkur hvernig við viljum að íslenskur landbúnaður verði að 10 til 15 árum liðnum.


Sheperd‘s pie, með íslensku lambahakki, einn af réttunum sem Vigdís lærði að elda í Brighton.

Að mína mati verða að nást mun meiri samlegðaráhrif landbúnaðar og við umhverfis. Einstaklingsframtakið hefur verið undirstaða landbúnaðar á Íslandi og gefa þarf bændum frelsi til að grípa tækifærin þannig að þeim takist að marka sína sérstöðu innan hverrar búgreinar. Það þarf að auka heimildir og möguleika bænda á að slátra heima og selja sínar afurðir.

Ég sem áhugamanneskja um mat er mjög umhugað um fæðuöryggismál landsmanna og þátt landbúnaðarins í þeim efnum. Að mínu viti þarf að stefna að því markmiði að tryggja fæðuöryggi Íslendinga með því að efla innlenda framleiðslu og tryggja samkeppnishæfni framleiðslunnar gagnvart innflutningi. Til framtíðar liggja tækifærin í landbúnaði og matvælaframleiðslu.

Framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða er um 65 milljarðar króna sem sýnir að umhverfið okkar miðað við stærð landsins og fjölda íbúa er hreinlega af allt annarri stærðargráðu en annars staðar. Að bera saman landbúnaðinn hér á landi og það sem á sér stað í löndunum í kringum okkur, í Skandinavíu og í Evrópu, er því eins og að bera saman epli og appelsínur og því megum við ekki gleyma.“

*Fjallgöngur og eldamennska*

Að sögn Vigdísar á hún fjölda áhugamála sem hún leggur stund á í frístundum. „Ég á enskan cocker spaniel sem heitir Bastian og er dásamlegur hundur í alla staði. Fjölskyldan fer reglulega í Skötubótina við Þorlákshöfn og út á Reykjanes, þar sem bæði menn og dýr taka góða spretti meðfram ströndinni. Í fyrra, eftir að COVID-19 fór að herja á heiminn, fór ég að ganga á fjöll, sem er nýtt hjá mér, en vonandi eitthvað sem ég mun halda áfram að gera á komandi sumri.


Fjöruferð í Sandvík, suður af Hafnarbergi á Reykjanesi með Bastian.

Annars stóð reyndar til að einbeita sér að golfinu sem byrjaði í fyrrasumar og ég steinféll fyrir.

Mitt stærsta áhugamál er hins vegar matur og matargerð og uppáhaldsréttir mínir eru kjötsúpa og slátur og við mamma tókum lengi saman slátur áður en hún dó. Mamma eldaði alltaf bestu kjötsúpu í heimi á afmælisdeginum mínum. Hennar leynitrikk var að setja eina matskeið af sykri í súpuna og fyrir vikið varð súpan miklu betri og ólík allri annarri kjötsúpu. Ég verð líka að nefna að hægeldaðir svínaskankar í bjórsósu og nautatartar með hráu eggi eru ofarlega á listanum þegar við hjónin viljum gera vel við okkur.

Við hjónin hengdum upp nautaribeye á beini og lambahrygg í lítinn kæli inni í bílskúr fyrir skömmu og ætlum að látum það hanga í 6 til 8 vikur og það er gífurleg tilhlökkun með útkomuna,“ segir Vigdís að lokum. /VH

SAGA & MENNING

# Endurreisn Halldórsbúðar í Vík

**Nú á að fara í endurbyggingu Halldórsbúðar í Vík í Mýrdal, sem hýsti Verslun Halldórs Jónssonar, bónda í Suður-Vík, verslunarmanns, oddvita og eins helsta athafnamanns Skaftfellinga, en húsið hefur staðið á Víkursandi í 118 ár.**

Halldórsbúð er illa farin en til stendur að nýta efnivið úr henni við uppbygginguna. „Vinna við grunninn er lokið en fjármagn ræður því hvað við komumst langt á þessu ári með framkvæmdina. Minjastofnun og Mýrdalshreppur hafa styrkt verkefnið ásamt því að 13 milljónir af þeim peningum sem ríkisstjórnin úthlutaði til að efla framkvæmdir í þeim sveitarfélögum sem glíma við hvað mest atvinnuleysi fara í verkefnið,“ segir Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps. /MHH


Eins og sjá má þá er húsið Halldórsbúð í Vík mjög illa farið en samt á að fara að endurbyggja húsið sem hefur staðið á Víkursandi í 118 ár. Mynd / Örlygur Karlsson















Freyðivíni hellt í glas.

# Bubblur í glasi




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Í huga margra er allt freyðivín kampavín en það er ekki rétt. Kampavín er freyðivín en freyðivín er ekki endilega kampavín. Samkvæmt lögum Evrópusambandsins er bannað að merkja freyðivín sem kampavín nema það komi frá Champagne-vínræktarhéruðum í Norðaustur-Frakklandi.**

Reglur um framleiðslu á kampavíni eru strangar og aðallega þrjár gerðir af þrúgum notaðar við framleiðsluna. Þrúgurnar eru Pinot noir, Pinot Meunier og Chardonnay, auk þess sem Pinot blanc, Pinot gris, Arbane og Petit Meslier eru notaðar til kampavínsgerðar en í minna mæli.

Víngerðarmenn í Champagne á 17. öld lögðu áherslu á að tengja freyðivínið sitt við aðals- og kóngafólk með auglýsingum og vönduðum pakkningum. Í framhaldinu fór millistéttinni að þykja vín frá héraðinu fín og hefur það loðað við þau síðan.

### *Saga*

Rómverjar voru fyrstir til að gróðursetja vínvið í Champagne-héraði sem í dag er norðan við París. Ræktunin gekk illa í fyrstu þar sem Domitan Rómarkeisari á fyrstu öld bannaði nýplöntun á vínvið og krafðist þess að vínekrur í nýlendunum yrðu upprættar um helming. Tilskipun Domotan var hugsuð til að auka kornrækt og auka þannig matvælaframleiðslu og draga úr framleiðslu annars flokks vína. Ákvörðun keisarans var óvinsæl og alls óvíst að henni hafi alls staðar verið fylgt.

Probus Rómarkeisari á þriðju öld, sem var sonur garðyrkjumanns, ógilti tilskipun Domotan og í framhaldi af því var reist musteri til heiðurs Bakkusi í Champagne-héraði og vínframleiðslan blómstraði.

Á fimmtu öld var héraðið þekkt fyrir létt og ávaxtarík rauðvín og á vínekrum sem voru í eigu kirkna og klaustra var framleitt vín sem tengdist helgihaldi. Hefð var fyrir því að Frakkakonungar væru krýndir í borginni Reims og að boðið væri upp á Búrgúndi-vín við athöfnina. Vínræktendur í Champagne-héraði töldu sig geta boðið betra vín og lögðu mikla vinnu í að finna þrúgur sem hentuðu loftslagi og jarðvegi héraðsins.



Pinot noir þrúgur.



Chardonnay þrúgur.



Þrúgur Pinot Meunie.

### *Freyðivín verður til*

Elsta þekkta heimildin um freyðandi vín er frá 1531. Vínið kallast Blanquette de Limoux og var framleitt af Benediktusarmunkum í klaustri Saint-Hilarie í Suður-Frakklandi.

Benediktusarmunkurinn Don Pérignon fæddist í Champagne-héraði og gekk í klaustur í sinni heimasveit. Þrátt fyrir að Pérignon hafi ekki fundið upp freyðivín, eins og stundum er haldið fram, vann hann ötullega að því að bæta framleiðsluaðferðir og gæði vínsins. Meðal annars með því að setja vín á flöskur áður en gerjun lauk. Að mati Pérignon voru Pinot noir þrúgur bragðbestar og því átti eingöngu að nota þær til að búa til freyðivín. Hann vildi líka að vínviðurinn væri klipptur reglulega þannig að hann færi aldrei yfir einn metra að hæð og að hver planta gæfi hæfilega af sér af þrúgum og alls ekki of mikið því að þannig næðust betri gæði.

Nokkrum árum fyrr hafði Bretinn Christopher Merret gert tilraunir með að bæta sykur í fullgerjað vín áður en það var sett í flöskur og ná þannig fram seinni gerjun í flöskunum. Aðferð Merret þróaðist samhliða því að breskir flöskuframleiðendur gátu framleitt þykkari og betri flöskur sem þoldu aukin þrýsting innan frá.

Á sama tíma áttu franskar vín- og flöskugerðir í stökustu vandræðum því glerið í frönskum flöskum sprakk auðveldlega undir þrýstingi eða þá að tappinn gaf sig og skaust af. Árið 1844 hannaði Frakkinn Adolphe Jaquesson hentugt víravirki sem enn í dag er notað til að halda tappanum á sínum stað.

Þrátt fyrir talsverðar yfirburðaaðferðir Merret voru Frakkar tregir við að taka hana upp fyrr en komið var fram á nítjándu öld. Í kjölfarið jókst freyðivínsframleiðsla í Champagne-héraði úr 300 þúsund flöskum árið 1800 í 20 milljón flöskur fimmtíu árum seinna, 1850. Aðferð Merret leiddi einnig til þess að kampavínið varð sætara og mun sætara en það er í dag.

Vinsældir þurra og ósætra kampavína jukust eftir að Frakkinn Perrier-Jouët ákvað að bæta ekki sykri í framleiðsluna 1846 áður en hann seldi vínið til London. Víninu var vel tekið og í framhaldi af því varð til Brut-kampavín árið 1876 sem var sérstaklega framleitt fyrir Bretlandsmarkað.

***Kampavín er skrásett vörumerki***

Framleiðsla á freyðivíni í Champagne-héraði lýtur margs konar lögum og reglum, frá 1927, sem ekki gilda um slíka framleiðslu annars staðar. Reglurnar ná meðal annars til hvaða þrúgur má rækta og hvar, hvernig og hvenær á að klippa vínviðinn og hvernig á að pressa þrúgurnar. Einungis vín sem stenst allar þessar kröfur fær leyfi til að kallast Kampavín.

Undanfarin ár hefur talsverður þrýstingur verið á að fleiri vínræktarhéruð megi nota heitið kampavín en vínframleiðendur í Champagne-héraði hafa verið því algerlega mótfallnir og benda á að heitið sé alþjóðlega skrásett vörumerki og verndað með lögum.

Til að vega upp á móti einokun á heitinu kampavín kalla Spánverjar sitt freyðivín Cava, Þjóðverjar Sekt, Rússar shampanskoe og Ítalir spumante. Ítalskt freyðivín er aðallega gert úr Muscat, Asti og Glera þrúgum. Auk þess sem héruð í Frakklandi, Burgundy og Alsace, kalla sitt freyðivín Crémant.

***Framleiðsluaðferð***

Hefðbundin aðferð við framleiðslu á freyðivíni felst í því að eftir fyrstu gerjun er vínið sett á flöskur. Með því að bæta geri og sykri í flöskurnar næst fram önnur gerjun eftir að tappinn hefur verið settur á stútinn. Eftir það eiga flöskurnar að standa í að minnsta kosti eitt og hálft ár til að ná réttu bragði.

Að þeim tíma liðnum er flöskunum komið þannig fyrir að gerbotnfallið safnast í flöskuhálsinn og flöskurnar kældar, flöskuhálsinn frystur og tappinn tekinn úr. Þrýstingurinn í flöskunni ýtir frosnum vökvanum með botnfallinu út. Í sumum tilfellum er örlitlum sykri, en ekki alltaf ,bætt aftur í flöskuna áður en tappinn er aftur settur á eins fljótt og hægt er til að tapa ekki kolsýrunni úr vökvanum.

***Vín djöfulsins***

Eitt af þeim verkefnum sem ábótinn við klaustur heilags Péturs í Hautvillers fól munkinum Dom Pérignon var að losna við gosið, eða bubblurnar, úr víninu. Ástæðan var að glerið í flöskunum þoldi ekki þrýstinginn og sprakk auðveldlega og gátu afföll af þeim sökum orðið allt að 90% þegar hver




Benediktusarmunkurinn Don Pérignon gerði miklar úrbætur þegar kom að framleiðslu freyðivína.

flaskan af annarri sprakk vegna keðjuverkunar.

Raunin var sú að svo mikið var um að flöskur spryngju að starfsmenn í freyðivínskjöllurum þurftu að vera með járngrímur fyrir andlitinu til að slasast ekki við að fá glerbrot í andlitið og freyðivín af þeim sökum kallað vín djöfulsins.

***Markaðssetning***

Á 19. öld var algengt að framleiða sérstakt kampavín til að bera fram við hátíðleg tækifæri og flöskurnar sérstaklega merktar viðkomandi viðburði. Vínið tengdist þannig aðals- og hefðarfólki og markaðssett sem vín aristókrasíunnar.

Franski vínframleiðandinn Laurent-Perrier auglýsti árið 1890 að kampavínið frá þeim væri uppáhald Leopold annars Belgakonungs og Georgs fyrsta konungs Grikklands, auk þess sem tíndur var til fjöldi annarra minni aðalsmanna. Auglýsingaherferðin gekk vel og millistéttin beit á agnið. Um aldamótin 1900 var það millistéttarfólk sem drakk allra stétta mest af freyðivíni.




Næsta auglýsingaherferð fólst í því að markaðssetja sætt kampavín fyrir konur en þurrt fyrir karlmenn. Víndrykkja í Frakklandi og víðast í Evrópu var tengd karlmönnum. Í herferðinni fékk Laurent-Perrier eina greifynju og aðra óperusöngkonu í lið með sér og ferðuðust þær um Evrópu til að kynna vínið, merkingar á flösku voru hannaðar til að höfða til kvenna. Meðal annars með myndum sem tengdust rómantík, ást, brúðkaupum og skírn barna. Merkingar á flöskum sem áttu að höfða til karlmanna tengdust oft pólitík, hermennsku og þjóðernishyggju.

***Þrúgurnar***

Engar reglur gilda um hvaða þrúgur má nota við framleiðslu á freyðivíni og oftar en ekki eru freyðivín búin til úr blöndu mismunandi þrúga.

Þegar kemur að kampavíni gilda strangar reglur og aðallega þrjár gerðir af þrúgum notaðar, græn Chardonnay eða rauðar Pinot noir og Pinot Meunier. Til að forðast að fá aldinhúð í vínið eru þessar þrúgur léttpressaðar.



Best þykir að bera fram freyðivín sé það við 7 til 9° á Celsíus.

Flest kampavín eru búin til úr blöndu allra þessara þrúga.

Aftur á móti er vín sem kallast blanc de blancs einungis gert úr Chardonnay þrúgum en blanc de noirs úr Pinot noir eða Pinot Meunier eða blöndu þeirra.

Freyði- og kampavín sem búin eru til úr blöndu af þrúgum kallast „Non-vintage“ og yfirleitt úr mismunandi árgöngum vína með því að blanda einn árgang með 10 til 15% af víni úr eldri árgöngum. Fínustu blönduðu kampavínin eru það sem kallast cuvée de prestige og þar á meðal eru Laurent-Perrier's Grand Siècle, Moët & Chandon Dom Pérignon, Cuvée Femme, Gold Brut og Cuvée Sir Winston Churchill.

Ekki má gleyma að fyrir utan hristan vodka-martinikokteil er Bollinger-kampavín uppáhaldsdrykkur James Bond.



Jaws, einn af fjandmönnum James Bond, opnaði flösku af Bollinger handa ástinni sinni með tönnunum í myndinni Moonraker.

***Kampavínsflöskur***

Gæði freyði- og kampavínsflaskna hafa batnað mikið frá því að þær sprungu við minnstu hreyfingu. Í dag er kampavín að mestu látið gerjast í annaðhvort 750 millilítra og 1,5 lítra flöskum og þykja vín sem gerjuð eru í minni flöskum betri þar sem í þeim er minna súrefni og yfirborðið líka minna. Auk þess sem á markaði er kampavín í sérframleiddum flöskum fyrir ákveðin vörumerki vína.

Árið 2009 var opnuð flaska af Perrier-Jouët frá 1825 og talin ein af þremur elstu óopnuðu kampavínsflöskum í heimi á þeim tíma. Við athöfnina voru meðal annarra tólf þekktir vínskakkarar og voru þeir sammála um að vínið væri vel drekkandi og bæri keim af trufflum og karamellu.

***Kampavínsfornminjar***

Árið 2010 fann finnskur kafari 168 freyðivínsflöskur í skipsflaki úr af Álandseyjum. Talið er að skipið sem flöskurnar fundust í hafi sokkið á árunum milli 1800 og 1830. Við skoðun á flöskunum kom í ljós að þær komu frá þremur vínframleiðendum, 46 frá Veuve Clicquot, 95 frá Juglar og fjórar Heidsieck og 23 þrjár frá enn sem komið er einu eða fleiri óþekktum framleiðendum.

***Svepplaga tappinn***

Tappar í freyði- og kampavínsflöskum eru mest búnir til úr korkspæni sem búið er að líma saman. Þegar tappinn er settur í flöskuna er fóturinn á honum sívalur en eftir snertingu við vínið þenst hann út og fær á sig svepplagaform þar sem stúturinn er þrengstur efst.

Vegna þrýstingsins í flöskunni losnar tappinn oft með hvelli þegar hann er tekin úr flöskunni. Þeir sem vilja draga úr þrýstingnum og minnka líkur á að vínið freyði úr flöskunni er bent á að kæla flöskuna áður en þeir opna hana.

***Kampavínsglös***

Hefðbundin framreiðsla á freyðieða kampavíni er í tvenns konar glösum. Annars vegar háum og mjóum en hins vegar lágum og víðum glösum. Tilgangurinn með háu og mjóu glösunum er að draga úr því yfirborði vínsins sem kemst í snertingu við loft og varðveita í því kolsýruna.

Hvað lágu og víðu glösin varðar segir sagan að þau hafi verið mótuð eftir brjóstunum á Madame de Pompadour, uppáhaldsfrillu Lúðvíks XV Frakklandskonungs, eða barminum á Marie Antoinette, sem var eiginkona Lúðvíks XVI. Sagan er góð en ekki rétt, þar sem glösin voru hönnuð og framleidd á Englandi árið 1663 og talsvert áður en þær stöllur fæddust.

Best þykir að bera fram og drekka kampavín og önnur freyðivín sem eru 7 til 9° á Celsíus og vínin því oft borin fram í ísfötum.

Þegar freyðivíni er hellt í glas skal halla glasinu þannig að vínið renni mjúklega í það til að varðveita bubblurnar sem best og draga úr froðumyndun.

SAMFÉLAGSRÝNI

# Ný landbúnaðarstefna á grunni umhverfis, sjálfbærni, sérstöðu og verðmætasköpunar

**Öll ríki reka einhvers konar matvæla- eða landbúnaðarstefnu og þar er Ísland engin undantekning. Lengi vel mótaðist þessi stefna af þáttum eins og byggðafestu og matvælaöryggi. Meginstefið í landbúnaðarstefnu allra vestrænna ríkja var þannig að tryggja nægilegt framboð af matvælum í helstu fæðuflokkum. Hliðarmarkmið snerust um að halda landi í byggð, nýta auðlindir o.fl. í þeim dúr. Á síðustu áratugum hafa hins vegar orðið miklar breytingar á framleiðsluaðferðum, umgjörð smásöluverslunar og viðhorfum neytenda.**



Svavar Halldórsson.

*Viðbrögð við breyttum heimi*

Þessum breytingum hafa stjórnvöld reynt að mæta með ýmsum hætti. Offramleiðslu og kjötfjöllum var víða mætt með kvótakerfum og uppkaupum hins opinbera. Í öðrum tilfellum voru það beinir framleiðslustyrkir og tollar sem voru viðbragð stjórnvalda. Víðast er um að ræða blöndu af þessu öllu saman. Nú er svo komið að heimurinn er bundinn í viðamikið net alþjóðlegra samninga, bandalaga og regluverks sem myndar flókna umgjörð um landbúnað og viðskipti með landbúnaðarafurðir. En ný viðhorf hafa rutt sér til rúms á allra síðustu áratugum.

*Ný viðhorf orðið ofan á*

Þessi nýju viðhorf snúa að því að styðja við það sem smærra er í sniðum, gæta að menningarlega mikilvægum matarhefðum og líffræðilegum fjölbreytileika, leggja áherslu á fjölskyldubú, lífræna ræktun, umhverfismál o.s.frv. Þetta nýja viðhorf 21. aldarinnar mætti vel kalla hringrásarviðhorf. Áherslan er jöfnum höndum lögð á gæði, hreinleika, siðlega búskaparhætti og umhverfið, en verð er ekki ráðandi þáttur, þótt það sé vissulega eitt af því sem horft er til.

*Ódýr matur er úrelt viðhorf*

Eldri nálgunin, þar sem megináhersla er á lágt verð á matvælum, mætti að sama skapi kalla 20. aldar viðhorf, þótt þó séu enn ríkjandi víða. Þetta kerfi kristallast í trú á stórtæka framleiðslu eða verksmiðjubú, lágt verð og risastóra stórmarkaði, notkun á GMO og eiturefnum og sumum tilfellum áherslu á einhliða niðurfellingu tolla.

Þessir tveir meginstraumar takast á í allri matvælaframleiðslu og stefnumótun á Vesturlöndum. Hið sama gildir á Íslandi. En nánast hvert sem litið er í veröldinni, sérstaklega í Evrópu, sjáum við að hringrásarviðhorfið er smátt og smátt að hafa betur í baráttunni við sjónarmið verksmiðjubúskapar. Áhersla á umhverfismál, lífrænt, sérstöðu og uppruna verður sífellt veigameiri í allri stefnumótun Evrópusambandsins í matvælaframleiðslu og landbúnaði.

*Lærum af þeim bestu*

Um þrjátíu ár eru síðan Danir settu sér ítarlega og metnaðarfulla stefnu um lífræna framleiðslu. Markið var sett á að verða forysturíki hvað varðar bæði framleiðslu og neyslu á lífrænum vörum. Það hefur tekist og nú er svo komið að Danmörk er í forystu í veröldinni í neyslu á lífrænt vottuðum matvörum og í fararbroddi í framleiðslu. Það var fyrst og fremst vegna nýrrar stefnu og sterkrar pólitískrar forystu sem þetta tókst hjá frændum okkar.

*Ný landbúnaðarstefna á forsendum umhverfismála*

Á Íslandi er líka kominn tími á að móta nýja landbúnaðarstefnu þar sem matvælaframleiðsla og umhverfismál eru tvinnuð saman. Slík stefna þarf að vera framsækin, háleit og raunhæf. Grundvallaratriðið ætti að vera að allur opinber stuðningur við landbúnað sé bundin við mælikvarða umhverfis- og dýravelferðar. Þannig má greiða fyrir auknni verðmætasköpun á grundvelli sjálfbærni, sérstöðu og velferðar. Umhverfið, bændur og neytendur munu njóta þessa.

Helstu þættir nýrrar umhverfis- og landbúnaðarstefnu ættu að lúta að kolefnisfótspori, eitur- og varnarefnanotkun, landnýtingu, endurvinnslu og dýravelferð. Gefa má bændum og framleiðendum nokkurra ára aðlögunartíma en á endanum verði kerfið þannig að enginn matvælaframleiðandi fái nokkurs konar fyrirgreiðslu frá hinu opinbera án þess að það sé bundið skilyrðum sem tengjast umhverfismálum og dýravelferð.

*Við erum í góðri stöðu*

Staðan er nú þegar sú að 90% sauðfjárbænda á Íslandi hafa tekið þátt í landbótastarfi og 95% lambakjötsframleiðslu er undir hatti gæðastýringar þar sem ábyrg landnotkun er ein meginstoðin. Hins vegar er ekki greint á milli þessara afurða í markaðsstarfi. Stór hluti stuðningskerfisins er líka óháður því hvort bændur standa sína vakt í umhverfismálum. Skussarnir fá líka ríkisstyrki, en þeir eru sem betur fer fáir. Dýravelferðarsamningar á milli bænda og afurðakaupenda eru að ryðja sér til rúms og kúabændur hafa rekið áhugavert verkefni sem heitir fyrirmyndarbú.

Íslendingar munu aldrei geta unnið í samkeppni við ódýra matvælaframleiðslu í ríkjum þar sem eftirlit með efnanotkun er lítil og dýravelferð í skötulíki. En það er hins vegar ekki þar sem við eigum að keppa. Við eigum að setja markið hátt og samtvinna umhverfismál og matvælaframleiðslu. Það á að vera kjarni nýrrar landbúnaðarstefnu! Með því getum við tekið forystu meðal þjóða á sama tíma og við styrkjum innlenda verðmætasköpun á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt.

*Ný landbúnaðarstefna sem byggir á hringrásarhugsun*

Sá tími er liðinn að landbúnaðarstefna á Íslandi eigi að snúast um að styrkja með skattfé hvern einasta mann sem vill halda húsdýr. Sá tími er líka liðinn að umræða um landbúnað eigi að snúast að mestu um styrki og aðkomu hins opinbera. Íslenskur landbúnaður á að halda áfram að framleiða úrvals afurðir sem neytendur vilja kaupa, í sátt við samfélag og náttúru. Á því geta ekki lengur verið neinar undantekningar.

Undirritaður er fyrrverandi starfsmaður íslenskra bænda, með prófgráður í stefnumótun, matarmenningu og markaðssetningu. Hann er landsfundarkjörinn í atvinnuvega- og umhverfisnefndir Sjálfstæðisflokksins. Þessar hugmyndir hafa verið kynntar öðrum nefndarmönnum, þingflokki og öðrum forystumönnum flokksins, og viðbrögð verið jákvæð.

Við sem samfélag erum tilbúin að styðja við bakið á íslenskum bændum, en á móti viljum við, að þeir uppfylli ströng skilyrði um umhverfisvernd, dýravelferð, lyfja- og efnanotkun. Það er kominn tími á nýja landbúnaðarstefnu á grunni sjálfbærni, sérstöðu og verðmætasköpunar. Hér eru fystu drög að henni.

***Svavar Halldórsson***
*Höfundur er landsfundarkjörinn í atvinnuvega- og umhverfisnefndir Sjálfstæðisflokksins.*

# Þrír milljarðar til úrbóta í frárennslismálum sveitarfélaga

**Fráveitumál eru afar mikilvæg umhverfismál en aukin hreinsun skólps dregur úr mengun vatns og sjávar. Ég hef í ráðherratíð minni lagt ríka áherslu á að gera gangskör í þessum málum. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar frá haustinu 2017 kemur fram að gera þurfi átak í fráveitumálum í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Úttekt Umhverfisstofnunar frá sama ári sýndi að úrbóta væri víða þörf á landinu. Ef litið væri til stærri þéttbýlisstaða á landsbyggðinni, þar sem byggju fleiri en 2.000 manns, væri einungis fullnægjandi skólphreinsun á 9 stöðum af 32.**

Nú hefur þetta loforð verið efnt. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsti á dögunum til umsóknar styrki vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga, en í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að 800 m.kr. verði varið í styrkina. Áður hafði 200 milljónum króna verið varið til þessa á árinu 2020, í gegnum fjárfestingaátak ríkisstjórnarinnar í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Þannig hefur ríkið nú tekið ráð fyrir upp stuðning við sveitarfélög til að ráðast í úrbætur í fráveitumálum og munu 3 milljarðar fara í slíkan stuðning á næstu fimm árum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson.



Opnað hefur verið fyrir umsóknir sveitarfélaga um styrki til fráveituframkvæmda. Umsóknarfrestur vegna styrkjanna er til 31. mars 2021. Skila skal inn umsóknum á rafrænu formi á eyðublaðavef Stjórnarráðsins.

Skilyrði er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélagsins og í samræmi við áætlun sem hlotið hefur samþykki ráðuneytisins. Þetta geta verið framkvæmdir við safnkerfi fráveitna, hreinsivirki, dælustöðvar og útrásir, en einnig úrbætur á hreinsun ofanvatns, til dæmis til að draga úr mengun af völdum örplasts. Á árinu 2019 lét ég vinna úttekt á uppsprettum örplastsmengunar hérlendis og mér finnst mikilvægt að stuðningurinn nýtist jafnframt til að draga úr henni. Úttektin sýndi að megnið af örplastsmengun berst til sjávar með ofanvatni í gegnum fráveitur.

Fráveituframkvæmdir eru oft umfangsmiklar og dýrar og í sumum tilfellum af þeirri stærðargráðu að smærri sveitarfélög eiga ein og sér mjög erfitt með að ráða við þær fjárhagslega. Af þessum ástæðum er stuðningur ríkisins í þessum málaflokki ekki síður mikilvægur. Og um leið er hægt að efla atvinnulífið með auknum framkvæmdum, á tímum þar sem ekki er vanþörf á.

Umsóknarfrestur vegna styrkjanna í ár er til 31. mars en umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun auglýsa árlega eftir umsóknum.

***Guðmundur Ingi Guðbrandsson***
*Höfundur er umhverfis- og auðlindaráðherra.*






SAMFÉLAGSRÝNI

# Aukum heilsuöryggi kvenna um allt land

## – Árið 2021 geta heilsustofnanir landsins hvorki vistað né sent rafræn gögn á milli staða þegar kemur að heilsuöryggi kvenna

**Úrræði lækna og ljósmæðra eru fábrotin þegar kemur að heilsuöryggi kvenna. Óásættanlegt er að þessar starfsstéttir á landsbyggðinni þurfi jafnvel að brjóta persónuverndarlög á ögurstundu, til að tryggja heilsuöryggi kvenna á Íslandi á 21. öldinni.**

Þann 1. febrúar á síðasta ári fagnaði Kvenfélagasamband Íslands 90 ára afmæli sínu með því að ýta formlega úr vör landssöfnun undir heitinu ***„Gjöf til allra kvenna á Íslandi"***. Þessi söfnun hefur staðið yfir síðan þá. Henni lauk formlega 1. febrúar nk. en hægt er að leggja framlög inn á söfnunarreikninginn a.m.k. til 15. febrúar. Því miður hefur COVID-19 sett stórt strik í söfnunina en upphafsáætlunin var að ná 36 milljónum en þegar þetta er skrifað hafa safnast um 63% þeirrar fjárhæðar. Oft er þörf en nú er nauðsyn á að allir standi saman. Söfnunarreikningurinn er 513-26-200000 kt: 710169-6759 Heimasíða söfnunarinnar er: www.gjoftilallrakvenna.is.


Elinborg Sigurðardóttir.

### *Hver er þessi „Gjöf til allra kvenna á Íslandi" sem safnað er fyrir?*

Í upphafi leitaði afmælisnefnd KÍ eftir upplýsingum hjá Önnu Sigríði Vernharðsdóttur yfirljósmóður og Huldu Hjartardóttur, yfirlækni Kvennadeildar LSH, um hugmyndir að tækjabúnaði sem vantaði til að tryggja betur heilsuöryggi kvenna um allt land. Hjá þeim komu fram upplýsingar um Astria og Milou kerfi. Þetta eru tæki og tækni sem tengst geta fósturritum og ómskoðunartækjum sem notuð eru við mæðravernd, fæðingar og skoðanir á kvenlíffærum. Möguleiki þessarar tækni kemur sér því afar vel fyrir heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni sem sinna þessari þjónustu við konur. ***Þetta snýst um rafræna vistun á gögnum og möguleika á rafrænni tengingu við sérfræðinga á Kvennadeild LSH þegar einhver vafaatriði koma upp.***

Ljósmóðir í héraði er oft ein á vakt. Bæði í mæðravernd og fæðingarþjónustu getur tíminn oft skipt miklu máli. Það á ekki síst við á þeim svæðum sem fjærst eru stóru sjúkrahúsunum. Milou tæknin snýst um að tryggja fagaðilum á þessum stöðum aðgang að sérfræðingum og auka öryggi skjólstæðinga með því að fá álit sérfræðinga við úrlestur rafrænna gagna.

Söfnunarverkefnið snýst annars vegar um uppfærslu á tækjum sem fyrir eru á landinu en sums staðar þarf jafnframt að kaupa ný tæki, vegna þess að þau sem þar eru nú í notkun, eru svo sannarlega löngu komin á tíma. Upplýsingar af pappírsritum allra þessara tækja voru áður send með faxtækjum. Núna eru úrræði lækna og ljósmæðra víðast fábrotin þegar senda þarf upplýsingar á milli og fá úrlestur og álit. Óásættanlegt er að nota símtæki og myndaforrit í þeim til að flytja viðkvæm gögn á milli. Eitthvað sem er brot á persónuverndarlögum en hefur reynst neyðarúrræði í alvarlegum aðstæðum til að geta fengið álit sérfræðinga. ***Oft á ögurstundu!***

Söfnunarverkefnið snýst einnig um að reyna að fækka ónauðsynlegum ferðum t.d. verðandi mæðra milli landshluta vegna þess að tækjabúnaður heima í héraði er ekki nógu góður. Í nútímanum og með aukinni ljósleiðaravæðingu á landinu er margt sem má auðveldlega fylgjast með í heimabyggð, bæði með möguleikum fjarlækninga og rafrænni vistun gagna. Tækni sem þessi bætir alla skráningu með vistun gagna í samtengdu og rafrænu kerfi, sem auðvelt er að fletta upp upplýsingum í þegar bregðast þarf skjótt við í aðstæðum sem upp kunna að koma. Jafnframt er hægt að auka á samvinnu og færa sérfræðiþekkingu og úrlestur nær konunni og fjölskyldu hennar. Minnka fjarveru, vinnutap og óþægindi að ekki sé talað um það, að fá betri tæki og úrlestur af þeim fyrir landsbyggðina. Það færir eftirlitið meira til konunnar frekar en að konan fari úr sinni heimabyggð með öllum þeim óþægindum sem það hefur í för með sér. Þær eru oft í viðkvæmu ferli þar sem ferðalög gera þeim erfitt fyrir og getur beinlínis aukið á áhættuþætti þeirra og eða veikindi.

Kæru landsmenn, tökum nú öll höndum saman og bregðumst við ákalli um aukna tæknivæðingu sem aukið getur öryggi kvenna á meðgöngu, í fæðingu og skoðunar á kvenlíffærum.

*Fyrir hönd afmælisnefndar Kvenfélagasambands Íslands,*

***Elinborg Sigurðardóttir****,*
*ritari nefndar og formaður Sambands sunnlenskra kvenna.*

# Framtíð landbúnaðar á Íslandi er í okkar höndum

**Bændur hafa undanfarið tekist á við margs konar áskoranir. Stóraukinn innflutningur á landbúnaðarafurðum undanfarin áratug hefur veikt íslenska matvælaframleiðslu. Innlendir framleiðendur keppa við stórtæka iðnaðarframleiðslu erlendra þjóða á matvörumarkaði hérlendis. Þá hefur COVID- 19 sett strik í reikninginn með fækkun ferðamanna, ætla má að samdráttur vegna færri komu ferðamanna jafngildi rúmlega 30 þúsund færri neytendum á landinu á síðastliðnu ári.**

Í fjárlögum fyrir árið 2021 má finna tillögu um 970 milljóna króna úthlutun til kúa- og sauðfjárbænda. Unnið er að reglugerð um þessa úthlutun í landbúnaðarráðuneytinu og má hennar vænta á næstu vikum.


Halla Signý Kristjánsdóttir.


Þórarinn Ingi Pétursson.

### *Umhverfisvænni landbúnaður og færri kolefnisspor*

Neytendur hafa í auknum mæli fært sig yfir í vefverslun, þeir gera auknar kröfur um minni umbúðanotkun, minni matarsóun ásamt sífellt hækkandi kröfum um minni kolefnisspor. Það er hægt að segja að íslenskir neytendur séu að snúa sér í sömu átt og íslenskir matvælaframleiðendur, hreinar afurðir sem framleiddar eru í nærumhverfi. Þetta á bæði við um þá sem neyta kjöts sem og grænkera. Hagsmunir bænda og neytenda tala sama tungumál og stjórnvöld verða að hlýða því kalli.

Breytingar á búvörusamningi garðyrkjuafurða voru samþykktar fyrir jólin, markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í garðyrkju með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum. Við næstu endurskoðun samningsins árið 2023 er markmiðið að framleiðsla á íslensku grænmeti hafi aukist um 25%. Auk þess er fyrirkomulag niðurgreiðslu dreifikostnaðar raforku einfaldað og ylræktendum þannig tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar. Það er mikilvægt fyrir garðyrkjuframleiðslu að standa vörð um tollvernd á grænmeti og standa vörð um plöntuheilbrigði því öll ræktun, fóðrun og matvælaframleiðsla hvílir á plöntuheilbrigði.

### *Það þarf að vernda og verja*

Til þess að standa jafnfætis innfluttum matvælum á markaði hér á landi verðum við að grípa til aðgerða, og það höfum við gert. Þjóðir setja á tolla til að vernda sína framleiðslu. Evrópusambandið er mikið tollabandalag þar sem innri markaðurinn er eitt svæði og lönd utan hans annað. Ísland setur tolla á ákveðnar vörur sem og önnur lönd. Af hverju er það gert? Jú, eins og áður hefur verið komið inn á er það gert til að vernda íslenska framleiðslu og hagkerfið. Það er þjóðhagslega hagkvæmara að við neytum íslenskra framleiðsluvara því það skapar störf og það eru fjölbreytt störf við framleiðslu landbúnaðarvara, frá mold til matar.

### *Samvinnu afurðastöðva þarf að tryggja*

En betur má ef duga skal, ætla má að nautgripabændur séu með um 3.000 nautgripi sem bíði þess að komast í slátrun. Því er víða farið að þrengjast í húsi og fóðra þarf þessa gripi, það er mikil kostnaðaraukning fyrir bændur sem skilar sér ekki í sláturinnleggi þegar að því kemur. Framsóknarflokkurinn hefur ítrekað lagt fram tillögur um breytingar á búvörulögum þess efnis að þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í kjötiðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara. Þessi tillaga hefur ekki náð í gegn en hún gæti skilað mun betri afkomu afurðastöðva sem skilar sér bæði til bænda og neytenda. Það er mikilvægt að hafa í huga í þessu samhengi að landbúnaður innan ESB er að miklu leyti undanþeginn samkeppnislögum.

Innlendir aðilar standa höllum fæti gagnvart síauknum innflutningi á kjötvörum, samkeppnin er við erlenda framleiðendur sem eru margfalt stærri en þeir sem hér er að finna. Því er það nauðsynlegt að afurðastöðvum verði heimilað að bregðast við þessari samkeppni með auknu hagræði í rekstri bæði neytendum og bændum til hagsbóta. Sambærileg breyting sem gerð var fyrir afurðastöðvar í mjólkuriðnaði hefur skilað mikilli hagræðingu sem hefur síðan skilað sér bæði til neytenda og bænda. Vænta mætti að sambærilegur árangur gæti náðst á kjötmarkaði ef sambærileg leið yrði farin.

### *Hvað þarf til að styrkja íslenska matvælaframleiðslu?*

Það má með mikilli vissu segja að endurskoða þarf alla ytri umgjörð/starfsskilyrði landbúnaðarins ef ekki á illa að fara. Landbúnaðurinn þarf ákveðin „verkfæri" til þess að takast á við breytta heimsmynd. Það þarf að styrkja íslenska matvælaframleiðslu vegna matvælaöryggis, matvælaheilbrigðis og síðast en ekki síst til að minnka kolefnisspor.

***Þetta þarf að gera:***

1. Veita undanþágu frá 71. gr. búvörulaga (samstarf afurðastöðva í kjötiðnaði).
2. Aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna í 17 liðum þarf að framfylgja að fullu.
3. Flýta þarf heildarúttekt á tollasamningi Íslands og ESB, sér í lagi í kjölfarið á Brexit.
4. Yfirfara tollskrá frá a-ö og samlesa við alþjóðlega staðla.

Ríkisstjórnin hefur sett á stað metnaðarfulla áætlun í loftslagsmálum. Þjóð sem hefur það að leiðarljósi að minnka kolefnisspor og nálgast sjálfbærni til framtíðar hlýtur að hlúa að umhverfi íslenskrar matvælaframleiðslu sem allra best. Íslensk kjötframleiðsla vegur þar þungt auk þess sem hún styður við byggðastefnu. Framsóknarflokkurinn hefur og er til staðar fyrir innlenda matvælaframleiðslu og mun verða um ókomna framtíð. Áfram veginn!

***Halla Signý Kristjánsdóttir og Þórarinn Ingi Pétursson.***


TIL Á LAGER. CLT EININGAHÚS—GRUNNFLÖTUR 5,7m x 5,7m
MILLILOFT 2,5m x 5,7m. SÝNILEG ÁFERÐ ÚR LERKI OG FURU





2.990.000kr m/vsk góð greiðslukjör



Skipulag að innan eftir þínu höfði
Ýmsir möguleikar

STRÚKTÚR

STÁLGRINDARHÚS—Z-STRÚKTÚR HÚS —LÍMTRÉSHÚS—CLT HÚS





STRÚKTÚR ehf | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640

SAMFÉLAGSRÝNI

# Hálendisþjóðgarður – augnablik

**Í hvert sinn sem ég fer inn á fésbókina og les mér til um nýja hálendisþjóðgarðinn þá finnst mér eins og ekki sé verið að hugsa um náttúruna. Af hverju fær maður þannig tilfinningu? Jú, frá upphafi, þegar frumvarpið kom fram, þá var alltaf talað um að nú þyrfti að grípa í taumana og fara að vernda náttúruna.**

Haft er eftir einum aðila að ef þú værir ekki fylgjandi hálendisþjóðgarði þá værir þú ekki fylgjandi náttúruvernd. Þá kemur spurningin, hvað er náttúruvernd? Þarna hef ég bara ekki fengið nein almennileg svör. Þessu orði er kastað fram aftur og aftur og allir eiga að hlýða, af hverju er verið að misnota annars mjög gott orð?



Sveinbjörn Halldórsson.

***Misnotkun á orðinu náttúruvernd***

Náttúruvernd á að vera orð sem notað er þegar virkilega þarf að vernda eitthvað t.d. gegn ágangi. Það eru mörg svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem náttúruvernd er alls ekki höfð að leiðarljósi, t.d. með gönguleið um Snapadal. Eða að banna akstur um svarta örfoka sanda í Vonarskarðinu. Þar er verið að nota hugtakið náttúruvernd í einhverju markmiði sem enginn skilur. Þegar verið er að loka leiðum eins og Vonarskarðinu er það kallað að nota svarta náttúruvernd. Það er skilgreint þannig að orðið náttúruvernd sé notað til að það þurfi ekki að útskýra hvers vegna verið sé að loka. Þarna skreytir fólk sig með orði sem það skilur sennilega ekki sjálft en það er orðið náttúruvernd.

Annað orðasamband er mikið notað, en það er; „að vernda fyrir komandi kynslóð“. Þetta er frábært og erfitt að rengja.

Flestallir eiga börn, sumir barnabörn og einhverjir eiga barnabarnabörn. Þarna er komið illa við kaunin hjá manni en spurningin er, hver er þessi komandi kynslóð? Hvenær kemur hún? Ef við ætlum að gera eins og Norðmenn, sem lokuðu öllu með boðum og bönnum og hafa þannig tapað þeirri kunnáttu að ferðast um náttúruna og takast á við náttúruöflin. Til gamans þá þurftu Íslendingar að smíða bíla fyrir norska herinn því þeir höfðu ekki þá kunnáttu sem við eigum og hvers vegna? Jú, við höfum í gegnum árin haft ákveðið ferðafrelsi sem hefur gert það að verkum að kunnátta og tækni til að ferðast um hálendið að sumri sem vetri er til hér á landi en ekki í Noregi.

***Stofna hálendisþjóðgarð til að „massa“ inn túristum***

Það nýjasta sem kemur nú fram á sjónarsviðið er túristatalið, nú munu engir túristar koma nema við búum til hálendisþjóðgarð. Þarna er rúsínan í pylsuendanum komin, við verðum að stofna þjóðgarð til að bjarga fjárhag landsins, þetta er eina leiðin út úr efnahagskrísu COVID, stofnum stærsta þjóðgarð í Evrópu og þannig getum við „massað“ túristum inn í landið. Tekjurnar yrðu gífurlegar og öllu bjargað.

– Augnablik, augnablik, erum þið ekki að gleyma einhverju? – Hvar er náttúruverndin? Eða er komandi kynslóðin búin að koma? – Allt sem búið er að berja á manni við náttúruvernd í gegnum árin, öræfakyrrðin, hvað verður um hana? Ég bara spyr, er þetta fólk svona rosalega fljótt að gleyma? Er þá þjóðgarður einungis ætlaður öðrum þjóðum, ferðamönnum sem hægt er að græða á? Má þá náttúran gleymast og á komandi kynslóð að fá þetta bara á geisladiski?

Einhvern veginn finnst mér allt þetta tal um hálendisþjóðgarð lykta af einhverju allt öðru en þeirri hugsun að bjarga einu eða neinu, af hverju ekki? Jú, það þarf ekkert að bjarga neinu, það er allt í góðu standi á hálendinu, þarna ferðast fólk um, nýtur náttúrunnar, hálendiskyrrðar og alls þess besta sem náttúran býður upp á. Þetta erum við búin að gera í 100 ár án þess að þurfa að stofnvæða hálendið.

***Fullt af smákóngum í formi ríkisstarfsmanna***

Hingað til hefur ríkt mikið traust á milli útivistarfólks og sveitarstjórna sem koma að stjórnun hálendisins. Einu vandamálin á hálendinu er innan Vatnajökulsþjóðgarðs, önnur svæði eru í góðum málum og mikil samvinna í gangi. Að eiga við Vatnajökulsþjóðgarð er ekki á færi venjulegs fólks, til dæmis óskaði Ferðaklúbburinn 4x4 eftir að fá að stika Breiðbakssvæðið. Lögð var inn ósk um að fá að fara þar inn að stika en tveimur mánuðum síðar gáfumst við upp, hringdum í UST og stikuðum Fjallabakssvæðið sem klúbburinn hefur verið að vinna á síðastliðin ár. Af hverju? Hvers vegna er þetta svona? Það er spurning, en því miður er svarið einfalt, það er búið að búa til lítið ríki inni í ríkinu með fullt af smákóngum í formi ríkisstarfsmanna.

Eftir alla þessar pælingar og lestur frumvarpsins og greinargerðarinnar sem liggur núna fyrir þinginu þá skil ég ekki til hvers náttúruverndarlög eru? Ef þau eru réttlægri innan þjóðgarðs þá skil ég ekki hvers vegna við þurfum nýtt ISAVÍA. Er þetta það sem okkur vantar í dag, enn eina ríkisstofnun eða annað ríki í ríkinu með forstjóra eða konungi yfir 30% af landinu? Því segi ég:

***NEI TAKK, ÉG VILL EKKI HÁLENDISÞJÓÐGARÐ.***

***Sveinbjörn Halldórsson***
*Formaður Ferðaklúbbsins 4x4*

# Líf eða dauði íslensks landbúnaðar

**Frá því um landnám hefur landbúnaður verið stundaður á Íslandi. Hann hefur í árhundruð haldið lífinu í landsmönnum og án hans hefði tæplega orðið varanleg byggð í landinu. Hollusta íslenskra landbúnaðarvara er óumdeild þar sem hrein íslensk náttúra og tært íslenskt vatn spila stórt hlutverk.**

Lítil notkun eiturefna og sýklalyfja í íslenskum landbúnaði setur landið líka skör ofar en flestar aðrar þjóðir í heiminum, en einna helst er Noregur á svipuðum stað í samanburði sýklalyfjanotkunar. Það skýtur því skökku við að búið sé að opna fyrir svo mikinn innflutning landabúnaðarafurða frá öðrum löndum sem raun ber vitni. Er nú svo komið að íslenskir bændur fá of lítið fyrir afurðir sínar vegna offramboðs á innfluttu kjöti og mjólkurafurðum. Sökum þessa er rekstrargrundvöllur ýmist nú þegar brostinn eða rétt ókominn á þann stað. Stóraukinn innflutningur á grundvelli tollasamnings hefur verið látinn halda sér þrátt fyrir beiðni Bændasamtakanna um að hægja á meðan engir túristar væru hér til að renna niður kjöt- og mjólkurvörufjöllunum sem innflytjendur verða sér úti um á meginlandinu.



Högni Elfar Gylfason

Sú ákvörðun ráðherra að breyta fyrirkomulagi á úthlutun tollkvóta og síðan strax í kjölfarið hafna því að hægja á innflutningnum, hefur leitt af sér beinar lækkanir á afurðaverði til íslenskra bænda og enn sér ekki fyrir endann á því. Þrátt fyrir það hefur verð til almennings ekki lækkað. En eins og kunnugt er þá er sjaldan ein báran stök í tíu vindstigum. Í ljós hefur komið mikið misræmi milli talna tollayfirvalda í Evrópusambandinu um útflutning kjöts og mjólkurvara til Íslands og talna Hagstofu Íslands um innflutning þessa sama kjöts og mjólkurvara. Það var þekkt hér áður fyrr og viðgengst ef til vill enn þá að það verður óvænt „lækkun í hafi“ á aflaverðmæti til útreiknings launa sjómanna, en að kjöt og mjólkurvörur skreppi svona saman á leið til landsins stenst auðvitað ekki.

Íslenskir innflytjendur virðast skrá eitthvað annað á rafrænu tollskýrslurnar en söluaðilar sömu vara skrá á útflutningspappíra erlendis. Hverju skyldi þetta sæta og hvar er eftirlitið í öllum þeim mikla eftirlitsiðnaði sem rekinn er hér á landi? Hvernig stendur til að mynda á því að tollayfirvöld útbjuggu sín eigin tollnúmer til að aðstoða innflytjendur við að sleppa við rétt og eðlileg tollgjöld af innfluttum „pizzaosti“ sem sannanlega er að langmestu leyti framleiddur úr mjólk? Hér er verið að vísa til auglýsingar fjármálaráðuneytisins frá í maí 2020 (nr. 35/2020).

Hvernig stendur á því að tollayfirvöld beinlínis ganga gegn sameiginlegum tollareglum EES með því að tollflokka þennan ost eftir aukainnihaldsefnum sem eru aðeins lítið brot af innihaldinu og kalla hann jurtaost?

Hvernig stendur á því að tollayfirvöld virðast af gögnum málsins að dæma gera allt til að réttlæta gjörninginn og halda honum til streitu?

Hvernig stendur líka á því að nefnd sem hæstvirtur fjármálaráðherra skipaði til að skoða þessi mál eyddi löngu máli í skýrslu sinni í að réttlæta misræmið í innflutningstölunum, en minni tíma í að kafa í málin og skoða hvað í raun hefði gerst?

Nú hef ég fregnir af því að þingmenn Miðflokksins hafi þann 5. nóvember síðastliðinn fengið samþykkta beiðni á Alþingi um skýrslu frá Ríkisendurskoðun um úttekt á starfsemi Skattsins við framkvæmd tollalaga og að það hafi verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Það er vel, en alvarleiki málsins kallar á að ekki verði drollað við verkið hjá embætti ríkisendurskoðanda. Þá er skoðun málsins einnig í gangi hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins að frumkvæði nefndarinnar. Ef treysta má vef Alþingis, þá kemur þar fram að síðast hafi verið fundað um málið hjá nefndinni þann 4. nóvember á síðasta ári og því virðist að hraði málsins sé ekki mikill.

Ekki vil ég efast um heilindi nefndarmanna eða áhuga á að leysa úr þessu máli, en ég vil benda háttvirtum þingmönnum nefndarinnar á mikilvægi þess að skoðun málsins verði flýtt eins og kostur er því bændur verða að fara að fá einhver svör um rekstrargrundvöll búa sinna til framtíðar.

Ef ástandið í innflutningsmálum verður óbreytt þurfa bændur í meiri mæli en þegar er orðið að fara að skera niður bústofn sinn og huga að öðrum verkefnum og jafnvel um leið hvort þeir neyðist til að flytja á mölina í atvinnuleit. Það er pólitísk ákvörðun hvort landbúnaður sé rekinn í landinu því rekstrarhæfni verður ekki til staðar ef innflutningur er of mikill og ekki síður ef uppvíst er að gengið sé á svig við tollareglur til að komast hjá innflutningstollum. Það er um leið pólitísk ákvörðun hvort dreifð byggð verður áfram í landinu sem styður við smærri byggðalög um allt land og gerir ferðaþjónustu mögulega. Það er á sama tíma pólitísk ákvörðun hvort hagsmunir fáeinna risavaxinna fyrirtækja í innflutningi og sölu matvæla séu rétthærri en hagsmunir þúsunda bænda, fjölskyldna þeirra og byggðalaga um allt land. Það er réttur landsmanna allra að hafa aðgang að heilnæmum íslenskum matvælum sem framleidd eru í sátt við menn og náttúru.

Kæri þingmaður á Alþingi Íslendinga. Oft er þörf, en nú er nauðsyn á því að þú standir í lappirnar og vinnir að hag íslensks landbúnaðar, íslenskrar atvinnu og menningar, íslensks dreifbýlis og landsbyggðar, Íslandi öllu.

***Högni Elfar Gylfason***
*sauðfjárbóndi og*
*áhugamaður um þjóðmálin.*
*Korná, 561 Varmahlíð*

Bændablaðið
Kemur næst út 25. febrúar

SAMFÉLAGSRÝNI

# Óafturkræf náttúruspjöll í Hamarsdal

**Góðir lesendur. Fyrirhugað er að sökkva stórum hluta Hamarsdals í Djúpavogshreppi, nú Múlaþingi og raska vatnasvæði Hraunasvæðisins ósnortna með allt að 50 m háum stíflum og víðáttumiklum miðlunarlónum. Það sem bítur höfuðið af skömminni er að virkjunin er réttlætt m.a. með því að svo „stutt sé í veitur Kárahjúkavirkjunar og Grímsárvirkjunar“ auk þess er fullyrt að vötnin séu „snauð“.**



Stefán Skafti Steinólfsson.

Upptakasvæði ánna austan Vatnajökuls eru Hraunin sem til forna nefndust Sviðinhornahraun. Þær renna um langa og litríka dali og einkennist umhverfið meðal annars af smájöklum, vötnum og stöflum hraunlaga. Stórkostleg náttúra jarðmyndana og fagurra holufyllinga sem er æ verðmætari óspillt fyrir komandi kynslóðir og jarðarbúa alla. Sú virkjun sem er hræðilegust er allt að 60 MW virkjun í Hamarsdal sem myndi eyðileggja dalinn og vatnasvæði hraunanna, ásamt Hamarsvatni. Arctic Hydro var veitt rannsóknarleyfi árið 2016 og hyggst þröngva virkjun þessari að í rammaáætlun.

### *Hamarsvirkjun er ekki í neinum biðflokki í rammaáætlun*

Staðreyndin er sú að Hamarsvirkjun er ekki í neinum biðflokki í rammaáætlun, verkefnisstjórn á eftir að meta í hvaða flokk hún verður metin og vonandi verður henni vísað frá. Hamarsvirkjun var einfaldlega ekki til sem sjálfstæður virkjunarkostur í rammaáætlun heldur áttu upptök Hamarsár að vera hluti af Hraunaveitu hinni stóru 126 MW skrímslavirkjun sem átti að veita ofan í Berufjörð sem er nú líkast til fallið alfarið frá, en sú Hraunaveita var í biðflokki 3 ramma. Að sjálfsögðu á að falla frá öllum áætlunum um virkjun í Hamarsdal og friða dalinn frá spjöllum.

### *„Smávirkjanir“ eru alls engar smávirkjanir*

Síðan byrjaði smávirkjanaballið, með Geitdalsvirkjun 9,9 mw sem er mjög umdeild og svo kom orkumálastjóri með Hamarsvirkjun inn í fyrra sem nýja og sjálfstæða tillögu til umfjöllunar í verkefnisstjórn inn í rammaáætlun, þrátt fyrir gríðarlega stærð hennar og náttúruspjöll. Verið er að sækja hart að sveitarstjórnum víða um land með fagurgala um „smávirkjanir“ sem eru alls engar smávirkjanir. Það er aldeilis ekki verið að virkja bæjarlækinn til hagsbóta fyrir samfélagið heldur er það græðgin sem er við völd. Smávirkjanir ættu að vera að hámarki 500 Kw-1 MW. Orðið „smávirkjun“ er nánast orðin að orðskrípi líkt og orðið „vindmyllulundur“ hvort tveggja verið að gera silkipoka úr svínseyranu. Það er furðuleg ætlun að ráðst inn á óspillt svæði í ljósi þess að offramboð er af orku (150 MW á lausu) og hægt að virkja á svæðum sem eru spillt fyrir. HS orka er að ná um 30 MW sem áður runnu í sjóinn og Landsvirkjun er og áformar að „uppfæra“ sínar virkjanir sem er vel gert.

### *Í meirihluta eigu franska olíurisans Total og Engeyinga*

Fyrirtækið Arctic Hydro, sem er í meirihluta eigu franska olíurisans Total og Engeyinga, hefur fengið rannsóknarleyfi á mörgum svæðum eystra. (Orkustofnun skjal: OS 2016030057) Þess má geta að heimilisfang Arctic Hydro er að Glerárgötu 32, Akureyri. Stjórnarformaður er Benedikt Einarsson. Hamarsvirkjun ehf. (í eigu Arctic Hydro) er með heimilisfang á sama stað og stjórnarformaður er Skírnir Sigurbjörnsson.

Það er von mín og þeirra sem vilja vernda svæðið að fallið verði strax frá öllum áformum og virkjun Hamarsár og Hraunanna. Að forsvarsmenn Arctic Hydro þyrmi Hamarsdal. Ég skora á ráðherra orkumála, sveitarstjórna og umhverfis að standa vörð um óspillta íslenska náttúru og gleyma ekki þeim loforðum sem voru gefin eftir Kárahnúkavirkjun, að ekki yrði gengið frekar á náttúru Austurlands með óafturkræfum náttúruspjöllum.

*Stefán Skafti Steinólfsson*
*Ættaður frá Hamri í Hamarsfirði.*



„Það er von mín og þeirra sem vilja vernda svæðið að fallið verði strax frá öllum áformum og virkjun Hamarsár og Hraunanna.“

Næsta Bændablað kemur út 25. febrúar

Bændablaðið

www.bbl.is

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

BALEXMETAL



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Ánægðustu viðskiptavinirnir -fjögur ár í röð!
BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

GODO Við styðjum við íslenska ferðaþjónustu

- Hótelstjórnunarkerfi
- Sjálfvirkar greiðslur
- Bókhaldstengingar
- Rekstrarþjónustur
- Skýrslugerð & mælingar

- Ferðaskrifstofur
- Markaðstorg
- Beintenging við framboð
- Ný samstörf & aukin sala
- Sjálfvirkni í söluferli

- Hugbúnaðargerð
- Viðskiptagreind
- Veflausnir
- Gjafabréf
- Gagnahús

- Sérhæfð síðan 2012
- Góð þjónusta
- Ánægðir viðskiptavinir
- Framtíðarsýn
- Framúrskarandi tækni

TRAVIA PROPERTY PRIMO SUITE PRONTO

RemoteLOCK regla dk hugbúnaður Microsoft Dynamics NAV UNICONTA VALITOR SaltPay Rapyd

info@godo.is - +354 5554636 - Höfðabakki 9 - Reykjavík

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Bananahúsið á Reykjum. Myndir / Guðríður Helgadóttir.

# Bananahúsið á Reykjum – ein af furðum Suðurlands

**Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi var stofnaður árið 1939. Þá hafði verið rekin þar stofnun fyrir berklasjúklinga frá 1930 og í tengslum við það bæði kúabú og gróðurhúsarækt. Fyrsti skólastjóri hins nýstofnaða skóla var 25 ára Vestur-Húnvetningur, Unnsteinn Ólafsson, sem lagði fram alla sína starfskrafta til að efla garðyrkjumenntun og uppbyggingu skólastarfsins.**

Á fyrstu árum skólans risu mörg gróðurhús á Reykjum sem notuð voru við kennslu og rannsóknir í garðyrkjufræðum og til að framleiða grænmeti fyrir landsmenn. Fjölbreytnin óx ár frá ári og gerðar voru prófanir með ræktun mikils fjölda nytjajurta, grænmeti, ávexti, afskorin blóm, pottablóm og garðplöntur.

Á Reykjum höfðu verið ræktaðir bananar í tilraunaskyni allt frá árinu 1944 en upphaflegu plönturnar voru gjöf frá Hlín Eiríksdóttur sem flutti fyrst Íslendinga inn bananaplöntur 1939 frá Englandi og ræktaði þær í gróðrarstöð sem hún og Eiríkur Hjartarson, faðir hennar, ráku í Laugardal í Reykjavík á þeim árum. Bananar voru vinsælir ávextir og fluttir inn í talsverðu magni svo þessar plöntur gáfu góðar vonir um framhaldið.

### *Hitabeltisnýlenda undir Reykjafjalli í Ölfusi*

Árið 1951 var reist mikið gróðurhús við Garðyrkjuskólann á Reykjum fyrir bananaframleiðslu. Þetta var eitt alstærsta gróðurhús landsins á þeim tíma, 1000 fermetrar að flatarmáli. Einnig átti að gera tilraunir með aðrar tegundir í húsinu og reyna ólíkan tæknibúnað, til dæmis vaxtarlýsingu og upphitun með rafknúnum loftblásurum tengdum jarðhitaveitu staðarins. Kaffiplöntur bárust til Reykja árið 1955 og var komið fyrir í húsinu, þær hafa þrifist vel í hitanum og gefa enn ofurlitla uppskeru í flestum árum. Sítrusávextir dafna þar einnig ágætlega. Strax og Bananahúsið var tilbúið voru líka gróðursett þar fíkjutré frá Danmörku og Svíþjóð. Jafnframt var reynt að rækta ananas í húsinu.

### *Fjölnota gróðurhús*

Þessi bygging vakti mikla athygli enda í fyrsta sinn sem komið var upp stóru gróðurhúsi með hitabeltisloftslagi á landinu. Væntingarnar voru miklar. Búist var við að uppskeran fyrir jólin 1952 yrði 100 þúsund bananar úr þessu fyrsta og eina bananahúsi á Íslandi. Hugmyndir voru jafnvel uppi um að reisa fleiri slík gróðurhús á jarðhitasvæðum sem gætu framleitt 2,5 milljónir banana árlega. Ekki fór þó svo að bananaræktun yrði almenn hliðarbúgrein á íslenskum sveitabæjum og hinar ávaxta- og berjategundirnar sem ræktaðar voru gáfu ekki nægilega uppskeru til að hagkvæmt þætti að koma þeim í almenna framleiðslu.

Bananaplönturnar sem Hlín færði Unnsteini skólastjóra eru enn við góða heilsu í Bananahúsinu.

Tegundir bættust sífellt við, meðal annars fjöldamargar tegundir pottaplantna, bæði þær sem almenningur þekkti úr sínum gluggasyllum og fjöldi nýrra tegunda. Þessar plöntur uxu vel við birtu og yl Bananahússins. Pottaplönturnar náðu fljótlega 2–3 metra hæð, þrifust ágætlega. Sumar þeirra plantna sem gróðursettar voru í byrjun 6. áratugar síðustu aldar er enn hægt að sjá þar í góðum vexti og eru jafnvel orðnar hin stæðilegustu tré.

### *Mektarfólk og veisluhöld*

Brátt var Bananahúsið þekkt sem forvitnilegur áfangastaður enda algerlega einstakur heimur. Þegar sendimenn erlendra þjóða, stjórnmálamenn, þjóðhöfðingar og annað frægðarfólk heimsótti landið þótti við hæfi að bjóða þeim í heimsókn í Bananahúsið og stundum var slegið þar upp dýrlegum veislum með aðfluttum krásum ásamt veitingafólki og þjónum úr Reykjavíkurbæ. Vinsældir þess sköpuðu jafnvel samkeppni við náttúruperlur eins og Gullfoss, Geysi og Þingvelli þegar velja skyldi verðuga áfangastaði fyrir hið erlenda virðingarfólk.



### *Fjölbreytt gagnsemi hússins nýtist enn þá*

Kennslustarfið í Garðyrkjuskólanum nýtur góðs af grósku Bananahússins. Það er notað við kennslu í grasafræði, almennri plöntuþekkingu og greiningu plantna, umhirðu þeirra, grasnytjasögu, matjurtaframleiðslu og húsið gefur einnig ríkulega af efniviði sem nemendur á blómaskreytingabrautinni notast við í sínu námi. Ófá tónlistarmyndbönd hafa verið tekin upp í húsinu og það er vinsælt meðal áhugaljósmyndara og við gerð alls kyns auglýsinga og kynningarefnis. Nemendahópar úr leikskólum, grunn- og framhaldsskólum eru tíðir gestir í skipulagðri fylgd leiðbeinenda frá garðyrkjuskólanum.

Hvergi annars staðar á Íslandi er hægt að virða fyrir sér slíka tegundafjölbreytni og upplifa suðrænt hitabeltisumhverfi á Suðurlandi, grundvallað á jarðhitanýtingu og eldmóði frumkvöðla íslenskrar ylræktar.

*Ingólfur Guðnason*
*námsbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu*
*Garðyrkjuskólans*
*á Reykjum, Ölfusi.*

SAMFÉLAGSRÝNI

# Enn bætist á tollfrjálsa kvóta

**Á því herrans ári sem rann upp þann 1. janúar sl. hófst síðasta ár innleiðingar svonefnds tollasamnings Íslands við ESB sem tók gildi þann 1. maí 2018. Með því hafa tollkvótar ESB fyrir markaðsaðgang til Íslands aukist sem meðfylgjandi tafla sýnir frá því sem var fyrir innleiðingu þessa samnings.**

Tollkvótar ESB til Íslands hafa þannig margfaldast á fjórum árum, í sumum tilfellum jafnvel áttfaldast. Þeir eru boðnir út til innflytjenda hér á landi. Verð fyrir tollkvóta hefur nær án undantekninga lækkað síðan 1. maí 2018 þegar uppfærður samningur við ESB (frá 2015) tók gildi. Hér er átt við kr/kg kvóta. Sem dæmi má nefna að verð á tollkvóta fyrir kjöt sem er reykt saltað eða þurrkað (eins og Serrano skinku sem dæmi) hefur lækkað úr 333 kr/kg árið 2018, í 147 kr/kg fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2021. Verð á tollkvótum fyrir ost hefur lækkað úr 816 kr/kg í 642 kr/kg og á nautgripakjöti úr 799 kr/kg í 330 kr/kg svo dæmi séu tekin.

En ekki hið einasta hefur þetta gerst heldur hafa bæst nýir tollkvótar við vegna útgöngu Bretlands úr ESB. Tollkvótar vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi voru auglýstir fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2021. Alls voru auglýst og tilboðum tekið í, 30 tonn af ostum og 18 tonn af unnum kjötvörum. Þetta magn af ostum samsvarar u.þ.b. 300.000 lítrum af mjólk eða sem næst ársframleiðslu frá einu kúabúi. Ekkert varð þannig af því sem þó var látið í veðri vaka við upphaf samningaviðræðna vegna BREXIT, að tollkvótar fyrir Bretland kæmu til lækkunar að tollkvótum ESB.

**Tafla. Tollkvótar ESB fyrir búrvörur á íslenskan markað**

| Afurð | Tollkvótar, í upphafi, tonn | Tollkvótar nú, tonn | Aukning í prósentum |
|---|---|---|---|
| Nautgripakjöt | 100 | 696 | **696%** |
| Svínakjöt | 200 | 700 | **350%** |
| Alifuglakjöt þ.m.t. lífrænt vottað | 200 | 1.056 | **528%** |
| Reykt, saltað og þurrkað kjöt | 50 | 100 | **200%** |
| Ostur, samtals | 100 | 610 | **610%** |
| Pylsur | 50 | 250 | **500%** |
| Unnar kjötvörur | 50 | 400 | **800%** |



Erna Bjarnadóttir.

### *Hækkaði ekki verð og hamlaði ekki samkeppni*

Talsvert hefur borið á þeirri umfjöllun að það gjald sem greitt er fyrir tollkvóta hafi hækkað nú um áramótin sem muni leiða til verðhækkana til neytenda. Benda má í því sambandi á að hagfræðileg rök hníga eindregið gegn því að þetta sé sjálfkrafa niðurstaðan.

1. Svo framarlega sem tollkvótarnir ganga út að fullu verður ekki breyting á framboðnu magni í landinu. Þar með mun verð ekkert breytast (a.m.k. ekki af þessum ástæðum) og verð til neytenda mun ekki hækka. Að baki þessu liggja einföld lögmál framboðs og eftirspurnar.

2. Með því að nú eru tollkvótar seldir á því verði sem hæstbjóðendur bjóða í stað meðalverðs, má segja að samkeppni um tollkvóta aukist. Samkeppni á neytendamarkaði breytist hins vegar ekki neitt því heildarframboð til neytenda er óbreytt.

Nú getum við auðvitað öll deilt um það hvernig ríkið á að haga sinni tekjuöflun en nokkurn veginn svona má skýra þetta með lögmálum hagfræðinnar.

### *Auknir tollkvótar þegar á heildina er litið*

Forsvarsmenn bænda og samtaka þeirra beindu sl. haust þeim eindregnu óskum til ríkisstjórnarinnar að fresta útboði á tollkvótum ESB vegna sérstakra aðstæðna á markaði. Niðurstaðan varð þó ekki einvörðungu sú að ekkert varð af því heldur bættist enn við markaðsaðgang til Íslands í formi tollfrjálsra kvóta með samningnum við Bretland.

*Erna Bjarnadóttir,*
*hagfræðingur*
*og verkefnastjóri hjá MS*

UTAN ÚR HEIMI



Plönturnar sem tollayfirvöld í Nýja-Sjálandi fundu innanklæða á smyglara.

## Sérkennilegt smygl á Nýja-Sjálandi:

# Með 1.000 kaktusa og þykkblöðunga innanklæða

**Smyglarar eru duglegir að finna leiðir til að koma ólöglegum varningi milli landa. Þetta sannaðist fyrir skömmu þegar hundur kom upp um konu sem var tekin með tæplega 1.000 kaktusa innanklæða við komuna til Auckland á Nýja-Sjálandi.**

Konan hefur verið dæmd fyrir brot á lögum um líffræðilegt öryggi enda reglur á Nýja-Sjálandi um innflutning á framandi lífverum. Sú seka hefur viðurkennt að hafa ætlað að smygla plöntunum til Nýja-Sjálands frá Kína og áframrækta þær til sölu. Auk þess að hafa verið dæmd fyrir brot á reglum um innflutning á framandi lífverum hefur hún verið dæmd fyrir smygl í tólf mánaða aðgæslu og 100 klukkustunda samfélagþjónustu.

Árið 2019 var önnur kona dæmd fyrir svipaðan glæp þegar hún reyndi að smygla tæplega 950 þykkblöðungum og kaktusum til Nýja-Sjálands í sokk. Meðal þeirra voru átta tegundir sem flokkast í útrýmingarhættu.

Í frétt um málið segir að þegar hundurinn sem kom upp um smyglarann fór að sýna henni áhuga hafi konan lagt á flótta inn á salerni og reynt að sturta kaktusunum og þykkblöðungunum niður. Sama kona var tekin fyrir nokkrum árum fyrir að reyna að smygla fræjum til Nýja-Sjálands í hulstri utan af iPad. /VH

SAMFÉLAGSRÝNI

# Mýrin – ógnvaldur eða lífgjafi?

**Það er sagt að fleiri Íslendingar hafi dáið vegna þess að þeir kunnu ekki að gera sér skó heldur en úr öllum drepsóttum og hallærum Íslandssögunnar. Og sá mektarmaður Sigurbjörn Einarsson, fv. biskup og Skaftfellingur, sagði í ævisögu sinni að hann hefði verið blautur í fæturna allt fram að fermingu að hann fékk stígvél.**

Það voru ekki síst mýrarnar sem fólk óð upp í kálfa, jafnvel hné, sem ollu þessum fótakulda Íslendinga. Þess utan voru þær víða farartálmi sem enginn komst yfir nema fuglinn fljúgandi. Þannig þurftu húsbændur í Skálholti á róstutímum Sturlungaaldar, þegar allir voru í stríði við alla, ekki að víggirðast til suðurs í átt að Iðu enda varði þá ófær mýri.



Halldór Reynisson.

Engin undra þótt Íslendingum sé illa við mýrar og ekki skrítið að helsti glæpasagnahöfundur Íslands gefi út bók undir heitinu Mýrin, um þann ógnarstað. Þannig er og farið með Engilsaxa sem líta á mýrarnar, the moor, sem stað dauðans, jafnvel dautt land þar sem sögur eru sagðar af fólki sem hvarf þar í pytti og hvers svipir eru þar enn á reiki.

Þegar ég flutti úr höfuðborginni út í sveit fyrir meira en þrjátíu árum og gerðist prestur og smábóndi í Hruna stóð mér sæmilegur stuggur af mýrinni fyrir neðan staðinn, enda mótaður af þessari íslensku mýrarstyggð. Ekki bætti það álit mitt á mýrum að hafa gengið töluvert um íslenskar heiðar og lent þar ítrekað í mýrarkeldum. Svo gerðist það um vor þegar ég var búinn að koma mér upp örlitlum kindastofni og þurfti að fara kvölds og morguns til gegninga rétt fyrir sauðburð að ég fór að líta mýrina í nýju ljósi, öllu heldur heyra í nýju hljóði.

Því vorið kom fyrst í mýrina. Lóan, hrossagaukurinn, spóinn og jaðrakaninn sungu vorið inn. Í mýrinni. Hún var greinilega kjörland lífsins en ekki lævíst og dulúðugt eyðiland. Eftir þetta hlustaði ég á hverju ári eftir vorinu úti í mýri. Þetta hafði ég aldrei upplifað þegar ég var strákur að alast upp í blokk í austurbæ Reykjavíkur. Seinna las ég meira að segja um hið mikilvæga hlutverk mýrinnar að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni, en hún er ein af undirstöðum heilbrigðar náttúru, jurta- og dýralífs.

Þar kom að ég varð meira að segja „mýrarsár“ þegar grafa þurfti skurði í gegnum mýrina mína þegar lagður var nýr vegur að staðnum. Og þá fyrst fór ég að taka eftir þessum skurðum sem lágu hist og her, tvist og bast úti um allt land án sýnilegs tilgangs annars en að vera sannindamerki að þar hefði eitt sinn verið mýri. Vitnisburður um viðhorf sem töldust góð og gild fyrir nokkrum áratugum en eru það ekki lengur í ljósi nýrrar þekkingar.

Og af hverju er ég að mæra hér mýrina, þennan forna fjanda okkar skólausu forfeðra og mæðra? Jú, málflutningur sá sem ég hef rekist á í þessu ágæta blaði, Bændablaðinu. Gegn því að moka ofan í þá tilgangslausu skurði sem eitt sinn voru grafnir á annarri öld, öðrum tíma með annarri þekkingu – eða skorti á þekkingu. Nú vitum við að allt það kolefni sem fellur í mýrina sem dauður jarðargróði þegar haustar, verður að koltvísýringi ef súrefnið kemst að þessu kolefni við skurðgröft og myndar við það koltvísýring. Hann hitar andrúmsloftið. Vatnssósa mýrin hindrar hins vegar þau efnahvörf. Þetta er bara einföld efnafræði, ljóstillífun í öfuga átt. Ef menn vilja vita hvernig heimur baðaður í koltvísýringi lítur út, ættu þeir að kynna sér lífsskilyrði á plánetunni Venusi.

Við manneskjurnar stöndum nefnilega nú frammi fyrir stærri vá en sennilega nokkurn tíma fyrr – ef undan er skilið þegar allt stefndi í kjarnorkubál og brand í Kúbudeilunni. Sjálft andrúmsloftið sem við öndum að okkur er að breytast og lífríkið með. Öll okkar þekking og vísindi virðast benda í þessa átt – ofan í kaupið; þessi umturnun lífríkisins er af okkar völdum, mannanna.

Við höfum ekki ráð á því, hvorki hér á landi né annars staðar, að rífast um hvaða leiðir eru bestar; á að fara í skógrækt? Eða endurheimt votlendis? Vitaskuld þurfum við hvort tveggja. „Látið hundrað blóm fram spretta!“ sagði Maó formaður og mín kynslóð hlustaði.

Og annar og sýnu vitrari maður, Njáll á Bergþórshvoli sagði: „Allt orkar tvímælis þá gert er“. Það er hægt að deila um áhrifasvæði þegar skurður er fylltur. Það er hægt að deila um hversu mörg tonn af kolefni það eru sem endurheimt votlendis bindur á hektara. Sennilega mismikið eftir aðstæðum. En sama má segja um skógræktina. Við heyrum að birki bindi ca 5 tonn af kolefni á hektara en ösp allt að 24 tonn. Á því svæði sem ég stunda skógrækt sýnist mér munurinn á lífmassa góðs birkis s.s. Emblu og lífmassa aspar (C 10) sé ekki næstum því svona mikill.

Margt virðist ekki enn þá vera kýrskýrt upp á punkt og kommu, hvorki þegar kemur að skógrækt né votlendisendurheimt. Margt byggir á mati sem alhæft er út frá en staðbundnar aðstæður geta verið breytilegar. En þekkingin er að aukast og hafa skal það sem sannara reynist svo vitnað sé í enn einn vísan mann, Ara fróða. En það er vont þegar fólk fer í skotgrafarhernað, sumir finna endurheimt flest til foráttu, aðrir jafnvel skógrækt. Við þurfum hvort tveggja og sum staðar landgræðslu.

Sem stendur vinn ég að gerð áætlunar um skógrækt og endurheimt votlendis á þeim jörðum sem kirkjan á enn þá, en þær eru í kringum 30 úti um allt land. Sú áætlun er sett fram sem framlag Þjóðkirkjunnar sem stórs landeiganda til mótvægis í loftslagsmálum og byggir á þeirri sýn að landið, jarðirnar séu mikilvæg tæki í þessari baráttu við umhverfisvá. Í okkar huga sem vinnum að þessu verkefni sjáum við það fyrir okkur að þessar jarðir – eða þær sem ákveðið verður að halda í eignasafni kirkjunnar – geti verið gott innlegg – og siðferðilegt í baráttunni við loftslagsvána, þar sem saman fer hefðbundin nýting, skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis.

Sömu sjónarmið eiga auðvitað við um bændur sem eru í raun ráðsmenn með jarðargæðum og lykilhópur þegar kemur að varðveislu vistkerfa og íslenskrar náttúru.

Ég vil hvetja Bændablaðið til að vinna í samhljóðan við slík gildi hinnar góðu baráttu líffræðilegs fjölbreytileika og loftslagsgæða. Og minnumst lífssýnar Fjalla-Bensa eins og hún birtist okkur í Aðventu Gunnars Gunnarssonar:

„Því hvað var líf hans, rétt á litið, hvað var líf mannsins á jörðinni ef ekki ófullkomin þjónusta sem helgaðist af bið eftir einhverju betra, eftirvæntingu, undirbúningi – þeirri ákvörðun að láta gott af sér leiða“.

*Halldór Reynisson*
*Höfundur er verkefnastjóri umhverfismála á Biskupsstofu og fv. prestur.*

# Samkeppnisaflið fæst með sameiningu

**Mín fyrstu skref á almennum vinnumarkaði tók ég í Sláturhúsi Vopnfirðinga. Langdregið kennaraverkfall var í uppsiglingu þegar ég var að hefja nám í tíunda bekk og mér datt ekki í hug að sitja með hendur í skauti.**



Kári Gautason

Sá fyrir mér uppgrip í vinnu. Sá draumur rættist og í byrjun nóvember, þegar skólinn hófst á nýjan leik, mætti ég til leiks reynslunni ríkari og loðinn um lófana (fannst mér þá). Við hliðina á sláturhúsinu er fiskvinnsla Brims, en á þeim tíma var það bæjarútgerðin Tangi hf. Hún sameinaðist Granda og varð síðar að Brimi. Á þessum sautján árum sem liðin eru hefur milljörðum króna verið fjárfest í að búa til fullkomna vinnslu. Virði aflans, sem dreginn er að landi, hefur aukist og þó að færri vinni nú í „Milljón“ er kaupgjaldið mun hærra en áður var.

### *Sláturhúsið og fiskvinnslan*

Hvers vegna hefur hið sama ekki átt sér stað í sláturhúsinu? Þar hefur vissulega verið skipt um vinnslulínu og eitt og annað fært til nútímans. Í fiskvinnslunni er það á hinn bóginn magnið sem ræður því að það borgar sig að fjárfesta í afkastamiklum vélum. Það er eitt að landa upp undir 100 þúsund tonnum af fiski og annað að slátra sauðfé í nokkrar vikur á ári. En þar með er ekki öll sagan sögð. Hluti ástæðunnar liggur í því að nýsköpun hefur verið meiri síðustu ár í sjávarútvegi – miklum fjármunum hefur verið varið til þess að auka virði afurða.

Raunar held ég að landbúnaðurinn sem heild geti lært það af sjávarútveginum að breikka virðiskeðjuna. Framleiða fjölbreyttari vörur úr hráefnunum: Fæðubótarefni, heilsufæði, snyrtivörur og fatnað. Í heimi þar sem sífellt er að finnast plastdrasl í smærri og smærri lífverum er framtíð fyrir náttúrulegar vörur. Við höfum það sem heiminn mun skorta næstu áratugi, hreint vatn, gnægð lands og græna orku. Allar grundvallarforsendur eru til staðar. En sauðfjárræktin hefur spólað í hjólförunum óraunhæfra útflutningsdrauma síðustu 5 ár. Það þarf aðstoð til þess að bakka upp úr þeim og fara í nýja átt – auka virði og einblína á breiðari grunn.

### *Gjaldþrot eða sameining?*

Framfarir verða sjaldnast að sjálfu sér – þær kosta fjárfestingu. Nýsköpun er leiðin fram á við fyrir íslenska sauðfjárrækt. Til þess að afurðastöðvarnar geti fjárfest verður að vera vitrænn rekstrargrundvöllur. Þær glíma við síharðnandi samkeppni við risavaxnar erlendar afurðastöðvar vegna aukins innflutnings – sem að miklu leyti má rekja til afleitra tollasamninga fyrri ríkisstjórna. Þess vegna sætir það nokkurri furðu hversu stimpill Samkeppniseftirlitsins á sameiningu Kjarnafæðis og Norðlenska virðist vera torsóttur.

Hagræðing þarf að verða og hún mun verða. Annaðhvort verður hún skipulögð í gegnum aukna samvinnu og sameiningar eða hún verður með gjaldþrotum. Þetta blasir við þegar lesin er úttekt KPMG á rekstri afurðastöðva í sauðfjárrækt. Tvímælalaust er það skynsamlegri kostur að auka samvinnu og sameiningu. Öðrum kosti munu störf sogast úr landi og aldrei koma aftur. Það væri ömurleg niðurstaða. Hundruð fjölskyldna eiga sitt undir störfum hjá þessum gamalgrónu norðlensku fyrirtækjum. Leið sameininga gefur möguleika á öflugri fyrirtækjum sem eiga sér viðreisnar von í samkeppninni við risana ytra.

### *Þurfum öflug fyrirtæki*

Dæmin sýna þetta. Sameiningar í sjávarútvegi byggðu upp sterk fyrirtæki sem hafa fjárfest milljarða króna í nýsköpun (og borga milljarða í veiðigjöld). En það eru líka nærtæk dæmi úr landbúnaði. Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði sameinuðust og hagræddu. Úr varð öflugt fyrirtæki sem fjárfestir í nýsköpun og vöruþróun. Það styrkir meðal annars doktorsverkefni sem snýr að því að efla ræktun á kúm. Við þurfum öflug fyrirtæki í sauðfjárrækt sem geta gert slíkt hið sama.

*Kári Gautason*

UMHVERFISMÁL

Skagafjörður:

# Sorp skilið eftir við gömlu gámasvæðin

**Farga móttökustöð fyrir sorp var opnuð síðla árs 2020 en opnun stöðvarinnar er mikið framfaraskref varðandi flokkun sorps í dreifbýli Skagafjarðar. Samhliða opnun Förgu móttökustöðvar voru sorpgámar í dreifbýli vestan Vatna í Skagafirði og í Akrahreppi fjarlægðir.**





Svona var umhorfs í Staðarrétt á dögunum en þar voru áður sorpgámar sem búið er að fjarlægja. Engu að síður hafa menn skilið sorpið eftir á gamla staðnum.

Borið hefur þó á því að sorp hefur verið skilið eftir á þeim stöðum þar sem sorpgámarnir voru áður staðsettir, að því er fram kemur í frétt á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, og tekið fram að það sé með öllu óheimilt. Hvetur sveitarfélagið íbúa til að halda áfram þeirri góðu flokkun á sorpi sem verið hefur og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar til að halda umhverfinu hreinu. /MÞÞ


Lely Center Ísland

ZETOR VARAHLUTIR





Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

SAMFÉLAGSRÝNI

# Hugleiðingar landeiganda að Svartá vegna möguleika Svartárvirkjunar

**Svartárvirkjun hefur engin áhrif á Svartá og Suðurá ofan við Ullarfoss, inntaksþrep Svartárvirkjunar er 2 km neðan við Ullarfoss, vatnsmagn neðan inntaksþreps nemur um þremur Elliðaám, ef af virkjun verður og mun verða svipað að magni og það vatn sem er í Svartá þegar Suðurá bætist við hana. Svæðið frá Svartárvatni að Suðurá er talið gott silungasvæði og endur kunna þar vel við sig.**

Grjótá sameinast Svartá 500 m neðan inntaksþreps, hún er hlýrri og bætiefnaríkari og í minna vatni mun hún stuðla að grósku og frjósemi Svartár á vatnstökusvæðinu og fiskar og endur blómstra ekki síður en áður og hrygningarskilyrði fyrir urriða yrðu góð. Það svæði sem verður fyrir vatnstapi er um 3 km af 17 km af heildarlengd árinnar, að mestu óveiðanlegir kaststrengir.

Fyrirhuguð leið fallpípunnar liggur að mestu leyti um mela, snarrótarvallendi og tún, allt þurrt land. Á einum stað þarf að fara yfir 100 m hallamýri, þar verður grafinn skurður sem ekki er framræsluskurður og fallpípan sett í og skurðurinn fylltur upp á ný og þéttur eftir kúnstarinnar reglum og mýrin heldur áfram að vera mýri. Fallpípan verður grafin í það minnsta 2 m í jörðu niður ef aðstæður leyfa.

Það er bara rugl að virkjunin hafi skaðleg áhrif á ferðaþjónustu í Bárðardal, það eru margir sem hafa gaman af að skoða virkjun og tengd mannvirki, það mun verða unun eftir sem áður að líta yfir svæðið af Tunguhamri eða Hagabrún við Svartárgil nema fyrir þá sem ekki mega vita að steini hafi verið velt, þúfa færð úr stað eða læk fundinn nýr farvegur. Þeir eru haldnir öfgafullri þráhyggju sem kalla má friðunarsýki, virkjun eykur vægi byggðar og líkur á vegbótum sem ekki er vanþörf á, einnig yrði þriggja fasa rafmagn leitt á svæðið. Landeigendur myndu fá arð og ríkið


Jón Gústafsson.

á móti þeim að hálfu af sinni jörð, upphæðin nemur tugum milljóna á ári samtals. Auk þess fengi ríkið skatt af arði landeigenda og sveitarsjóður fasteignaskatt af mannvirkjum á hverju ári eftir að virkjun kæmist í gagnið. Auk þess má geta þess að sauðfjárrækt er orðin óarðbær atvinnuvegur og engin batamerki í sjónmáli. Á hverju eiga bændur þá að lifa?

Oft hafa breytingar á vötnum haft hagstæð áhrif, dæmi, Blanda og Jökulsá á Dal eru orðnar eftirsóttar laxveiðiár, gufuaflsvirkjun varð upphaf Bláa lónsins í Svartsengi þar sem hrauni var raskað og fáir tala um það. En hraun í Bárðardal, sem meira en nóg er af, eru talin heilög hjá þeim sem haldnir eru ólæknandi friðunarsýki. Stuðlagljúfur varð aðgengilegt þegar flaumurinn minnkaði í Jökulsá á Dal, farvegi Öxarár á Þingvöllum var breytt fyrir rúmlega þúsund árum, hverjir vildu breyta því í dag?

Rafmagn sem framleitt er í vatnsaflsvirkjunum er umhverfisvænt og í framtíðinni þarf gríðarlegt magn af því hér á Íslandi. Bílar, flugvélar og skip verða rafknúin annaðhvort beint af endurhlöðnum rafhlöðum eða því breytt í vetni eða annars konar eldsneyti. Vetni verður flutt út í skipsförmum, einnig þarf mikið rafmagn í flóðlýsingar í gróðurhúsum, gagnaver og margt fleira.

Eftirsóknarvert er á tímum atvinnuleysis að fá fyrirtæki óháð ríkinu til að fjárfesta í arðvænlegum fyrirtækjum, landi og lýð til heilla. Svartárvirkjun tekur að minnsta kosti tvö ár að byggja og mjög líklega þyrfti að fella niður framkvæmdir yfir háveturinn, segjum svo að þrjátíu manns fengju vinnu á vori komanda við verkefnið, í sex mánuði, þeir yrðu glaðir að fá verk að vinna, annars hefði þeim engin vinna staðið til boða, Atvinnuleysistryggingasjóður þyrfti að borga þeim bætur sem næmu rúmlega 55 milljónum á þessum sex mánuðum og þeir gengju á hverju kvöldi áhyggjulausir í háttinn.

*Jón Gústafsson,*
*bóndi – Rauðfelli Bárðardal*

# Hvers vegna hálendisþjóðgarð?

**Ég hef verið spurður hvers vegna jeppakallinn ég vilji hálendisþjóðgarð.**

Í 18. gr. í lagafrumvarpi um Hálendisþjóðgarð stendur:

„Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í hálendisþjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum.“ Það er gott og blessað en það eru markmiðin með stofnun þjóðgarðsins sem koma fram í 3. gr lagafrumvarps um hálendisþjóðgarð sem skipta mig öllu máli. Ég tek heilshugar undir þessi markmið og ég hef enga ástæðu til þess að halda að ekki verði staðið við þau.


Gljúfurleitarfoss, tekið eftir manninum sem stendur við fossbrúnina. Myndir / Þorsteinn Ólafsson



Fossinn Dynkur í Þjórsá.

1. Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, víðerni, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar og tryggja tilvist heildstæðra vistkerfa og náttúrulegra ferla.
2. Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningar og sögu þjóðgarðsins.
3. Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.
4. Stuðla að því að almenningur geti stundað útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar.
5. Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar á gæðum svæðisins.
6. Þjóðgarðurinn verði vettvangur umræðu og ákvarðanatöku um landnýtingu innan þjóðgarðs og þróun hennar.
7. Stuðla að rannsóknum og fræðslu um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans.
8. Endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.
9. Varðveita þjóðlendur í þjóðgarði og viðhalda virði þeirra í náttúrufarslegu og menningarlegu tilliti.


Þorsteinn Ólafsson.

10. Stuðla að samvinnu og samstarfi við félög og sjálfboðaliða um málefni landsvæðisins.

Er einhver ástæða til þess að amast við þessum ítarlegu markmiðum. Liggja þau fyrir annars staðar?

Með stofnun hálendisþjóðgarðs verði skipulag samræmt á hálendinu. Vissulega verður skipulagsvaldi einstakra sveitarfélaga settur ákveðinn rammi, en samkvæmt 8. gr. frumvarpsins um stjórn hálendisþjóðgarðs kemur fram að af 11 stjórnarmönnum tilnefna aðliggjandi sveitarfélög 6 og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: útivistarsamtökum, umhverfisverndarsamtökum, Bændasamtökum Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Sex af 11 eru tilnefndir af kjörnum sveitarfélagsfulltrúum og 4 af ýmsum félagasamtökum. Ég sé ekki að ráðherra geti hundsað þessar tilnefningar. Hann velur aðeins formanninn.

Gert er ráð fyrir a.m.k sex rekstrarsvæðum sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarðar. Einnig þar hafa fulltrúar sveitarfélaganna meirihluta í stjórn 5 af 9 og hinir 4 eru valdir af félagasamtökum.

Sveitarfélögin sem nú hafa skipulagsvaldið munu hafa hreinan meirihluta, sem þau þurfa að deila sín á milli í stjórn þjóðgarðsins og í svæðisstjórnunum og þau hafa ramma sem þau þurfa að fylgja en þau halda skipulagsvaldinu að mestu leyti.

Ég sé ekki að stjórnun þjóðgarðsins geti orðið öllu lýðræðislegri, ólíkt lýðræðislegri og samræmdari heldur en stjórnun og skipulag hálendisins er núna, þar sem mörg sveitarfélög hafa skipulagsvald hvert á sinni ræmu eða svæði. Vissulega þarf ég sem íbúi í Árborg að nýta mér þátttöku í einhverju áhugamannafélagi, ferðafélagi, náttúruverndarsamtökum eða samtökum ferðaþjónustuaðila til að hafa áhrif þangað til Árnesþing verður eitt sveitarfélag og tilnefnir í stjórn og svæðisstjórn. Ég geri ráð fyrir því að sveitarfélögin tilnefni fólk í stjórnir þjóðgarðsins og svæðanna sem hefur áhuga á að vinna af samviskusemi að markmiðum laganna í 3. gr. Það geta verið sauðfjárbændur, ferðaþjónustuaðilar, veiðileiðsögumenn eða útivistarfólk.

Stjórn og svæðisstjórnum er falið mikið hlutverk, einkum í upphafi í samstarfi við forstjóra og annað starfsfólk þjóðgarðsins. Ráðherra setur reglugerðir sem byggja á þeirri vinnu.

Það er talað um heimildir ráðherra að setja reglugerðir sem hindra umferð um hálendið. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir að þær heimildir og skyldur ráðherra eru nú þegar í „Lögum um náttúruvernd nr. 60/2013“. Það sem er einnig athyglisvert að þar getur nánast verið geðþóttaákvörðun ráðherra eða Umhverfisstofnunar hvaða takmarkanir eru settar um umferð um óbyggðir og nýtingu á t.d. plöntum. Í lagafrumvarpinu um hálendisþjóðgarð er gert ráð fyrir samráði. Það má ekki gleyma því að enginn ráðherra má setja reglugerð nema hún hafi stoð í lögum.

Í lögum um náttúruvernd eru ákvæði um þjóðgarða í 47. gr. „Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. Frjálsa för fólks samkvæmt almannarétti er aðeins hægt að takmarka á afmörkuðum svæðum í þjóðgörðum þar sem það er nauðsynlegt til að vernda plöntur, dýr, menningarminjar eða jarðminjar.“ Takið eftir síðustu málsgreininni, hún tekur fram að það eru skilyrði fyrir því að takmarka frjálsa för fólks. Þeir sem leggjast gegn stofnun hálendisþjóðgarðs ættu að lesa í gegnum lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ég vil hálendisþjóðgarð vegna þess að með honum verður meira samræmi í skipulagi miðhálendisins. Ég sé fyrir mér svæðisbundnar gestastofur þar sem við getum fengið fræðslu um hvert svæði. Þar sem fyrir liggja upplýsingar um hvernig er best að ferðast um svæðið, hvað er mikilvægt að skoða og hvað ber að forðast, t.d. að fara ekki á jeppling inn í Tjarnarver. Að landverðir stiki bestu gönguleiðirnar að áhugaverðum stöðum og milli áhugaverðra staða, t.d. fossunum í og við Þjórsá. Ég er sannfærður um að með tímanum muni ferðamenn dreifast miklu betur um hálendið og átroðningur minnki á þeim stöðum sem nú liggja undir skemmdum.

Fyrirliggjandi frumvarp ber vissulega merki um málamiðlanir t.d. varðandi orkuvinnslu þannig að tekið er tillit til rammaáætlunar, vald sveitarstjórna er mikið, beitar- og veiðiréttur er virtur. Það þarf að byrja einhvern tíma, nú er heppilegur tími, það er ráðrúm á meðan ferðaþjónustan er að rísa upp á ný. Svona framkvæmd verður aldrei þannig að öllum verði gert til hæfis, en þarna fer af stað langtíma þróunarvinna.

*Þorsteinn Ólafsson*
*Höfundur er eftirlaunamaður sem býr á Selfossi.*

BÆKUR & MENNING



Ólafur B. Schram leiðsögumaður. Hann vinnur nú að bók sem hann hann kallar Barnabarnabókina og er hugsuð sem minningabók frá afa og ömmu til barnabarna sinna. Mynd / HKr.

## Almennar spurningar úr lífinu:

# Nú skal ég segja frá

**Ólafur B. Schram leiðsögumaður hefur undanfarið unnið að bók sem hann kallar barnabarnabókina og er hugsuð sem minningabók frá afa og ömmu til barnabarna sinna.**

„Hugmyndin er að börn gefi afa sínum og ömmu bókina tímabundið og svo afhendi afi og amma barnabörnum sínum hana aftur þegar þau eru búin að svara spurningunum í henni. Bókin ætti því að geta orðið skemmtileg heimild fyrir börnin um líf afa og ömmu og um leið þjóðfræðileg heimild um lífið í landinu á ákveðnum tíma.“




Fyrstu útlitsdrög að barnabarnabókinni.

### *Fjölbreyttar spurningar*

Óli segir að í bókinni sé kynlaus spurningalisti til ömmu og afa og að ein bók sé ætluð afanum og önnur ömmunni. „Tilbúnar spurningar sem auðvelt er að svara og stundum bara með já eða nei svari. Þrátt fyrir að svörin séu ekki endilega löng geta þau verið merkileg og sagt mikið um líf fólks.

Ég skipti spurningunum í bókinni í átta eða níu flokka eins og til dæmis æskan, unglingsárin og uppeldi svo dæmi og spurningarnar eru um 200, auk þess sem fólki er gefinn kostur á að rifja upp atvik á tíu ára fresti.

Dæmi um spurningar eru: Í hvernig húsi fæddustu? Bjóstu í bæ eða úti í sveit? Hvernig förstu í skólann? Hver var þín fyrsta vinna og hvað gerði þú við fyrstu launin þín? Svo eru spurningar sem tengjast tísku þess tíma sem afinn og amman eru að alast upp á. Hvort hélstu meira upp á Bítlana eða Rolling Stones og drakkstu Kók eða Pepsí? og svo framvegis.“

### *Erlend hugmynd en íslenskur veruleiki*

Hugmyndin að bókinni vaknaði þegar Óli fékk svipaða bók frá barnabarni sínu í Danmörku. „Hugmyndin er því ekki mín en að erlendri fyrirmynd sem ég staðhæfi að íslenskum veruleika.“

Óli segist hafa rætt hugmyndina við fjölda fólks og spurt hvort það væri ekki til í að eiga svona bók eftir afa sinn og ömmu. „Svarið er undantekningarlaust já og að það væri mjög gaman og fróðlegt.“

Söfnun fyrir útgáfu fyrsta upplags á bókinni er á Karolina fund og stendur til 13. mars og gengur vel að sögn Óla. „Ef ég næ markinu, sem er um 450 þúsund krónur, þá fara 500 eintök í prentun.“ /VH

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Greiðum 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Lely Center Ísland

ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Kemur næst út
25. febrúar
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

VÉLABÁSINN

# Jeep Renegade PHEV, skemmtilegur bíll á góðu verði




Mynd 1. Jeep Renegade Trailhawk.

Myndir / HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í nóvember síðastliðnum prófaði ég rafmagns/bensínbílinn Jeep Compass Trailhawk, bíl sem mér fannst koma frábærlega vel út við prófun, en nú prófaði ég „litla bróður hans", Jeep Renegade Trailhawk PHEV, svipað útbúinn bíl með rafmagns- og bensínvél.**

### *Kraftmikill miðað við stærð og þyngd*

Vélarnar eru tvær, rafmagns og bensín. Rafmagnsvélin drífur afturöxulinn og bensínvélin er 1300 cc og tengist framöxli, samanlagt eru vélarnar 240 hestöfl.

Sjálfskiptingin er sexþrepa, lægsti punktur undir bíl er 20,1 cm.

Miðað við kraft og þyngd er bíllinn skemmtilega sprækur, sérstaklega ef maður setur gírskiptinguna í sportstillingu. Ef maður er með bílinn í auto-stillingunni og hann fullhlaðinn er hann bara að keyra á rafmagnsmótornum (í afturhjóladrifinu) og á að komast allt að 50 km við bestu aðstæður. Hins vegar ef maður setur á sportstillinguna (sem mér fannst skemmtilegast að keyra bílinn í), þá fer bensínmótorinn í gang og bíllinn keyrir á báðum mótorunum í fjórhjóladrifi.

### *Prufuaksturinn var rúmir 100 km*

Ég var með bílinn í tvo daga, fyrri daginn voru götur auðar og engin hálka. Þann dag keyrði ég mest innanbæjar og mest á rafmagninu. Ég varð fyrir svolitlum vonbrigðum með hávaðamælinguna inni í bílnum á rafmagnsmótornum, en á 90 km hraða mældist hann 71,1 db. (Compass bíllinn var með mun betri mælingu, 67,4 db. á sama vegi og hraða).

Seinni daginn var mikil hálka (hafði gert frostrigningu um nóttina) og þegar ég setti bílinn í gang var hann ein klakabrynja. Það kom mér á óvart hvað bíllinn var fljótur að hitna að innan og bræða klakann af framrúðunni. Þessi upphitun tók að vísu nokkra kílómetra af rafhlöðunni.

Uppgefin eyðsla á bílnum miðað við 100 km akstur er 2,0 lítrar á hundraðið (hef aldrei skilið þessar uppgefnu eyðslutölur á tvinnbílum). Ég keyrði bílinn alls rúma 108 km og fór á rafmagninu 21,9 km, á bensínvélinni 86,7 km og var að eyða alls 7,9 lítrum af bensíni. Nokkuð gott fannst mér miðað við að ég var mest í sportstillingunni að fullnýta öll 240 hestöflin.

### *Skemmtileg fjöðrun*

Á holóttum vegslóða prófaði ég allar stillingarnar í skiptingunni, en sniðugust var snow-stillingin. Með stillt á hana tók bíllinn svo mjúklega að þegar maður fór af stað eða gaf snöggglega í einfaldlega spólaði bíllinn ekki. Til að hægt sé að nota rock, mud og sand þarf að setja bílinn í lága drifið, en þá virðist hann taka tiltölulega jafnt á öll hjól (einhvers konar tregðulæsing á milli hjóla). Á holóttum vegi vinnur fjöðrunin vel og þrátt fyrir að bíllinn sé stuttur og frekar léttur að aftan var hann ekkert að „hrekkja" með afturendanum (ekki laus að aftan í holum eins og oft vill vera á mjög stuttum bílum).

### *Mikið af aukahlutum og öryggisbúnaði*

Verðið á bílnum er 5.499.000, sem einhverjum hefði fundist hátt verð á svona litlum bíl, en miðað við hvað mikið af aukabúnaði er í bílnum er þetta að mínu mati mjög gott verð.

Bíllinn er með hita í stýri og sætum, ABS hemlalæsivörn, stöðugleikastýringu, 6 loftpúða, veltivörn, mjög góð ledljós, blindhornsvörn, bakkmyndavél, bílastæðaaðstoð (hjálparbúnaður til að leggja í stæði), GPS leiðsögubúnað og margt fleira. Bíllinn kemur með fullbúnu varadekki.

Eftir þennan stutta akstur á bílnum fann ég nánast ekkert sem ég gat sett út á bílinn fyrir utan frekar litla dráttargetu (1.150 kg), en dekkin var ég ekki sáttur við sem sögð eru ætluð fyrir drullu og snjó, en hefði kosið betri vetrardekk fyrir aksturinn. Svo var það hvað bíllinn mældist með mikinn hávaða inni í bílnum á 90 (sérstaklega miðað við hvað stærri bíllinn var með góða mælingu í nóvember).



Dekkin sem bíllinn kemur á eru merkt M+S, en eru ekki snjó- og hálkudekk fyrir íslenskar aðstæður.




Mikill munur er á drifstillingunum sem kom sér vel í aðstæðum prufuakstursins.




Það tók mig smá tíma að finna hvar kveikt væri á hita í sætum og stýri.




21,9 km á rafmagni, 86,7 á bensíni og eyddi 7,9 lítrum af bensíni á 108 km prufuakstri.



Fullbúið varadekk og ágætis pláss fyrir farangur miðað við stærð bíls.




Fannst hávaðamælingin vera full há miðað við rafmagnsbíl.

## Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Lengd | 1.800 mm |
| Hæð | 1.670 mm |
| Breidd | 1.800 mm |



## Isuzu D-Max leiðrétting á texta frá síðasta blaði

**Mér varð á í síðasta blaði þegar ég fjallaði um stærð vélarinnar á bílnum, en ég gerði þau mistök að afrita ranga vélarstærð þar sem ég sagði að vélin væri 3000 cc og 188 hestöfl.**

Hið rétta er að vélin í ISUZU D-Max bílunum, sem eru í boði hér, er 4 strokka, 1898 cc, 160 hestöfl, og hámarks tog er 360Nm., og biðst ég velvirðingar á þessum mistökum mínum./HLJ

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Biðin eftir sprautunni með sjálfsaga Íslendinga

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



**Með hverjum degi styttist biðin eftir COVID-sprautunni um einn dag. Biðin er mörgum erfið, sérstaklega þeim sem telja sig vera í svokölluðum áhættuhópi.**

Því meira sem maður les og kynnir sér um þessa „pest“ virðast allir vera meira og minna í áhættuhópi og enginn getur talið sig óhultan fyrir að veiran fari ekki illa í viðkomandi. Hraustasta fólkið hefur jafnvel farið verr út úr veikindum af COVID-19 en þeir sem veikari eru fyrir. Það er því ekkert annað í stöðunni en að hlýða fyrirmælum yfirvalda og halda sig sem mest til hlés, forðast margmenni, huga að sóttvörnum svo sem með reglulegum handþvotti og grímunotkun.



Verum á verði áfram, rétt eins og í réttunum síðasta haust.

### *Þó slakað hafi verið á í fjöldatakmörkunum er þetta ekki búið*

Síðastliðinn mánudag var slakað á í fjöldatakmörkunum, barir og veitingahús opnuð, en við verðum að hjálpast að og sleppa ekki gjörsamlega af okkur beislinu með óhóflegum skemmtunum og fjöldasamkomum fyrr en búið er að bólusetja fleiri, með hverjum degi styttist biðin, en það þarf að þrauka og halda þetta út.



Ef hámarkshraði væri sleginn af og allir færu á þennan hraða væri voðinn vís.

Með of miklu fjölmenni og gleðskap er hættan sú að við verðum fljót að fara aftur í sama farið með sambærilegum takmörkunum og síðustu tvo mánuði. Mætti líkja því við ef hraðatakmarkanir í umferðinni væru slegnar af og ótakmarkaður hámarkshraði leyfður, en það mundi enda bara á slysum.

### *Sjálfsagi og skynsemi spila stórt hlutverk næstu tvo til þrjá mánuði*

Ef svo vel vill til að við dettum í lukkupott og samningur um meira bóluefni náist á næstu dögum eða vikum er alveg ljóst að það tekur töluverðan tíma að bólusetja alla í tvígang. Þess vegna þurfa allir að vera áfram á vaktinni, vinna saman, forðast margmenni og nota grímurnar áfram því veiran er þarna úti enn og bíður þess að ráðast á okkur. Við getum ekki leyft okkur taumlaust skemmtanahald og brot á sóttvarnareglum, það þarf a.m.k. að halda út í tvo til fjóra mánuði í viðbót. Það getur enginn leyft sér að telja sig meiri en aðra og hugsa, ég má en ekki þú.

### *Fólk ófeimið að deila reynslusögum af sínum veikindum af COVID-19*

Ef maður rennir yfir vefmiðla og leitar að reynslusögum frá fólki sem hefur gengið í gegnum COVID-19 veikina þá eru sögurnar svo misjafnar að það er hreint með ólíkindum.

Flestir þekkja einhvern sem hefur fengið veikina og þar á meðal er ég. Af þessum vinum, kunningjum og ættmennum sem hafa lýst veikindunum fyrir mér eru sögurnar hreint ótrúlegar:

„Man ekkert eftir mér í 10 daga, var með óráði,“ sagði einn sem ég tel mjög hraustan. Annar sagði: „Er í basli með að finna bragð af mat og drykk, það sem mér þótti gott á bragðið fyrir veiki er sumt versta óbragð sem til er.“ Enn einn sagði:

„Fann aldrei fyrir neinum veikindum, en er alltaf þreyttur, þarf helst að leggja mig tvisvar á dag, á í basli með hvað mig syfjar mikið við að keyra bíl.“ Enn einn sagði:

„Er svo máttlítill í höndunum að einfaldir hlutir eins og að opna mjólkurfernu eru erfiðir. Kaffikannan mín er þung, notaði bolla á tímabili, en mátturinn er að koma og nú er ég kominn með kaffikönnuna aftur.“

Það er greinilegt að veikin leggst misvel og misilla á fólk og því er öruggast að hlýða sóttvarnareglum og halda sig til hlés í a.m.k. 2–4 mánuði í viðbót.

**Alternatorinn eða startarinn bilaður?**

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

**Sendum um allt land.**

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




**Bændablaðið**
kemur næst út 25. febrúar
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR




# Uppsalir

**Hilmar Smári Birgisson er fæddur og uppalinn á Uppsölum, hann kom inn í búskapinn eftir nám sitt í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri árið 2014. Hann kynntist Söru á Hvanneyri 2012 en samband þeirra byrjaði seinnihluta 2014.**

Hann flytur hana heim að Uppsölum 2015 eftir að hún útskrifast úr búvísindum frá sama skóla. Sara er sjálf ekki frá neinu búi, en var í sveit í Gröf á Vatnsnesi hjá Stellu og Tryggva.

Þau hafa séð að mestu leyti um sauðfjárbúskapinn frá 2015 en fá dygga aðstoð frá Bigga og Siggu (foreldrum Hilmars) á álagspunktum. Um áramótin 2020 kláruðu þau kaupin á jörðinni og eru eldri hjónin frelsinu fegin.

**Býli:** Við búum á Uppsölum í Austur-Húnavatnssýslu.

**Staðsett í sveit:** Erum staðsett við sýslumörkin á Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, erum fyrir ofan Vatnsdalinn (horfum niður í hann).

**Ábúendur:** Hilmar Smári Birgisson og Sara Björk Þorsteinsdóttir eru ábúendur í gamla bænum sem afi og amma hans Hilmars bjuggu í.

Foreldrar Hilmars, Birgir Ingþórsson og Sigríður Bjarnadóttir, búa í húsi sem þau byggðu árið 1991.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Hilmar og Sara eiga tvo syni, Birgi Stein, sem verður 6 ára í haust, og Tryggva Þór, sem verður 3 ára í sumar. Gæludýrið þeirra er fjárhundurinn hann Tumi sem er 3 ára blanda af áströlskum fjárhund og border



collie. Síðan eru nokkuð margar vel valdar gæfar í húsunum.

**Stærð jarðar?** Jörðin Uppsalir er um 530 hektarar. Hins vegar nýtum við jörðina Melrakkadal sem foreldrar Hilmars eiga, sú jörð er 3.000 hektarar.

**Gerð bús?** Sauðfjárbúskapur og vélaverktaka.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Erum með 1.340 kindur og nokkur hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Eins og á flestum býlum þá er enginn dagur eins og einnig eru störfin árstíðabundin.

Á veturna, þegar búið er að taka kindurnar inn á hús, hefst dagurinn á skólaakstri, að honum loknum er gefin fyrri gjöf í húsunum. Eftir skólaakstur seinnipartinn er farið í seinni gjöfina. Þess á milli er farið í önnur tilfallandi störf, við skiptumst t.d. á að hlaupa í gripaflutninga með Bigga, sem og Sara vinnur utan bús sem hjúkrunarfræðingur. Á vorin á sauðburður hug okkar allan, síðan að koma fé á fjall. Einnig flytjum við fé á heiði fyrir nokkra nágranna okkar. Á sumrin er það heyskapur allt sumarið, þar sem við erum í heyverktöku. Rúllum 1.500 rúllur fyrir okkur, 6.500 fyrir aðra bæi hér í kring. Á haustin eru það hlaup upp á fjöllum eftir kindum, fjárrag og fjárflutningar fyrir SAH afurðir á Blönduósi.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Sauðburður er alltaf skemmtilegur og heyskapur í góðu veðri. Í rauninni finnst okkur ekkert leiðinlegt verk í sambandi við búskapinn, annars værum við líklega ekki með svona margt fé. Ætli veikir gripir og ullarflokkun sé ekki í neðstu sætunum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Framtíðarsýn Hilmars er: fleiri börn, fleiri kindur, ný fjárhús og sólpallurinn sem hann átti að smíða 2018.

Framtíðarsýn Söru: betri ræktun, betri afurðir.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum?** Ef horft er til innanlandsmarkaðar þá teljum við að bæta mætti framsetningu vöru í búðum, hafa umbúðir notendavænni og sýnileika vöru betri til þess að laða kúnnann að. Líkt og gert er með grænmetið, ekki hafa það í djúpum og dimmum kælum þar sem þarf að róta í misjmunandi kjöttegundum sem oft eru bara í poka.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, smjör, ostur, egg og AB-mjólk með bananabragði.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Heimagerðar kjötfarsbollur úr heimahökkuðu ærhakki.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar pabbinn sagði við eldri soninn að klukkan væri orðin of margt til þess að hann væri að koma með honum út í seinni gjöfina. Sá stutti var sko aldeilis ekki sáttur og fór fram í bakdyrainngang, klæddi sig sjálfur í útifötin tautandi við sjálfan sig hversu ómögulegur pabbinn væri. Fór út og stóð fyrir framan eldhúsgluggann fullklæddur, þar sem faðirinn sat enn við eldhúsborðið, og hrópaði inn um gluggann til hans: „Ef klukkan er of mikið þá átt þú að drífa þig," snerist á hæl og æddi upp í fjárhús.

MATARKRÓKURINN

# Pretzel hjúpað lamba-prime og grænmeti



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

## Pretzel hjúpað lamba-prime

### Hráefni

- 2 bollar saltstangir
- 1 bolli hveiti
- 3 stór egg
- 1 msk. Worcestershire sósa
- 2 rif ferskur hvítlaukur, saxaður fínt
- 3/4 tsk. þurrkuð eða ferskt rósmarín
- Lambakjöt að eigin vali, kótilettur eða lambaprime
- olía, eftir þörfum

*Aðferð*

Hitið ofninn í 175 gráður.

Setjið einn bolla af saltstöngum í matvinnsluvél, í heilar tvær mínútur þar til þær eru eins og hveiti. Blandið þeim saman við hveitið, þeytið eggin líka saman við, Worcestershire sósu, hvítlauk og hálfa teskeið af þurrkuð rósmaríni.

Brjótið saltkringlurnar sem eftir eru í matvinnsluvélina. Vinnið varlega þar til í blöndunni eru grófir molar, stærri en brauðmolar. Setjið í þrjár skálar, hveiti sér, egg sér og grófsaxaðar saltstangir – í þessari röð.

Hjúpið kjötið á báðum hliðum með mjölinu, hristið það sem umfram er, síðan er kjötið sett í eggið og síðan í grófsaxaðan saltstanga-mulninginn og þrýstið honum í kjötið svo hann festist betur. Setjið til hliðar.

Hitið þunnt lag af olíu í pönnu við meðalhita. Bætið við lambasteikum, nokkrum í einu, reynið að fylla ekki á pönnuna, svo kjötið soðni ekki. Ekki hreyfa lambið þegar það er komið á pönnuna. Þegar molarnir eru gullinbrúnir (um það bil ein til tvær mínútur), notið töng til að snúa hverjum bita við, eldið í eina til tvær mínútur til viðbótar, þar til molinn er orðinn gullinn. Setjið lambakjötið aftur í grind og haldið áfram þar til allt er búið. Þurrkið pönnuna á milli umferða og bætið við meiri olíu eftir þörfum. Setjið rekkann af lambakjötinu í ofninn og eldið lambið í 10 mínútur. Miðjan ætti samt að vera bleik eða eftir smekk.





## Ristað blómkál og brokkolí með parmesanosti og hvítlauk

Þessi heilsusamlega uppskrift með ristuðu spergilkáli, blómkáli, parmesan og hvítlauk er fljótleg og auðveld með aðeins fimm innihaldsefnum.

Ljúffeng leið til að bera fram grænmeti!

### Hráefni

- 1 haus spergilkál
- 1 haus blómkál
- ⅓ bolli ólífuolía
- 2 geirar hvítlaukur (saxaður)
- ⅔ bolli rifinn parmesanostur
- salt
- svartur pipar

*Aðferð*

Hitið ofninn í 200 gráður. Setjið á bökunarplötu með smjörpappír.

Blandið spergilkálinu og blómkáli í stóra skál.

Bætið ólífuolíu, hvítlauk og helmingnum af parmesanostinum út í. Blandið saman. Stráið sjávarsalti og svörtum pipar yfir og blandið síðan aftur.

Raðið grænmetinu á bökunarplötuna og gefið því gott svigrúm til að það festist ekki saman.

Bakið í 18–22 mínútur, þar til það er brúnað.

Rétt áður en það er borið fram, er aukaskammti af parmesanosti bætt við, eða því sem eftir er, og salti og pipar strád yfir eftir smekk.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Heklaðir pottaleppar

Heklaðir pottaleppar með stuðlum og tvíbrugðnum stuðlakrókum úr Drops Paris. Með því að skipta yfir í fíngerðara Drops bómullargarn er hægt að nýta uppskriftina til að gera hreinsiskífur.

**DROPS Design:** Mynstur w-822

Garnflokkur C eða A + A

**Garn:** Drops Paris, fæst í Handverkskúnst

- Salvíugrænn nr 62: 100 g í einn pottalepp
- Mosagrænn nr 25: 100 g í einn pottalepp

**Heklunál:** 3,5 mm

**Heklfesta:** 18 stuðlar x 10½ umferðir = 10x10 cm.



Stykkið er heklað í hring frá miðju og út.

Byrjið á að hekla loftlykkjuhringinn eins og útskýrt er í mynsturteikningu. Heklið eftir mynsturteikningu A.1 í byrjun umferðar 1 sinni, síðan er mynsturteikning A.2 endurtekin 6 sinnum, eða út umferðina.

Þegar mynsturteikningarnar hafa verið heklaðar til enda er haldið áfram að hekla í hring og aukið út eins og áður í hverri umferð, það er 2 stuðlar heklaðir í stuðul á undan hverjum tvíbrugðnum stuðlakróki. Heklið þannig þar til stykkið mælist ca. 21 cm í þvermáli.

Síðasta umferðin: Heklið 13 loftlykkjur, tengið í hring með 1 keðjulykkju í 3. loftlykkju frá byrjun (fyrstu 3 loftlykkjurnar koma í stað fyrsta stuðuls umferðarinnar – hinar 10 loftlykkjurnar eru lykkjan til að geta hengt upp pottaleppinn), heklið einungis stuðla út umferðina og aukið út eins og áður. Endið umferð á keðjulykkju í 3. loftlykkju frá byrjun. Slítið frá og gangið frá endum.

*Heklkveðja,*

*mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*

## Mynstur

= Byrjið hér! Heklið 6 loftlykkjur og tengið saman í hring með 1 keðjulykkju í fyrstu loftlykkju – sjá punkt í hring

= Umferðin byrjar með 3 loftlykkjum sem koma í stað fyrsta stuðuls, umferðin endar með 1 keðjulykkju í 3. loftlykkju

= 1 stuðull sem er heklaður um loftlykkjuhringinn

= 1 tvíbrugðinn stuðlakrókur sem er heklaður um stuðul/tvíbrugðinn stuðul, á framhlið á stykki

= 1 stuðull sem er heklaður í stuðul










**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | 9 | | 7 | |
| | 1 | 6 | | 2 | | | 4 | 9 |
| 5 | | | 7 | 6 | 3 | | | |
| 9 | | | | | 4 | 1 | 2 | 5 |
| | | 2 | 6 | 9 | 1 | 7 | | |
| 1 | 8 | 3 | 2 | | | | | 4 |
| | | | 1 | 5 | 6 | | | 7 |
| 3 | 7 | | | 4 | | 6 | 9 | |
| | 4 | | 9 | | | 2 | | 8 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 4 | | 5 | | 6 | 2 | |
| | | | 1 | | | | | 4 |
| 7 | 3 | | | 6 | 2 | | 9 | |
| 8 | 6 | 2 | | | 4 | 7 | | |
| | | 1 | | | | 5 | | |
| | | 7 | 8 | | | 4 | 3 | 6 |
| | 8 | | 7 | 4 | | | 5 | 1 |
| 2 | | | | | 3 | | | |
| | 7 | 9 | | 1 | | 8 | 6 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| | 7 | | | 3 | 4 | 1 | | 8 |
| 6 | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | | | 8 | 6 | 7 | |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| | 9 | 8 | 6 | | | | | |
| 4 | | 1 | | | | 5 | | 6 |
| 7 | | 9 | 5 | 1 | | | 2 | |
| | | | | 4 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 9 | | | 1 |
| | 4 | | | | | 8 | | 2 |
| | | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 8 | | 6 | | |
| | | 4 | 5 | | 7 | 1 | | |
| | | 5 | | 1 | | | | 7 |
| | | | | | 3 | | | |
| 8 | | 2 | | | | | 7 | |
| 3 | | | 9 | 7 | | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Á fiska, froska, kanínur, kisu, hund og hænur

**Rúnar Berg Vattar Hjartarson býr á Akranesi og á fiska, froska, kanínur, kisu, hund og hænur. Hann elskar að dansa, syngja og leika. Hann á þrjú systkini, tvö eldri og einn yngri bróður.**



**Nafn:** Rúnar Berg Vattar Hjartarson.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Búseta:** Akranes.

**Skóli:** Brekkubæjarskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** List- og verkgreinar.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Froskur.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari.

**Uppáhaldshljómsveit:** Billie Eilish.

**Uppáhaldskvikmynd:** Matthilda.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég var á bleyjunni að spila á trommur.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já, ég æfi Parkour og á trommur.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Leikari.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Handleggsbrjóta mig heima hjá Elísu vinkonu minni.

**Gerir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Leika við vini mína og fara á Vattarnes til ömmu og afa.

**Næst »** Rúnar Berg vill skora á Ástu Marín Einarsdóttur í Reykjavík að svara næst.

BÆKUR & MENNING



Kýr mjólkaðar á stöðli.

## Raufarfell undir Eyjafjöllum:

# Saga bæjar í ljósi þjóðarsögunnar

**Guðni Þorgrímur Þorvaldsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur tekið saman rit um bæinn Raufarfell undir Eyjafjöllum. Sagt er frá húsakosti, fólkinu sem þarna bjó, búfé, ræktun, örnefnum, smalamennskum, tækninýjungum og fleiru.**

Í inngangi ritsins segir Guðni að á Raufarfelli hafi lengi verið fjórbýli en hús hvers bæjar voru ekki aðskilin frá hinum heldur mynduðu húsin eina heild. „Það var burst við burst í langri húsaröð og svo var önnur styttri röð aftan við hina röðina. Svo voru fjárhús og hesthús utan raðanna.“

Guðni segir að fyrir tæpum 30 árum hafi hann farið að velta því fyrir sér að það þyrfti að teikna mynd af húsaröðinni eins og hún var áður en nútíminn gekk í garð. Það voru til ljósmyndir af flestum húsunum en engin ein mynd þar sem öll húsin voru með. Guðni fékk Thomas Stankiewicz arkitekt til að gera slíka teikningu fyrir sig. Myndin sýnir húsakostinn eins og hann leit út um 1940.

Hörður Ágústsson myndlistarmaður sá þessa mynd og langaði til að birta hana í bók sinni um íslenska húsagerðarsögu. Hann hvatti einnig til þess að húsunum væri lýst, sagt frá því til hvers einstök hús voru notuð, hvenær þau voru byggð, úr hvaða efni og svo framvegis. Guðni tók að sér að gera þetta en þegar því var lokið fannst honum að hann þyrfti að skrifa meira. Segja frá því hvernig gömlu húsin viku fyrir nýjum byggingum, segja frá fólkinu sem þarna bjó, búfé, ræktun, tækninýjungum, örnefnum, sögu staðarins og fleiru.

Hægt er að nálgast rafræna útgáfu af ritinu á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands: rit_lbhi_nr_129_raufarfell_2020_net_2.pdf

„Þó svo að ritið fjalli að mestu um Raufarfell þá er þessi bær hluti af sveit með mörgum bæjum sem mynda samfélag. Sveitin er svo lítill hluti Íslands og tengist öðrum hlutum landsins á ýmsan hátt. Sögu þessa bæjar verður því að skoða í ljósi þjóðarsögunnar og er því oft fjallað um hlutina í víðara samhengi en bara því sem snertir þennan bæ,“ segir Guðni.

*/VH*

SAMFÉLAGSRÝNI

# Um mörk og merkingar búfjár

**Um aldir hafa búfjáreigendur haft þann hátt á að eyrnamarka eða merkja sér sinn búpening á einhvern veg svo hver og einn geti sannað sinn eignarrétt. Við fjárrag vor og haust er þetta nauðsynlegt svo hver og einn geti dregið sér sínar kindur. Eins var þetta með hross meðan þau voru rekin á afrétt og er enn þá gert á vissum stöðum, síðan var þeim smalað og rekin til sundurdráttar í réttum.**



Um aldir hafa búfjáreigendur haft þann hátt á að eyrnamarka eða merkja sér sinn búpening á einhvern veg svo hver og einn geti sannað sinn eignarrétt. Mynd / Jón Eiríksson.

Nú hefur orðið veruleg breyting á þar sem skylt er að merkja allt búfé í eyra með plötumerki (plastmerki sauðfé nautgripir) eða örmerki í makka á hrossi. Eru þessi merki í sauðfé og nautgripi með einstaklingsnúmeri og bæjarnúmeri sem í flestum tilfellum er þægilegt að sjá á, ýmist tilsýndar eða við skoðun á eyra. Er þetta mjög til þæginda þegar unnið er við sauðfé og eins við nautgripi.

Lömb er skylt að merkja innan 30 daga frá fæðingu og kálfa 20 daga. Ásetningslömb er í nær flestum tilfellum ekki hægt að plötumerkja (fullorðinsmerki) í eyra fyrr en í lok sláturtíðar eða um 1. nóvember og síðar. Eru þá þessar kindur orðnar um 6 mánaða eða eldri.

Margir fjáreigendur vilja til öryggis hafa lambamerkið í og setja ásetningsmerkið í hitt eyrað. Er þetta gert því ef ásetningsmerkið glatast er frekar hægt að finna út hver kindin er svo öruggt sé. Ég hygg að í nær öllum tilfellum sjái fjáreigendur um þessi verk sjálfir án aðstoðar dýralækna eða annarra sem hafa leyfi til að fara með lyf.

Um hross virðast gilda allt aðrar reglur. Ásetningsfolöld er skylt að örmerkja í makka innan 10 mánaða aldurs og er það vel. Að öðru leyti samkvæmt laganna reglum virðast eyru á folöldum nær ósnertanleg, hvað mörkun með eyrnamarki eða plastmerki varðar. Ef folald er ómerkt eyrnamarkað skal það deyft á meðan og þá af dýralækni sem skráir lyfjanotkun, þar með þarf að örmerkja gripinn.

Um merkingu hrossa er hvergi minnst á plastmerki líkt og í nautgripum og sauðfé. Hér finnst mér sérkennilegur mismunur, kindin má vera 6 mánaða og eldri, lömb og kálfa hefi ég nefnt áður, þessar skepnur virðast ekki þurfa deyfingu, hvað veldur? Hér þarf skýringa við.

Hvers vegna má ekki einstaklingsmerkja folald í eyra og kenna það við móður sína, þar til því er slátrað, líkt og lambi og kálfi sínar mæður?

Ef folald er sett á til lífs er hægt að fjarlægja númer og tekur þá örmerki við. Hér á bæ er unnið við hryssur í samstarfi við Ísteka ehf. Væri það mjög til þæginda að fá rag í hrossunum ef merki væru í folöldunum. Það gerði ég s.l. sumar og fékk bágt fyrir af dýraeftirlitsmanni. Folöld sem fara í slátrun eru þá merkt líkt og lömb. Þá er þess að geta ef folald villist undan ómerkt og móðirin orðin því afhuga, þá getur orðið örðugt að sanna eignarrétt sinn á því ef á það reynir.

Því má spyrja, hvers vegna má ein búfjártegund (folöld) ganga ómerkt í allt að 10 mánuði, en aðrar í einn mánuð eða minna?

Ljóst er að mörkun og eða merking á folöldum er mun dýrari en á öðrum skepnum ef á að fara að reglum þar um. Dýralæknir nefndi í fljótheitum að kostnaður á folald yrði ca milli kr. 2.500 til 3.000. Því er augljóst að sú spurning vakni hvernig hægt sé að merkja folöld á hliðstæðan hátt og lömb og kálfa og með sambærilegum kostnaði? Ekki veit ég hvort nokkur kann skil á því hvort folaldið finnur meira til en kálfurinn eða lambið þegar merki eru sett í eyra.

Í nýútkomnum markaskrám fyrir Húnavatnssýslur (2020) eru fjallskilasamþykktir fyrir sýslurnar. Í þeim samþykktum er búfjáreigendum gert skylt að hafa glöggt mark á öllu sínu búfé (36 og 37 gr.) og eru hross þar ekki undanskilin. Í samtali við markaverði hefur engin athugasemd komið til þeirra um að fjallskilasamþykktirnar standist ekki.

Hér að framan hefi ég sett fram nokkrar spurningar sem gott væri að fá svör við og um leið skýringar, því mér finnst ekki sanngjörn mismunun á merkingum og mörkunum á þeim búfénaði er ég hefi nefnt hér að framan.

***Halldór Guðmundsson***

# Til varnar frumvarpi um hálendisþjóðgarð

**Í Bændablaðinu sem kom út fimmtudaginn 28. janúar sl. segir frá andstöðu Bláskógabyggðar við frumvarp um hálendisþjóðgarð. Ýmsar fullyrðingar eru settar þar fram sem verður að segja sem er að eru annaðhvort byggðar á misskilningi eða eru settar fram gegn betri vitund um staðreyndir. Byggt er á því sjónarmiði að þetta frumvarp feli í sér yfirtöku á eignarrétti og ráðstöfun hans.**

Lítum aðeins betur á þetta.

### *Hvað felst í eignarrétti?*

Eignarréttur getur verið mismunandi, annars vegar beinn eignarréttur sem felur í sér algjör yfirráð tiltekins landsvæðis eða hins vegar þegar eignarréttur er takmarkaður og hefur verið m.a. nefnd sem ítök í landi sem öðrum tilheyrir. Það kemur fram í rétti með einhver tiltekin afnot lands í huga eins og rétt til veiða, beitar, berjatínslu, skógarnytja, vatnstöku eða einhver önnur takmörkuð not sem fela í sér einhver tiltekin ítök.

Margsinnis hefur verið rætt um þennan mismun og er rétt að benda á rit dr. Gauks Jörundarsonar um þetta efni. Gaukur var lengi vel okkar helsti sérfræðingur og fræðimaður á sviði eignarréttar. Má benda á doktorsrit hans um eignarrétt og síðar kennslurit um sama efni. Sveitarstjórnir hafa fyrst og fremst haft forgöngu um ákveðin afnot lands t.d. sumarbeit hrossa og sauðfjár á afréttum. Þessi mál með eignarréttinn hafa að mestu verið útkljáð með úrskurðum Óbyggðanefndar og niðurstöðum Hæstaréttar þar sem deilum um eignarrétt hefir verið skotið til dómstóla. Eru því yfirstjórn hálendisins fyrst og fremst bundin við þennan takmarkaða eignarrétt hálendisins en felst ekki með óskoruðum eignarrétti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjóðgarðinum verði skipt í 6 hluta og eiga sveitarfélög innan hvers hluta að hafa yfirstjórn á því svæði.

Á það hefur verið bent að sveitarstjórnir verði að deila skipulagsvaldi sínu og þar með yfirráðum með öðrum sveitarstjórnum. Við þetta ber að athuga að þarna er í raun verið að bæta lýðræðisleg vinnubrögð enda er rétt að líta á hálendið meira sem eina heild fremur en að því sé skipt eftir einhverjum línum sem tilheyrir fremur eldri sjónarmiðum. Í dag ber okkur að taka tillit til annarra aðilja hvort sem eru einstaklingar, sveitarfélög eða allt samfélagið. Því miður er misbrestur á þessu, má til dæmis benda á að í nokkrum sveitarfélögum eru eigendur frístundahúsa algjörlega utan við ákvarðanatöku innan viðkomandi sveitarfélags enda þótt megintekjur þessara sömu sveitarfélaga séu fasteignagjöld af þessum sömu húsum.

### *Þjóðgarðshugmyndin kemur frá Bandaríkjunum*

Fyrstu þjóðgarðar heims voru stofnaðir fyrir nálægt hálfri annarri öld. Yellowstone þjóðgarðurinn var stofnaður 1872 og í tímaritinu Fálkinn segir frá honum árið 1929 og lesa má hér: https://timarit.is/files/13606128

Það verður að segja sem er að með stofnun þjóðgarða vestanhafs var tekið mjög skynsamlegt skref til að varðveita náttúru viðkomandi landsvæðis. Nú veit eg ekki hvort sveitarstjórnarfólkið í Bláskógabyggð hafi komið í bandarískan þjóðgarð og kynnt sér þessi mál. Mér þykir gagnrýni sveitarstjórnarinnar á frumvarpinu um Bláskógabyggð vera sem viðhorf eldri tíma.

### *Þjóðgarðsfrumvarpið 1928*

Senn er öld liðin frá því að við Íslendingar fengum okkar fyrsta þjóðgarð. Nú má skoða á heimasíðu Alþingis þingskjöl og ræður frá þinginu 1928. Frumvarpið um þjóðgarð á Þingvelli má lesa á þessari slóð: https://www.althingi.is/altext/pdf/40/s/0023.pdf

Þess má geta að framsögumaður þessa þingmáls var Jónas frá Hriflu. Áhugavert er að allur þingheimur var fylgjandi þessari hugmynd en komu með nokkrar tillögur um breytingar sem flestar voru samþykktar.

Fróðlegt er að bera saman þessi tvö frumvörp um friðun Þingvalla frá 1928 og frumvarpinu um hálendisþjóðgarðinn.

### *Meira af gagnrýni*

Lítum á þessa setningu sem gripin er úr Vísi 4. apríl 1928:

Eg er því algerlega mótfallinn, að þetta fyrirhugaða þjóðgarðsbákn komist á, því að mín skoðun er sú, að það komi að engu haldi og að þjóðin hafi ekki efni á að koma garðinum upp og halda honum við.

Heimild: https://timarit.is/files/14435343

Hljómar þetta ekki nokkuð kunnuglega í dag? Þessi sömu viðhorf vaða uppi í dag og eru nákvæmlega þau sömu og tíðkast nú nærri einni öld síðar. Já, sagan endurtekur sig, er haft eftir Tryggva Þórhallssyni.

### *Reynslan af Vatnajökulsþjóðgarði*

Austur á Höfn í Hornafirði hefur sveitarstjórnin tekið vel í þetta málefni en með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs urðu til nokkrir tugir starfa þar í héraðinu. Fjöldinn allur af ungu fólki hefur snúið aftur heim á æskuslóðir sínar eftir að afla sér menntunar og starfa núna við ýmis störf við þjóðgarðinn. Því er mikil von að innviðir heimabyggða verði traustari og í framtíðinni megi vænta að sífellt fleiri störf verði til. Það er beinlínis rangt að halda því fram að allt frumkvæði komi af höfuðborgarsvæðinu. Í raun hefur það enga aðkomu að stjórnun þjóðgarðsins nema að litlu leyti.

Ég leyfi mér að hvetja þær sveitarstjórnir sem fram að þessu hafa sett sig á móti frumvarpinu um hálendisþjóðgarðinn að skoða betur þetta mál. Rökin gegn þjóðgarðinum geta vart verið talin í takt við tímann.

***Guðjón Jensson,***
*leiðsögumaður og eldri borgari í Mosfellsbæ*

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Smáauglýsingar 56-30-300

HITAKÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.
Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Smáauglýsingasíminn er:
**563 0300**

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Fjölplógar á frábæru verði. Verðdæmi 3,2 m: kr. 718.000 +vsk. 2,9 m: kr. 675.000 +vsk. 2,5 m: kr. 625.000 +vsk. Margar aðrar stærðir í boði. 10% afsláttur á vallarbraut.is – s. 454-0050.



Snjótennur á bíla. 1,9 m, verð kr. 442.400 +vsk. 2,2 m verð kr. 564.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Mercedes Benz 519, árg. 2013, 4x4, 20 manna, ekinn 306.000 km. Verð 3,9 millj. kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Scania 420, árg. 2006. Ekin 528.000 km. Verð 2,4 millj. kr. +vsk. 390 milli hjóla. Uppl. í síma 894-8620.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 g. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.




Spænir í um 25 kg böllum. Frábær gæði. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opið frá kl. 13-16.30.




Fyrsta flokks ýsu bitaharðfiskur frá Sporði hf. Sendum um allt land og víðar. Sendið pantanir á spordur@spordur.is. 100 g fyrsti flokkur - 1.250 kr. (Magnafsláttur í boði) 500 g annar flokkur - 3.500 kr. (harður en bragðgóður) Hunda/katta-nammi 500 g = 1.750 kr.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Óska eftir amerískum Pickup. Helst eitthvað sem þarfnast lagfæringar að einhverju leyti, en ég skoða líka bíla í lagi á góðu verði. Endilega hringið eða sendið sms í síma 774-4441.



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu strandveiðibáturinn Diljá RE-39 (7196). Báturinn er Viking 700, traustur og stöðugur bátur með góða vinnuaðstöðu. 3 gráar DNG rúllur, kör og góð tæki. Nýlegt haffæri. Vélin er Yanmar 4JH3-HTE, 92 hestöfl, keyrð 2.700 klst. Verð 3,9 millj. kr. stgr. Uppl. í s. 899-7540.



Kerra fyrir tvö mótorhjól. Heildarburður 750 kg. Krossviðarbotn. Nefhjól og ljósabúnaður. Rampur fylgir. Sturtanleg. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is



Subaru Forester árg. 2003, ekinn 249.000 km. Skipt um tímareim við 170.000 km. Sjálfskiptur, topplúga, cruise control, krókur. Reyklaus, einn eigandi. S. 699-4047.



Hattat T4110 113hp Perkins. Verð kr. 6.400.000 +vsk. en kr. 7.650.000 +vsk. með tækjum. vallarbraut.is - s. 454-0050.



Til sölu Honda Jazz, árgerð 2005/12. Ekinn aðeins 51.500 km. Sjálfskiptur. Bílnum hefur verið afar vel við haldið og ekki farið mikið út fyrir malbikið. Lakkið er mjög gott og innrétting sömuleiðis. Bíllinn er á lítið slitnum vetrardekkjum. Verðhugmynd 400.000 kr. Uppl. í s. 862-6872 og í netfangið olafsson.po@gmail.com

VETRARTÆKI
– Mikið úrval á lager –



Fjölplógur PUV3300
Breidd 3,3m, án festiplötu
Verð: 865.000 kr.*
PRONAR



Fjölplógur PUV „M" Diagonal
Án festiplötu
2,6m Verð: 983.000 kr.*
2,8m Verð: 995.000 kr.*
3,3m Verð: 1.130.000 kr.*



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Án festiplötu
3,6m Verð: 1.390.000 kr.*
4,0m Verð: 1.490.000 kr.*

Festiplötur m.a. í boði:

| | |
|---|---|
| Slétt plata | Verð: 55.000 kr.* |
| 3-punkta | Verð: 55.000 kr.* |
| EURU/SMS | Verð: 55.000 kr.* |
| EURO stór | Verð: 55.000 kr.* |
| JCB 3CX hrað | Verð: 120.000 kr.* |
| CASE 580SR | Verð: 120.000 kr.* |

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk
Verð: 1.590.000 kr.*



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.480.000 kr.*

SILJUM



Snjóskófla m/ vængjum
D550 með fjaðrandi vængjum
Rúmmál 3,5 m3
Breidd 2,8 m
Heildar vinnslubreidd 5,2 m
Þyngd 1.300 kg
Verð: 2.550.000 kr.*
(Fjöldi annara stærða í boði.)

*Verð án virðisaukaskatts

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Tokvam®

Styrkur og gæði frá Noregi



Fjölplógur VT320
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- & sanddreifari, TSA2100
Vinnslubreidd: 1-10 metra.
Þyngd 1.070 kg / 4.220 kg
Mesta magn 2,1 m3. Glussadrif.



Snjóblásari F130H
Glussadrifinn, fyrir 1-3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



Snjóblásari F150 THS
Fyrir 25-45 hp vél.
Vinnslubreidd 150 cm.
Þyngd 260 kg.



Snjóblásari 256 THS Flex
Vinnslubreiddir 256-299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.
260 THS MONSTER
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260-275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160-300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

Framúrskarandi fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Austurvegi 69, 800 Selfossi
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is



Tiki kerra, tilvalin fyrir fjárflutninga kr. 715.700 án vsk. Háar grindur kr. 138.457 án vsk. Búvís. Sími 465-1332.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Scania r560 8x4, árg. 2013, ekinn 320.000 km, 16 rúmmetra pallur. Verð 10 mill. kr. +vsk. Uppl. í s. 894-8620.



Neuson 2003 RD, 2 tonna minivél, árg. 2011. Verð 3.200.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 780-5300.



Til sölu flatvagnar. Uppl. í s. 617-5192.



Isuzu D-max Pickup árg. 2007. Uppl. í s. 617-5192.



Til sölu MB.Actros 2643 árg. 2001, með palli og HMF 1823 krana. Ekinn 500.000 km. Uppl. í síma 617-5192.



Til sölu VW Caravelle 9/2010. Dísel 140hö. Sjálfskiptur. 9 manna. Nýtt í bremsum, diskar klossar og dælur. Nýskoðaður með 22 miða. Bíllinn er á nýjum nagladekkjum. Bíllinn er nýsmurður. Ýmis skipti koma til greina. Uppl. í s. 897-0999, Vignir.



Mitsubishi Pajero Instyle árg. 2018, ekinn 41.000 km. Uppl. í síma 660-6463.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Til sölu Liebherr 538 hjólaskófla, árg. 2005. Fjöðrun í gálga, smurkerfi, vél í mjög góðu standi á góðum keðjum, góð skófla, um 13 tonna vél. Verð 4.950.000 kr. +vsk. Leó s. 897-5300.



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af 2ja og 3ja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Gt flatvagn 45 feta, kr. 5.800.000 +vsk. 12 gámalásar, styttugöt 12t öxlar. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nugent sturtukerrur 3.500 kg. Verð kr. 1.280.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Snjóblásari 120 cm fyrir gamla grána, Cat1: kr. 275.000 kr. +vsk. Snjótönn 165x64 cm með vökvalyftu og skekkingu: kr. 175.000 +vsk. www.hardskafi.is - sími 896-5486.




Verdo gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. Opið frá kl.13-16.30. S. 894-5111 - www.brimco.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Toyota Land Cruiser, 150, árg. 2018, breyttur 35" ekinn 54.000 km, sjálfskipting, 7 manna, dökkgrár, lækkuð drifhlutföll. Verð 9.890.000 kr. Tilboð 8.890.000 kr. Uppl. gefur Benni í s. 846-8400.



Toyota Hilux 07, sjálfskiptur, ekinn 250.000 km. Ný tímareim. Snyrtilegur bíll. Verð 1.690.000 kr. Uppl. í síma 894-8620.



Dodge Ram 2500. 4x4, dísel, árg 2006. Ekinn 326.000 km. Verð 2,4 mill. kr. Uppl. í s. 894-8620.



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Afkastamiklir kurlarar, átta sortir í boði, með bensínvél eða fyrir traktorinn. Nýtt blað komið út á www.hardskafi.is - sími 896-5486.



Nugent 4320h, 3.500 kg. Verð frá kr. 1.190.000+vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.

## TIL SÖLU

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í síma **5905100** eða **sala@klettur.is**



### KOMATSU PC210

**Árgerð:** 2010
**Notaður:** 8.335 vst
Ný vökvadæla, hraðtengi, 1 skófla
**Verð:** 8.500.000 + vsk



### CAT 305C

**Árgerð:** 2007
Engcon rototilt og 3 skólfur, vinnuþyngd uþb. 5300 kg, gúmmíbelti
**Verð:** 4.950.000 + vsk



### VOLVO EC18E

**Árgerð:** 2019
**Notaður:** 141 vst
3x sóflur, breikanlegur undirvagn
**Verð:** 3.950.000 +vsk



### CAT 444F

**Árgerð:** 2014
**Notaður:** 4.800 vst
engcon rototilt, 2 skóflur
**Verð:** 11.200.000 + vsk



### VOLVO FM400

**Árgerð:** 2008
**Keyrður:** 329.000 km
8x4, zetterbergs pallur, beinskiptur
**Verð:** 4.000.000 + vsk



### LINDE E16

**Árgerð:** 2016
**Notaður:** 831 vst
Lyftihæð 4.620mm, hliðarfæsla á göfflum, gel rafgeymir, gámagengur
**Verð:** 1.860.000 + vsk

KLETTUR



Volvo EW 160, árg. 07, nýmáluð, ný dekk, 7.800 vst. Krabbi og rótottilt. Verð 7,5 mill. kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Til sölu gamall traktor til uppgerðar. Kemper heyhleðsluvagn, 25 rúmmetra og rúllubaggavagn sem tekur upp plastaðar heyrúllur sjálfur. Litlar plasttjarnir í garða. Uppl. í s. 824-2828.



Gas Gas EC50 2006. Hjól í góðu standi. Ekið 7.897 km. Ný keðja, tannhjól, rafgeymir, afturdekk o.fl. Hjólið er á númerum. Næsta skoðun 07-21. Verð 280.000 kr. Uppl. í síma 895-3466 eða gegnum netf. alli.ingvason@hotmail.com



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Hnífatætarar; 250 cm 4ra hraða kr. 765.000 +vsk. 230 cm kr. 545.000 +vsk. 180 cm kr. 325.000 +vsk. 150cm kr. 295.000 +vsk. Ellefu stærðir í boði og allir afhentir fullsamsettir og tilbúnir til notkunar. www.hardskafi.is - sími 896-5486.



Belmac keðjudreifarar. Til á lager 4,5cu og 7,5cu. Verð kr. 660.000 og 1.245.000 +vsk. vallarbraut.is – s. 454-0050.



Fjögur stk. flottar hótel eikarhurðir, spónlagðar. Vandaðar skrár og húnar. 2 stykki um 80 cm og 2 stk. um 90 cm breiðar. Karmar fylgja. Uppl. í s. 896-4494 á daginn.



Isuzu DMax árg. 2007, ekinn 271.000 km. Nýlega yfirfarinn og skoðaður til 2022. Góður og snyrtilegur bíll, tilbúinn hvert á land sem er. Upplýsingar í síma 891-9186, Guttormur.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Til sölu marmari á vegg 30x60. Uppl. í síma 693-5191, Elín.




Skarðsstrandarrolla og Einræður Steinólfs í Ytri-Fagradal. Skemmtiefni. Menningarefni. Sölusími 861-8993. Netfang: finnbh@simnet.is -Finnbogi Hermannsson.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Taðklær. Breiddir 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./ SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

**Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0300**

Bændablaðið



### HISPEC - HAUGSUGA

- SA-R 2600
- Dekk 800/65 R32 Alliance
- Dæla, 9.000l
- Stærð tanks 11.593l

**4.470.000 kr.***



### HISPEC - KEÐJUDREIFARI

- Stærð tunnu 7m³
- Dekk, 15x22.5
- Aflþörf 80HÖ

**1.699.000 kr.***



### STORTH- HAUGDÆLA

- 6" dæla með þrítengi
- Stillanlegar lengdir
- Að fullu galvaniseruð
- Skilvirk fjögurra blaða skrúfa

**1.216.000 kr.***



### MCCAULEY- MALARVAGN

- GP14, 14 tonn - 7,6m³
- Loft og vökvabremsur
- Dekk, 550/45x22.5
- 8mm Hardox botnplata
- LED afturljós, fjaðrandi beisli

**2.990.000 kr.***



### GIANT - G1500

- Lyftigeta: 1.000 kg
- Aksturshraði, 1-12 kmh
- 26HÖ
- Breidd, 890mm

**3.990.000 kr.***

* Verð miða við gengi evru 156
* Öll verð eru án vsk.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is




## Til sölu

Til sölu í Saab 95, árg. 1973, 2 vélar, 15 m og 17 m með gírkassa, geymdar í hitaðri geymslu í 20 ár. Óska eftir tilboði á ingthor@bremsan.is eða síma 820-0505.

Innkeyrsluhurð frá Hurðalausnum á Selfossi, Woodgrain Plancha RAL 8014. BxH 3000 x 2500 mm, þrír gluggar. Mótor: 1fasa, 220volt, tvær fjarstýringar. Verð 374.540 kr. Upplýsingar í s. 888-0550.

Hvít trapissuklæðning. Þykkt 0,45 mm. Lengdir 4,0-5,6 m. Alls 137 fm. Verð kr. 164.000 m. vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Hef til sölu básamilligerðir 130 cm, 150 cm og fyrir fullorðnar kýr. Einnig skágrindur og stólpa ásamt alls konar festingum. Mest er þetta 10-12 ára gamalt. Allt frá Landstólpa. Fer á hálfvirði. Gunnar, sími 861-1914.

Passap Duomatic 80 prjónavél með mótor til sölu. Vél í góðu ástandi, ný yfirfarin hjá Pfaff, búið að skipta um allar nálar. Verð 150.000 kr. Upplýsingar í s. 612-8624.

Patrol árg. 1998 til sölu, 6 cyl, 33" dekk gott kram. Skidoo snjósleði 1982. Upplýsingar í s. 849-5272.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur og alls kyns tónlist og tónlistartengt efni. Geri tilboð í söfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða olisigur@gmail.com

Óska eftir rörahandsnittisetti 3/8", 1/2". 3/4",1" , bakka og skralli. Uppl. í síma 893-2048.

## Atvinna

Rebekka, 18 ára frá Ítalíu, óskar eftir vinnu frá júlí-ágústmánaðar á hrossabúi. Hún býr að reynslu. Upplýsingar í gegnum netfangið Rebekka.wahlen@gmail.com

37 ára karlmaður óskar eftir atvinnu á sveitabýli þar sem þarf aukahendur fyrir næstkomandi tíð. Uppl. í síma 888-6442.

## Einkamál

Óska eftir að kynnast ljúfum, góðum, reglusömum og heiðarlegum karlmanni á aldrinum 65-73 ára. Ef þú ert einn og einmana, lyftu þá bara upp tólinu. S. 830-3290.

## Húsnæði

Par um fimmtugt, bæði í fastri vinnu, óska eftir að leigja hús á Norðurlandi í sumar, mánuðina júní, júlí og ágúst. Erum með 3 börn, 11-13 ára. Allir staðir skoðaðir, en við höfum augastað á Reykjadal, Mývatnssveit eða nærsveitum, eða Skagafirði og nærsveitum. Húsið þarf að vera í góðu ástandi. Við höfum ekki áhuga á þéttbýli en smærri þorp koma til greina. Áhugasamir sendi tölvupóst á leiga@mordur.com

Lítil kjallaraíbúð til leigu rétt hjá Hamraborg í Kóp. Herbergi, eldhús, snyrting. Sérinngangur. Hentar námsmanni/einstaklingi. Íbúðin er laus, 90.000 kr. pr. mán. m. hita/rafmagni. S. 842-2908.

## Jarðir

Til leigu jörð á Vesturlandi, 5 herbergja 124 fm íbúðarhús, fjárhús 833 fm með vélgengum áburðarkjallara, 183 fm hlaða. Laust 1. apríl 2021. saudfjarbu@gmail.com

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Húnabúð, lítið kaffihús með blóm og gjafavörur, staðsett við þjóðveg 1 á Blönduósi. Heimabakað bakkelsi að hætti Sillu. Verið velkomin.

**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*

www.bbl.is





















## Umhverfis- og auðlindaráðuneytið:
# Frumvarp um vernd, velferð og veiðar á villtum dýrum

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra mælti fyrir skömmu á Alþingi fyrir frumvarpi um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Um er að ræða heildarendurskoðun laga, sem kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.**

Í skýrslu nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra frá apríl 2013, sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðherra, voru ýmsar tillögur sem horft var til við gerð frumvarpsins.

Á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins segir að umhverfi málaflokksins hafi tekið töluverðum breytingum frá því núverandi löggjöf tók gildi fyrir 25 árum, til að mynda með aukinni áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, breyttum skuldbindingum Íslands á grundvelli alþjóðasamninga og fjölgun ferðamanna sem vilja skoða náttúru og dýralíf landsins.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra segir að lögfesting stjórnunar- og verndaráætlana fyrir villta dýrastofna sé í raun hjartað í þessu frumvarpi og meginbreytingin frá gildandi lögum um þetta efni.

„Með gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lagður mikilvægur grunnur að því að ávallt verði byggt á haldbærum, faglegum og vísindalegum upplýsingum við vernd, stýringu og stjórnun á stofnum villtra dýra. Á þeim aldarfjórðungi síðan lögin tóku gildi hefur margt tekið breytingum, ekki einungis í náttúrunni sjálfri heldur líka í afstöðu til nýtingar og umgengni við hana. Ég er sérstakur talsmaður þess að við leggjum vísindin að leiðarljósi í allri okkar ákvarðanatöku og þetta frumvarp er því kærkomin breyting á núgildandi lögum.“

Meðal helstu áherslna í frumvarpinu er aukin dýravernd og dýravelferð. Þá er kveðið á um að allar veiðar á villtum dýrum, þar með talið hlunnindaveiðar, eigi að vera sjálfbærar, mælt er fyrir um virka veiðistjórnun og veiðieftirlit á landinu öllu og að tekið verði með markvissum hætti á tjóni sem villt dýr og fuglar valdi. Þá er þar komið til móts við sérstakar þarfir veiðimanna sem bundnir eru við hjólastól. */VH*

BÆKUR & MENNING

## Funga:
# Í ríki sveppakóngsins

**Sveppir gegna lykilhlutverki í lífríkinu með því að umbreyta plöntu- og dýraleifum í einföld efnasambönd, sem plöntur og ýmis smádýr geta tekið upp, og viðhalda þannig hringrás næringarefnanna. Lífið í núverandi mynd væri óhugsandi án sveppa.**

Sveppaþræðir mynda víðfeðmt net í jarðvegi sem tengist rótum plantna og aðstoðar þær við fæðuöflun. Í sambýli við þörunga mynda þeir fléttur, sem geta jafnvel lifað á beru grjóti.




*Afmælisgjöf frá Þorsteini*

Þorsteinn Úlfar Björnsson, höfundur og útgefandi, fagnar 70 ára afmæli um þessar mundir og segir hann að bókin sé afmælisgjöf hans til íslensku þjóðarinnar og hana má finna á vefslóðinni: FUNGA ríki sveppakóngsins by Þorsteinn Úlfar. Bókin er ríkulega myndskreytt.

„Fyrir mörgum árum, á því herrans ári 1997, sendi ég frá mér bók sem heitir Villigarðurinn, garðyrkjuhandbók letingjans, og fjallaði um vistvæna umgengni við náttúruna, sérstaklega í garðinum. Að mínu mati var Villigarðurinn ekki nógu ítarleg í kaflanum um jarðveginn og lífið í honum. Jarðvegurinn er jú undirstaðan og sá hluti sem plönturnar lifa í og á. Þar er líka fjölbreyttasta lífið og enn er það ekki fullkannað. Við vitum ekki einu sinni hversu margar tegundir lifa þar. Þær gætu skipt milljónum, jafnvel milljörðum.

Í framhaldi af henni ætlaði ég því að skrifa bók um sveppi sem átti að verða nokkurs konar framhald hennar. Það hefur þó dregist því á þeim tíma sem liðinn er hafa komið fram sífellt nýjar upplýsingar um sveppi og þekking á þeim orðið aðgengilegri. Ég setti mér því það markmið að klára bókina áður en ég yrði sjötugur og gefa hana út á vefnum á afmælisdaginn.“

*Hvað eru sveppir?*

Ríki sveppakóngsins er flestum hulið enda sveppir lítt áberandi í náttúrunni nema skamman tíma ársins. Í bókinni veltir Þorsteinn fyrir sér spurningum eins og; hvað eru sveppir, hvaðan koma þeir og hvert er hlutverk þeirra í náttúrunni?

Að sögn Þorsteins eru sveppir ein af undirstöðulífverum alls annars lífs á jörðinni. „Þeir eru til dæmis nánast næstum eina lífveran á jörðinni sem getur lifað á grjóti og ein af fáum lífverum sem getur leyst upp harðasta berg og gert það aðgengilegt öðrum lífverum í formi steinefna. Sveppir eru lífverur sem búa til jarðveginn með aðstoð fjölda annarra smásærra lífvera og þeir eru alltaf að, dag og nótt, og taka sér aldrei frí. Það eru sveppir sem líma saman jarðveginn og búa til efni sem gera hann aðgengilegan öðru lífi.

Það er von mín að bókin muni að einhverju leyti bæta úr vanþekkingu, draga úr fordómum gagnvart sveppum og minnka hræðslu, en stundum fara jafnvel bestu áætlanir út í veður og vind og verkið verður allt annað en lagt var upp með.“ */VH*

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

PÓSTKASSAR
þessir sígildu -
sterkir úr stáli.
Verð 11.500kr

Léttitækni
Sími 567-6955
lettitaekni@lettitaekni.is

Varmadæluskjól
Vönduð - evrópsk framleiðsla

Tilboð
á meðan birgðir endast
kr. 27.990
Verð áður kr. 39.986
Kristján G. Gíslason EHF
-heildverslun síðan 1941
Varmadælubúðin
Allar frekari upplýsingar: www.kgg.is
www.kgg.is - 55-20000 - kgg@kgg.is

Lely Center Ísland
HAUGHRÆRUR


Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350



Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar
S: 527 2600


Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.
ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

# LANDSHÚS

**ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**

# KLETTAR HEILSÁRSHÚS

- **Klettar** eru sterkbyggð hús – sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
- Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
- Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni. Hentug lausn við þröngar aðstæður.
- Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
- Klettar eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.



**Klettar 65 – Grunnverð kr. 8.373.000,-**
**Klettar 80 – Grunnverð kr. 10.807.000,-**

Ítarlegar upplýsingar og afhendingarlýsingu má finna á vefsíðu okkar.

Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettar 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.

# JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



***Jöklar Flat*** *(24fm) kr. 2.900.000,-*



***Jöklar Burst*** *(grunnstærð 24fm) kr. 3.133.000,-*



***Jöklar íslensku húsin*** *(24fm) kr. 3.133.000,-*

## EININGAKERFIÐ *Með hagkvæmni að leiðarljósi*

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

## AFHENDINGARTÍMI

Afhendingartími á Klettum og Jöklum eru 12 vikur frá staðfestri pöntun.

## STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS